

Mánudaginn 12. maí 1952.

Nr. 62/1950. **Ákærvaldið** (Hermann Jónsson)

gegn

Alfons Guðmundssyni (Ragnar Jónsson),
Árna Pálssyni (Sigurður Ólason),
Friðrik Anton Högnasyni (Sveinbjörn Jónsson),
Garðari Óla Halldórssyni,
Gísla Rafni Ísleifssyni (Ragnar Ólafsson),
Guðmundi Helgasyni (Sveinbjörn Jónsson),
Guðmundi Jónssyni (Sigurgeir Sigurjónsson),
Guðmundi Björgvin Vigfússyni,
Hálfdáni Bjarnasyni,
Hreggviði Stefánssyni,
Jóhanni Péturssyni (Ragnar Ólafsson),
Jóni Múla Árnasyni (Egill Sigurgeirsson),
Jóni Kristni Steinssyni,
Kristjáni Guðmundssyni,
Kristófer Sturlusyni (Ragnar Ólafsson),
Magnúsi Hákonarsyni (Sveinbjörn Jónsson),
Magnúsi Jóel Jóhannssyni,
Ólafi Jenssyni (Egill Sigurgeirsson),
Páli Theódórssyni (Einar B. Guðmundsson),
Sigurði Jónssyni (Sveinbjörn Jónsson),
Stefáni Oddi Magnússyni,
Stefáni Sigurgeirssyni (Ólafur Þorgrímsson),
Stefáni Ögmundssyni (Egill Sigurgeirsson)
 og
Stefni Ólafssyni (Ragnar Ólafsson).

Upphlaup. Brot gegn 100. og 107. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 106. gr. sömu laga og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Dómur Hæstaréttar.

I.

Á öndverðu ári 1949 fóru fram umræður milli allmargra ríkja um stofnun varnarbandalags þess, er síðar var nefnt

Norður-Atlantshafsbandalagið. Kom brátt í ljós, að Íslandi mundi verða boðin þátttaka í samtökum þessum og að ríkisstjórnin og meiri hluti Alþingis mundu beita sér fyrir því, að Ísland gerðist aðili að hinum væntanlega milliríkjasáttmála. Hörð mótsþyrna reis gegn málinu. Reyndu andstæðingar þess eftir megni að vinna gegn þátttöku Íslands í væntanlegu varnarbandalagi og kröfðust þess, að þjóðaratkvæðagreiðsla yrði látin fara fram um hana.

Ríkisstjórnin lagði fram á Alþingi hinn 28. marz 1949 til lögu til þingsályktunar um þátttöku Íslands í Norður-Atlantshafsbandalaginu. Var ákveðið, að tillagan skyldi rædd við tvær umræður í sameinuðu Alþingi. Fyrri umræðan fór fram hinn 29. marz 1949. Var lögreglulið bæjarins þá kvatt til þess að gæta allsherjarreglu við Alþingishúsið. Allmikill mannfjöldi safnaðist þar saman, meðan á umræðum stóð, og um það leyti sem þingfundi var slitið, var árás með grjótkasti hafin á Alþingishúsið utan af Austurvelli, og brotnuðu þá allmargar rúður í húsinu. Ekki hefur orðið uppvíst, hverjir að þeim óeirðum stóðu. Bætt var úr spjöllum þeim, sem urðu á húsinu í þetta sinn, áður en þingfundur hófst næsta dag.

Önnur umræða um málið hófst á Alþingi kl. 10 að morgni hinn 30. marz, og stóð sá fundur óslitið, unz atkvæðagreiðslu lauk kl. 2.30 e. h. Þá um morguninn boðuðu fulltrúaráð verkafélagsfélaganna í Reykjavík og verkamannafélagið Dagsbrún til útifundar við Miðbæjarbarnaskólann til þess að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um málið, og skyldi fundurinn hefjast kl. 1 e. h.

Með því að uggvænt þótti, að til óeirða kynni að draga þenna dag, bauð lögreglustjóri út öllu lögregluliði bæjarins og lét lögreglumenn taka sér stöðu við þinghúsið og í því. Þá var og kvatt á vettvang allmikið varalið, búið lögreglutækjum og einkennum. Lögreglustjóri gerði og ráðstafanir til þess, að allmargir óeinkennisbúnir menn tækju sér stöðu við norðurvegg Alþingishússins. Skyldu þeir vera lögreglumönnum til aðstoðar, ef á þyrfti að halda.

Þar sem formenn þingflokka þeirra, sem studdu ríkisstjórnina, voru uggandi um starfsfrið Alþingis, skorðu þeir á friðsama borgara með dreifimiðum og í útvarpi að koma á

Austurvöll eftir hádegi þenna dag og stuðla með návist sinni að því, að Alþingi hefði starfsfrið.

Áðurnefndur útifundur við Miðbæjarbarnaskólann fór friðsamlega fram, og lauk honum kl. 1.30 e. h. Var þar samþykkt áskorun á Alþingi um að láta þjóðaratkvæðagreiðslu fara fram og valin þriggja manna nefnd til þess að koma áskoruninni á framfæri við Alþingi. Flestir fundarmanna munu síðan hafa haldið að Alþingishúsinu, og var þá mikill mannfjöldi þar saman kominn.

Um það, sem síðan gerðist, hafa margir lögreglumenn og ýmsir aðrir sjónarvottar borið vætti. Telja þeir, að fram undir kl. 1.30 hafi verið tiltölulega rólegt við Alþingishúsið, en eftir þann tíma hafi fljótlega farið að bera á háreysti. Hafi menn hrópað: „Þjóðaratkvæði“ og „Við heimtum svar“. Rétt fyrir kl. 2 tilkynnti ákærði Stefán Ögmundsson mannfjöldanum í hátalara, að formenn allra þingflokka nema Sósíalístaflökksins hefðu neitað að verða við óskum fundarins um þjóðaratkvæðagreiðslu. Óróamenn munu þegar um þetta leyti hafa tekið að kasta eggjum og síðan mold og grjóti í Alþingishúsið svo og að lögreglumönnum þeim og varnarliði, sem þar var fyrir. Eftir því sem næst verður komizt, hófst atkvæðagreiðsla á Alþingi um sjálfa þingsályktunartillöguna nálægt kl. 2 e. h. Eftir það jókst grjót- og moldarkast í Alþingishúsið og að lögreglumönnum og varnarliðinu. Brotnuðu nú margar rúður í gluggum og dyrum Alþingishússins. Flugu steinar og rúðubrot inn í þingsalinn, og gerðist mjög tvísýnt um starfsfrið og öryggi þingmanna. Mátti ekki við svo búið standa, og var því lögreglumönnum skipað að hefja aðgerðir til varnar Alþingi og þeir látnir ryðja fólki á brott frá Alþingishúsinu. Ruddu þeir svæðið fyrir framan húsið og norður undir stytta Jóns Sigurðssonar, en mættu harðsnúinni mótstöðu manna, sem beittu bæði grjóti og bareflum. Er lögreglumenn höfðu rutt svæðið, tóku þeir sér stöðu á norðurgangstétt Kirkjustrætis gegnt dyrum Alþingishússins. Árásarmenn létu ekki skipast við þessar aðgerðir lögreglumanna, heldur fylgdu þeim eftir og héldu áfram árásum á þá og þinghúsið.

Atkvæðagreiðslu lauk á Alþingi um kl. 2.30, og urðu mála-
lok þau, að 37 þingmenn greiddu atkvæði með tillöggunni, en

13 á móti. Sleit þá forseti sameinaðs Alþingis fundi, en mæltist til þess samkvæmt ósk lögreglustjóra, að þingmenn færu ekki út úr þinghúsinu, fyrr en lögreglustjóri teldi óhætt vegna upphlaupsins úti fyrir. létu þingmenn Sósíalístaflökksins í ljós nokkra óánægju út af þessu.

Nokkru síðar talaði ákærði Stefán Ögmundsson úr hátalara áðurnefndrar bifreiðar af nýju. Skýrði hann frá málalokum á Alþingi og lét þess getið, að þingmönnum Sósíalístaflökksins væri haldið sem föngum í Alþingishúsinu. Að vætti fjölda vitna náði upphlaupið hámarki sínu eftir þessa yfirlýsingu. Urðu lögreglumenn því ásamt varaliðsmönnum að gera aðra útrás, en tókst ekki að stöðva upphlaupið. Lá mörgum lögreglumönnum við stórmeiðingum, og var hætta á því, að þeir gætu ekki veitt alþingismönnum nauðsynlega vernd. Töldu yfirmenn lögreglunnar nú ekki verða hjá gasaðgerðum komizt, en létu, nær samtímis og gasi var beitt, tilkynna í hátalara áskorun til mannfjöldans að rýma Austurvöll. Var þetta tilkynnt einu sinni úr dyrum Alþingishússins, en mun lítt hafa heyrzt, enda háreysti mikil og gnýr úti fyrir og háttalarinn ekki í fullkomnu lagi. Er tár gasinu var beitt, flúðu árársarmenn og annað fólk undan því, en er gasinu létti, sóttu mjög margir aftur að lögreglumönnum, og varð að beita tár gasi öðru sinni, áður dygði.

Gerðar höfðu verið ráðstafanir til þess, að bifreiðar kæmu að Alþingishúsinu til að flytja alþingismenn þaðan. Komu þær nú, er gasaðgerðum var að ljúka, og komust alþingismenn slysalaust leiðar sinnar.

Í prófum málsins eru nafngreindir 6 lögreglumenn, sem urðu fyrir allmiklum meiðslum í upphlaupinu. Einn þeirra hlaut hættulegt lemstur. Auk þess fengu margir aðrir lögreglumenn áverka, aðallega af steinkasti. Nokkrir menn utan lögregluliðsins urðu og fyrir áverkum.

Eftir árásina var framhlið Alþingishússins ötuð mold og eggjum. Fjöldi af rúðum í gluggum hússins og aðaldirum voru brotnar, þ. á m. um 60 á framhlið þess. Einkum hafði grjóthríðinni verið beint að glugga þeim, sem er á bak við stól forseta sameinaðs Alþingis, en þar brotnuðu allar rúðurnar, 12 að tölu. Á strætinu fyrir framan Alþingishúsið og á suður-

hluta Austurvallar voru dreifar af mold og grjóti, sem kastað hafði verið, en hraungrýti hafði verið rifið mjög úr gangstígabrúnum vallarins og notað sem kastvopn.

II.

Lögreglumenn urðu þess ekki varir, að árásin á Alþingi 30. marz væri skipulögð né að fyrir henni stæðu nokkrir forsprakkar. Benda atvik málsins ekki til þess, að stofnað hafi verið fyrirfram til samtaka um árásina. Hins vegar er ljóst af prófum og öðrum gögnum málsins, að þarna á staðnum varð upphlaup, þar sem samtök urðu í verki um að veitast með ofbeldi að Alþingi. Með því að öryggi og starfsfriði Alþingis og þar með sjálfræði þess var hætta búin af árásinni, var þátttaka í henni, meðan alþingismenn voru saman komnir, brot á ákvæðum 1. mgr. 100. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þar sem árásin var framin af mannsöfnuði í upphlaupi, varðar þátttaka í henni einnig við 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun.

Upphlaupinu var stefnt að Alþingi, en löggæzlumenn voru því til verndar. Var því árás á löggæzluliðið og einstaka lögreglumenn, meðan upphlaupið stóð yfir, árás á varnir Alþingis, er varðar við sömu hegningarlaga greinar. Tekur þetta einnig til orða og athafna, sem hvöttu menn eða æstu til árása. En mismunandi saknæma þátttöku einstakra manna verður að meta eftir hlutdeildarreglum samkvæmt 22. gr. laga nr. 19/1940.

Athafnir ákærðu, sem þeir eru saksóttir fyrir, standa allar í svo nánu sambandi við upphlaupið, að fullkomin heimild var til að sækja þá til saka í einu og sama máli.

III.

Ekki hefur orðið uppvíst, hverjir voru valdir að áverkum á lögreglumönnum. Ekki er heldur leitt í ljós, hverjir brutu með grjótkasti glugga í þingsal sameinaðs Alþingis, meðan Alþingi sat þar að störfum, eða ullu öðrum spjöllum á Alþingishúsinu í upphlaupinu.

Eins og áður er greint, gerðu lögreglugyfirvöld tilraun til að skora á mannfjöldann að rýma Austurvöll, nær samtímis því,

að fyrri gasaðgerðunum var beitt. Það var miður farið, að ekki var skorað á mannsöfnuðinn að sundrast, áður en lög-regluaðgerðir hófust, en þar sem lögreglumenn urðu að snúast til varnar gegn upphlaupsmönnum, sem þegar höfðu hafið árásir á Alþingi og varnir þess, getur vöntun á slíkri áskorun á engan hátt gert aðgerðir lögreglunnar ólögmetar.

Verður nú rakinn þáttur hvers hinna ákærðu :

1. Ákærði Stefán Ögmundsson.

Ákærði Stefán Ögmundsson var einn þeirra manna, sem kosinn var á útifundinum við Miðbæjarbarnaskólann til að koma ályktun fundarins á framfæri við Alþingi. Eftir að hann hafði gert það, talaði hann til mannfjöldans í hátalara, sem settur hafði verið í samband við bifreið, er stóð fyrir sunnan Hótel Borg. Gerðist þetta, eftir því sem næst verður komizt, rétt fyrir kl. 2 e. h. Var efni ræðu hans það samkvæmt sjálfs hans frásögn, að nefnd sú, sem farið hafði með tillögu fundarins til Alþingis, hefði ekki fengið að fara inn í þinghúsið, en Sigurður Guðnason alþingismaður hefði flutt tillöguna í ræðu. Formenn allra þingflokka nema Sósíalista-flokksins hefðu svarað neitandi óskum þeim, sem í tillögunni fólust. Vitni eru ekki samsaga um það, hvort orð hans hafi haft æsandi áhrif, og þykir varhugavert að staðhæfa, að ákærði hafi hlotið að sjá, að orð hans myndu stuðla að árás á Alþingi. Ber því að sýkna hann af ákæru um brot á lögum nr. 19/1940, að því er þessa háttsemi varðar, en tilkynning hans í hátalara án leyfis lögregluþfirvalda varðar hann refsingu samkvæmt 1. og 3. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930.

Nokkru síðar talaði ákærði til mannfjöldans, þar sem ákærði var staddur í mannþröng í Kirkjustræti. Kveðst hann hafa orðið þess var, að heldur illa hafi heyrzt til hans í háttalaranum, og hafi hann því endurtekið það, sem hann hafði áður mælt í háttalaranum, þó með öðru orðalagi. Eitt vitni hefur borið, að ákærði hafi þá viðhaft þau orð, að yrði ekki látið ganga þjóðaratkvæði um þátttöku Íslands í Norður-Atlantshafsbandalaginu, „þá skyldu þeir taka á móti þeim, þegar þeir kæmu út“. Annað vitni kveðst hafa heyrt ræðumann kveða

barna þannig að orði, en hefur ekki treyst sér til þess að fullyrða, að ræðumaðurinn hafi verið ákærði Stefán Ögmundsson. Hins vegar hafa vitni, sem hlustuðu á mál ákærða, lýst því, að þau hafi ekki heyrt hann viðhafa slík orð. Að svo vöxnu máli þykir ekki komin fram næg sönnun þess, að ákærði hafi mælt þessi orð, og ber því að sýkna hann af þessu ákæruatriði.

Nokkru eftir að þingfundi var slitið, kveðst ákærði hafa átt símtal við Einar Olgeirsson alþingismann, sem staddur var í þinghúsinu. Kveður hann Einar hafa tjáð sér, að þátttaka Íslands í Atlantshafsbandalaginu hefði verið samþykkt með 37 atkvæðum gegn 13. Einnig hafi Einar tjáð sér, að þingmenn væru ekki frjálssir ferða sinna úr þinghúsinu og væru þeir sem fangar þar. Einar Olgeirsson hefur neitað fyrir dómi að svara spurningum varðandi þetta símtal. Ákærði kveðst hafa verið staddur í húsinu nr. 1 við Þórsgötu, er símtal þetta fór fram. Hafi hann síðan farið niður að þinghúsi og hitt þar ákærða Stefán Odd Magnússon, sem hafði umráð bifreiðar þeirrar og hátalara, er ákærði Stefán Ögmundsson hafði áður notað, þegar hann ávarpaði mannfjöldann. Fékk ákærði Stefán Ögmundsson nú leyfi ákærða Stefáns Odds Magnússonar til þess að tala til mannfjöldans í hátalarann. Samkvæmt játningu ákærða Stefáns Ögmundssonar og vætti vitna lýsti hann því í ræðu sinni, að þátttaka Íslands í Atlantshafsbandalaginu hefði verið samþykkt með 37 atkvæðum gegn 13, og viðhafði orðið „landráðasamningur“ í því sambandi. Loks lét hann þess getið, „að þingmenn Sósíalístaflokksins“ væru „fangar í þinghúsinu“. Fjöldi vitna, bæði lögreglumenn og aðrir, hafa borið, að þessi ræða hafi haft æsandi áhrif á mannfjöldann. Er ljóst af vitna-skýrslum og öðrum sakargögnum, að harðasta grjóthríðin að þinghúsinu hófst eftir ræðu þessa. Reyndu lögreglumenn að verja þinghúsið með kylfum, en það bar ekki árangur, og varð þá að grípa til tárágass, svo sem áður segir.

Þegar ákærði Stefán Ögmundsson talaði að þessu sinni til mannfjöldans í hátalarann, stóð yfir upphlaup og árás á Alþingi. Honum hlaut því að vera ljóst, að orð hans mundu enn magna upphlaupið og árásina og stofna öryggi Alþingis og

alþingismönnum í enn meiri hættu. Varðar þetta brot hans við 1. mgr. 100. gr. sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 svo og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Ákveðst refsing hans fangelsi 12 mánuði. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda ákærða.

2. *Ákærði Stefán Oddur Magnússon.*

Ákærði Stefán Oddur Magnússon hafði umráð yfir bifreið þeirri og hátalara, sem ákærði Stefán Ögmundsson notaði, er hann talaði til mannfjöldans. Með því að eiga hlut að því, að hátalarinn var notaður á þessum stað, hefur ákærði Stefán Oddur Magnússon gerzt brotlegur við 1. og 3. gr. lögreglu-samþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930. Hins vegar verður ekki alveg fullyrt, að honum hafi hlotið að vera ljóst, að ákærði Stefán Ögmundsson mundi í síðara skiptið halda ræðu, er væri löguð til þess að magna upphlaupið. Ber því að sýkna hann af ákæru um brot á ákvæðum laga nr. 19/1940. Refsingu ákærða Stefáns Odds Magnússonar fyrir framangreint brot hans verður að meta með hliðsjón af því, að upphlaup stóð yfir, og þykir hún hæfilega ákveðin samkvæmt 96. gr. lög-reglusamþykktarinnar, sbr. lög nr. 14/1948, kr. 2500.00 sekt í bæjarsjóð Reykjavíkur, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

3. *Ákærði Guðmundur Björgvin Vigfússon.*

Með skírskotun til þess, sem segir í héraðsdómi, ber að staðfesta ákvæði hans um sýknu ákærða Guðmundi Björgvin Vigfússyni til handa.

4. *Ákærði Stefán Sigurgeirsson.*

Eitt vitni hefur borið, að ákærði hafi verið fyrir framan Alþingishúsið, skömmu áður en tekið var að beita gasi, látið þar ófriðlega og beygt sig niður eins og til að taka upp stein. Ann- að vitni kveðst á svipuðum tíma hafa séð ákærða í kaststöðu.

Ákærði hefur játað, að hann hafi verið við Alþingishúsið, er upphlaupið varð. Kveðst hann hafa hörfað undan fyrri-gas-aðgerðinni, en snúið aftur til þinghússins, orðið fyrir kylfu-

höggi, tekið upp stein og kastað honum. Ekki er vitað, hvar steinninn lenti.

Af gasaðgerðum lögreglunnar hlaut ákærða að vera ljóst, að yfirvöldin voru að tvístra upphlaupinu og ætluðust til þess að hann og aðrir færu af vettvangi. Með afturhvarfi sínu til þinghússins að gasaðgerð lokinni og steinkastinu hefur hann gerzt þátttakandi í upphlaupinu, og varðar brot hans við 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma og sviptingu réttinda ákærða.

5. *Ákærði Stefnir Ólafsson.*

Hinn 23. janúar 1952, eftir að héraðsdómur gekk, var ákærða dæmt í sakadómi Reykjavíkur fangelsi 3 mánuði og svipting kosningarréttar og kjörgengis fyrir brot gegn 244., 247. og 254. gr. laga nr. 19/1940. Auk þess hefur ákærði eftir uppsögu héraðsdóms verið sektaður 9 sinnum ýmist fyrir ölvun einvörðungu eða ölvun og óspektir.

Mörg vitni hafa borið, að þau hafi séð ákærða beina köstum að Alþingishúsinu, og sjálfur hefur hann játað, að hann hafi kastað eggjum og mold m. a. að einum varaliðsmanni. Þá er og leitt í ljós, að hann tók þátt í hrópum óspektarmanna og hafði í frammi æsilegt hátterni. Með þessari þátttöku sinni í upphlaupinu hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 7 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma og sviptingu réttinda ákærða.

6. *Ákærði Magnús Hákonarson.*

Ákærði hefur kannast við að hafa verið staddur við Alþingishúsið umræddan dag frá því kl. um 1 e. h. Að vætti lögreglumanns hafði hann þar æsilegt hátterni í frammi. Samkvæmt vætti annars lögreglumanns kastaði hann einhverju nokkrum sinnum í áttina til þinghússins. Þriðja vitnið

kveður hann hafa rifið upp grjót og varpað því að lögreglunni og hjálparliði hennar. Ákærði hefur játað, að hann hafi kastað mold í Alþingishúsið, áður en til átaka kom. Lögreglan ruddi honum ásamt öðru fólki frá Alþingishúsinu, en hann sótti þangað aftur. Í bæði skiptin, sem lögreglumenn beittu gasaðgerðum, hélt hann undan, en kveðst hafa tekið upp mold nokkrum sinnum á undanhaldinu, búið til kúlur og kastað þeim í áttina til lögreglumannanna. Ákærði var handtekinn á Austurvelli, eftir að hann hafði orðið fyrir nokkrum meiðslum af skoti úr gasbyssu. Gegn neitun ákærða er ekki sannað, að hann hafi kastað grjóti, en með annarri hegðun sinni, sem lýst er að framan, hefur hann gerzt þátttakandi í upphlaupinu, og varðar brot hans við 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Með hliðsjón af 2. tölulið 74. gr. nefndra laga þykir refsing ákærða, sem var einungis 17 ára að aldri, er hann drýgði brot sitt, hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma ákærða.

Með hliðsjón af æsku ákærða ákveðst, að refsingu hans skuli fresta og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

7. Ákærði Jón Kristinn Steinsson.

Ákærði var á Austurvelli gegnt Alþingishúsinu, er lögreglumenn ruddu fólki á brott, rétt áður en gasi var beitt. Að vætti tveggja varaliðsmanna var ákærði í hópi manna, sem óspektir höfðu í frammi og lögreglumenn voru sendir gegn. Annar varaliðsmaðurinn kveður ákærða auk þess hafa kastað mold eða grjóti að lögreglunni. Ákærði kveðst hafa fengið kylfuhögg á hægri öxl, er gasaðgerðir hófust. Hafi hann þá gripið stein, tæplega hnefastóran, og varpað honum í áttina að varaliðsmönnum, en ekki er vitað, hvar steinninn lenti. Þessi þátttaka ákærða í upphlaupinu var brot á 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 7 mánuði.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 ber að svipta

ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almenkra kosninga frá birtingu dóms þessa.

8. *Ákærði Friðrik Anton Högnason.*

Ákærði kannast við, að hann hafi verið staddur á Austurvelli, er lögreglumenn gerðu útrás. Hafi þá varaliðsmaður slæmt til hans kylfu, en ákærði snúizt gegn honum, tekið af honum kylfuna eftir nokkrar sviptingar og haft hana á brott með sér. Þessi háttsemi ákærða var þátttaka í upphlaupinu og varðar við 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Ákærði var 21 árs, er hann drýgði brot sitt, og hefur hann játað það hreinskilnislega. Ákveðst því, að refsingu hans skuli fresta og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

9. *Ákærði Jóhann Pétursson.*

Samkvæmt vætti eins lögreglumanns og játningu ákærða tók hann upp gassprengju, sem varpað hafði verið að mannfjöldanum, og kastaði henni að hópi lögreglumanna, og sprakk sprengjan þar. Þessi háttsemi ákærða var þátttaka í upphlaupinu og varðar við 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði.

10. *Ákærði Gísli Rafn Ísleifsson.*

Samkvæmt vætti eins óeiðfests vitnis kastaði ákærði hvað eftir annað grjóti að lögreglumönnum, sem voru við Alþingishúsið að setja á sig gasgrímur. Að vætti annars vitnis barði lögreglumaður ákærða með kylfu, en ákærði tók þá upp stein og kastaði honum að lögreglumanninum. Sjálfur hefur ákærði játað, að hann hafi kastað mold að lögreglumanni, sem hafi slegið til hans, áður en gasi var beitt. Verður ekki talið sannað, að ákærði hafi kastað öðru en mold að lögreglumanni. Þessi háttsemi ákærða var þátttaka í upphlaupinu og varðar við 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og

107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði, en refsingu hans, sem var 21 árs að aldri, er hann drýgði brotið, skal fresta og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

11. *Ákærði Árni Pálsson.*

Að vætti lögreglumanns og samkvæmt játningu ákærða sjálfs kastaði hann eggi að varaliðsmönnum þeim, sem voru við Alþingishúsið umræddan dag. Þetta gerðist, eftir að byrjað var að kasta að þinghúsinu. Með þessu hefur ákærði gerzt þátttakandi í upphlaupinu, og varðar brot hans við 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði, en refsingu hans, sem var 21 árs, er hann drýgði brot sitt, skal fresta, og niður skal hún falla eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

12. *Ákærði Kristján Guðmundsson.*

Hinn 2. janúar 1952, eftir að héraðsdómur gekk, var ákærða dæmt í sakadómi Reykjavíkur fangelsi 3 mánuði og svipting kosningarréttar og kjörgengis fyrir brot gegn 1. mgr. 142. gr. sbr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 16. gr. laga nr. 33/1935.

Ákærði var staddur við Alþingishúsið frá því eftir hádegi umræddan dag, þar til skömmu eftir að tilkynnt hafði verið í hátalara, að þingmenn Sósíalístaflokksins væru lokaðir inni í Alþingishúsinu. Að vætti tveggja óeiðfestra vitna lét ákærði ófriðlega og kastaði skeytum að Alþingishúsinu, en ekki sáu þau, hverju hann kastaði. Sjálfur hefur ákærði játað, að hann hafi kastað moldarköggli að varnarliði Alþingis. Þá er og sannað með játningu ákærða og vætti eins vitnis, að hann veittist að ljósmyndara, sem var þar að taka mynd, og hratt honum. Ákærði hefur því gerzt þátttakandi í upphlaupinu, og varðar brot hans við 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 svo og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.

13. *Ákærði Guðmundur Helgason.*

Með játningu ákærða og vætti vitnis er sannað, að hann kastaði eggjum að Alþingishúsinu og varnarliði því, sem þar var. Þetta gerðist, eftir að byrjað var að kasta mold og grjóti að Alþingishúsinu. Með þessu hefur ákærði gerzt þátttakandi í upphlaupinu, og varðar brot hans við 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði.

Refsingu ákærða, sem var 21 árs að aldri, er hann drýgði brot sitt, skal fresta, og niður skal hún falla eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

14. *Ákærði Alfons Guðmundsson.*

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi komið að Alþingishúsinu um kl. 3 e. h. nefndan dag og dvalizt þar um hríð. Með vætti lögreglumanna og játningu ákærða er sannað, að hann réðst, þegar upphlaupið var í algleymingi, að lögreglumanni, sem var þarna að starfi í einkennisbúningi, og sló hann hnefahögg í andlitið. Taldi ákærði sig hafa orðið fyrir kylfuhöggi, er lögreglumaðurinn var að reka hann ásamt öðru fólki frá Alþingishúsinu, en eigi réttlætir það á neinn hátt atferli ákærða. Því næst reif hann upp allstóra hraunhellu og kastaði henni í bræði að lögreglumanninum, en hæfði hann ekki. Um svipað leyti fékk maður nokkur ákærða barefli, og beitti hann því gegn lögreglumönnum, en eigi er í ljós leitt, hvort hann kom höggi á þá. Með framangreindu atferli hefur ákærði gerzt þátttakandi í upphlaupinu, og varðar brot hans við 1. mgr. 100. gr. sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 12 mánuði, en refsingu ákærða, sem var einungis 18 ára, þegar hann drýgði brot sitt, skal fresta, og niður skal hún falla eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin. Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

15. *Ákærði Páll Theódórsson.*

Ákærði kom að Alþingishúsinu um kl. 1.30 e. h. og dvaldist þar til þess, er tárágassprengjum var kastað.

Með vætti vitnis og játningu ákærða er sannað, að hann kastaði tveimur eggjum að Alþingishúsinu og varnarliði því, er þar var. Með þessu hefur hann gerzt þátttakandi í upphlaupinu, og varðar brot hans við 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Ákveðst refsing hans fangelsi 3 mánuði. Refsingu ákærða, sem var 20 ára, er hann drýgði brot sitt, skal fresta og niður skal hún falla eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 eru haldin.

16. *Ákærði Garðar Óli Halldórsson.*

Ákærði kom niður að Alþingishúsi um kl. 2 e. h. umræddan dag og fór ekki af vettvangi, fyrr en tárágassprengjum hafði verið kastað. Að vætti eins vitnis lét hann þar illa og ófriðlega. Ákærði kannast við, að hann hafi kastað stólfæti að einkennisbúnum lögreglumanni, sem var að reka ákærða og annað fólk frá Alþingishúsinu, er upphlaupið stóð sem hæst. Kveður vitnið lögreglumann þenna hafa áður greitt sér kylfuhögg í ógáti, en eigi réttlætir það á neinn hátt atferli ákærða. Með þessum verknaði hefur ákærði tekið þátt í upphlaupinu og með því gerzt brotlegur við 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun.

Með hliðsjón af fortíð ákærða, sem m. a. tvívegis hefur gerzt sekur um líkamsárásir, ákveðst refsing hans fangelsi 5 mánuði. Svo þykir og rétt af sömu ástæðu og með skírskotun til 3. mgr. 68. gr. framangreindra laga að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

17. *Ákærði Ólafur Jensson.*

Ákærði var á útifundinum við Miðbæjarbarnaskólann og fór þaðan að Alþingishúsinu. Var hann þar, þangað til beitt hafði verið tárágasi. Hann kveðst hafa farið á brott, er gasaðgerðir hófust, en kom fljótt aftur á vettvang. Er lögreglumenn ráku

hann og annað fólk frá Alþingishúsinu, greip hann á flóttanum tárageassprengju, sem varpað hafði verið fram fyrir hann, og kastaði henni aftur fyrir sig í áttina að lögreglumanni, sem hann hörfaði undan. Tveir varaliðsmenn hafa borið, að ákærði hafi ráðizt á lögreglumann, og sjálfur hefur hann sagt, að vel geti verið, að hann kunni að hafa stjakað við lögreglumanninum. Með framangreindu framferði hefur ákærði tekið þátt í upphlaupinu, og varðar það við 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.

18. Ákærði Hálfván Bjarnason.

Ákærði hefur játað, að kl. að ganga sex síðdegis umræddan dag hafi hann farið niður að Alþingishúsi. Voru þingmenn þá farnir úr þinghúsinu og upphlaupinu lokið. Er hann var þangað kominn, þreif hann reiðhjól, sem stóð við austurhlið hússins, henti því í glugga í húsinu og braut rúðu. Hélt hann síðan brott. Þegar ákærði framdi verknað þenna, var margmenni enn á vettvangi og lögreglumenn til varnar Alþingishúsinu. Verður að telja, að atferli ákærða hafi falið í sér hótun um ofbeldi gegn vörnum Alþingis. Varðar brot ákærða við 106. gr. laga nr. 19/1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 30 daga.

Þegar litið er til þess, að ákærði játaði ótilkvaddur brot sitt, þykir rétt að ákveða, að refsingu hans skuli fresta og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

19. Ákærði Jón Múli Arnason.

Með eiðfestum framburði tveggja varaliðsmanna er sannað, að ákærði kastaði steini að varaliðsmönnum lögreglunnar, meðan upphlaupið stóð sem hæst, en ekki virðist sá steinn hafa hæft neinn þeirra. Með þessu atferli hefur ákærði gerzt þátttakandi í upphlaupinu, og varðar það brot hans við 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

20. Ákærði Sigurður Jónsson.

Með skírskotun til þess, sem greinir í héraðsdómi, þykir varhugavert að telja nægilega sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um refsivert atferli, enda eru vitni þau óeiðfest, sem um hegðun hans hafa borið. Ber því að sýkna hann af ákæru í máli þessu.

21. Ákærði Magnús Jól Jóhannsson.

Ákærði var staddur við Alþingishúsið frá því kl. rúmlega 1. e. h., þar til tárágassprengjum var kastað, en þá hvarf hann af vettvangi. Vitni hafa borið, að hann hafi verið þarna í hópi manna, sem köstuðu grjóti að Alþingishúsinu, og að hann hafi látið ófriðlega, en ekkert vitni hefur séð hann kasta grjóti eða öðru, og sjálfur hefur hann neitað því staðfastlega. Eitt vitni hefur borið, að ákærði hafi eggjað menn til að kasta grjóti. Annað vitni segir, að hann hafi hvatt menn til þess að sækja barefli, og þriðja vitnið, að hann hafi eggjað menn til þess að ráðast inn í Alþingishúsið. Með framburði þessara þriggja vitna þykir leitt í ljós, að ákærði hafi látið ófriðlega, meðan á upphlaupinu stóð, og æst menn upp. Með þessu framferði hefur ákærði gerzt þátttakandi í upphlaupinu, og varðar brot hans við 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 7 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um gæzluvarðhaldstíma ákærða og sviptingu réttinda hans.

22. Ákærði Hreggviður Stefánsson.

Tveir lögreglumenn gáfu skýrslu um, að þeir hefðu séð hóp ungmenna kasta eggjum að Alþingishúsinu. Þeir þekktu ekki þessa menn, en einn þeirra, ákærði Guðmundur Helgason, sagði öðrum lögreglumanninum til nafns síns, en síðan hafa lögreglumennirnir lýst því fyrir dómi, að þeir hafi síðar

þekkt ákærða Hreggvið Stefánsson sem einn þessara manna. Ákærði hefur stöðugt neitað því, að hann hafi tekið þátt í eggjakasti. Lögreglumennirnir voru ekki látnir benda á ákærða í hópi manna. Að svo vöxnu máli þykir varhugavert að fulltreysta skynjan þeirra um, að ákærði hafi verið þarna að verki, og þykir því bera að sýkna hann af ákæru í máli þessu.

23. *Ákærði Guðmundur Jónsson.*

Ákærði kom á Austurvöll kl. að ganga sex umræddan dag. Voru þingmenn þá farnir úr þinghúsinu og upphlaupið um garð gengið. Margt manna var þá enn á vellinum og götunni fyrir framan Alþingishúsið. Kveður ákærði, að nokkrir piltar hafi verið þar með grjótt, sem þeir vörpuðu að Alþingishúsinu. Hafi einn þeirra fengið sér stein í hönd og hvatt sig til þess að kasta honum að þinghúsinu. Varð hann við þeim tilmælum, og kveður hann steininn hafa lent í húsveggnum. Þegar ákærði framdi verknað þenna, voru lögreglumenn enn til varnar Alþingishúsinu, og verður að telja, að falizt hafi í steinkastinu hótun um ofbeldi gegn vörnum Alþingis. Varðar brot ákærða við 106. gr. laga nr. 19/1940. Ákærði var á 17. ári, er þetta gerðist, og þykir refsing hans með hliðsjón af 2. tölulið 74. gr. sömu laga og lögum nr. 14/1948 hæfilega ákveðin kr. 1500.00 sekt í ríkissjóð. Fresta skal framkvæmd refsingar og niður skal hún falla eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin. Ef skilorð nefndra laga verða ekki haldin, sæti ákærði 12 daga varðhaldi, ef hann greiðir ekki sektina innan 4 vikna, frá því að honum er tilkynnt, að refsingin verði framkvæmd.

24. *Ákærði Kristófer Sturluson.*

Með skírskotun til raka þeirra, sem í héraðsdómi greinir, ber að staðfesta ákvæði hans um sýknu ákærða.

IV.

Um greiðslu sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti fer sem hér segir:

Málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða Hreggviðs Stef-

ánssonar í héraði, kr. 300.00, greiðist úr ríkissjóði. Ákærði Stefán Oddur Magnússon greiði málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns í héraði, kr. 300.00. Málsvarnarlaun skipaðs talsmanns í héraði hinna ákærðu Guðmundar Björgvins Vigfússonar og Kristófers Sturlusonar, kr. 500.00, greiðist úr ríkissjóði. Að öðru leyti skulu vera óröskuð ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu málsvarnarlauna í héraði.

Málflutningslaun skipaðs verjanda í Hæstarétti hinna ákærðu Guðmundar Björgvins Vigfússonar, Hreggviðs Stefánssonar og Kristófers Sturlusonar, kr. 4000.00, svo og málflutningslaun skipaðs verjanda í Hæstarétti ákærða Sigurðar Jónssonar, kr. 1500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Ákærðu Jón Múli Árnason, Magnús Jóel Jóhannsson, Ólafur Jensson og Stefán Ögmundsson greiði in solidum málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, kr. 12000.00.

Ákærðu Garðar Óli Halldórsson, Gísli Rafn Ísleifsson, Hálf-dán Bjarnason, Jóhann Pétursson, Jón Kristinn Steinsson, Kristján Guðmundsson og Stefnir Ólafsson greiði in solidum málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, kr. 8000.00.

Ákærðu Friðrik Anton Högnason, Guðmundur Helgason og Magnús Hákonarson greiði in solidum málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, kr. 5500.00.

Ákærðu Stefán Oddur Magnússon og Stefán Sigurgeirsson greiði in solidum málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, kr. 5000.00.

Ákærðu Alfons Guðmundsson, Árni Pálsson, Guðmundur Jónsson og Páll Theódórsson greiði hver um sig skipuðum verjanda sínum í Hæstarétti málflutningslaun, kr. 3500.00.

Um annan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 20000.00, ákveðst þetta. Með því að fjórir hinna ákærðu hljóta sýknudóm, verður nokkur hluti sakarkostnaðar lagður á ríkissjóð. Kostnaður af rannsókn málsins, að því er tekur til nokkurra hinna ákærðu, er að miklum mun minni en varðar aðra ákærða. Þykir því rétt, að sakarkostnaður þessi greiðist sem hér segir:

Ríkissjóður greiði $\frac{1}{8}$ hluta.

Ákærðu Guðmundur Jónsson og Hálf dán Bjarnason greiði hvor um sig $\frac{1}{40}$ hluta.

Ákærðu Árni Pálsson, Friðrik Anton Högnason, Gísli Rafn Ísleifsson, Guðmundur Helgason, Jóhann Pétursson, Páll Theódórsson og Stefán Oddur Magnússon greiði in solidum $\frac{1}{5}$ hluta.

Ákærðu Alfons Guðmundsson, Garðar Óli Halldórsson, Jón Múli Arnason, Jón Kristinn Steinsson, Kristján Guðmundsson, Magnús Hákonarson, Magnús Jóel Jóhannsson, Ólafur Jensson, Stefán Sigurgeirsson, Stefán Ögmundsson og Stefnir Ólafsson greiði in solidum $\frac{5}{8}$ hluta.

Dómsorð:

Ákærðu Guðmundur Björgvin Vigfússon, Hreggviður Stefánsson, Kristófer Sturluson og Sigurður Jónsson eiga að vera sýknir af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærði Stefán Ögmundsson sæti fangelsi 12 mánuði. Staðfest er ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu réttinda hans.

Ákærði Alfons Guðmundsson sæti fangelsi 12 mánuði, en refsingu hans skal fresta og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin. Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Jón Kristinn Steinsson sæti fangelsi 7 mánuði. Hann er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Magnús Jóel Jóhannsson sæti fangelsi 7 mánuði. Staðfest eru ákvæði hins áfrýjaða dóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma og sviptingu réttinda ákærða.

Ákærði Stefnir Ólafsson sæti fangelsi 7 mánuði. Stað-

fest eru ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma og sviptingu réttinda ákærða.

Ákærði Jón Múli Arnason sæti fangelsi 6 mánuði. Hann er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Magnús Hákonarson sæti fangelsi 6 mánuði. Staðfest er ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma ákærða. Refsingu ákærða skal fresta og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákærði Stefán Sigurgeirsson sæti fangelsi 6 mánuði. Staðfest eru ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma og sviptingu réttinda ákærða.

Ákærði Garðar Óli Halldórsson sæti fangelsi 5 mánuði. Hann er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Friðrik Anton Högnason sæti fangelsi 4 mánuði, en fresta skal refsingu hans og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákærði Kristján Guðmundsson sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákærði Ólafur Jensson sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákærði Jóhann Pétursson sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærðu Árni Pálsson, Gísli Rafn Ísleifsson, Guðmundur Helgason og Páll Theódórsson sæti hver um sig fangelsi 3 mánuði, en fresta skal refsingu þeirra og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákærði Hálfván Bjarnason sæti varðhaldi 30 daga, en fresta skal refsingu hans og hún falla niður eftir 5 ár

frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákærði Stefán Oddur Magnússon greiði kr. 2500.00 sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Guðmundur Jónsson greiði kr. 1500.00 sekt til ríkissjóðs, en fresta skal refsingu hans og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin. Ef skilorð nefndra laga verða ekki haldin, sæti ákærði 12 daga varðhaldi, ef hann greiðir ekki sektina innan 4 vikna, frá því að honum er tilkynnt, að refsingin verði framkvæmd.

Málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða Hreggviðs Stefánssonar í héraði, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 300.00, greiðist úr ríkissjóði. Málsvarnarlaun skipaðs talsmanns í héraði hinna ákærðu Guðmundar Björgvins Vigfússonar og Kristófers Sturlusonar, Áka Jakobssonar héraðsdómslögmanns, kr. 500.00, greiðist úr ríkissjóði. Ákærði Stefán Oddur Magnússon greiði málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns í héraði, Áka Jakobssonar héraðsdómslögmanns, kr. 300.00. Að öðru leyti skulu vera óröskuð ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu málsvarnarlauna í héraði.

Málflutningslaun skipaðs verjanda í Hæstarétti hinna ákærðu Guðmundar Björgvins Vigfússonar, Hreggviðs Stefánssonar og Kristófers Sturlusonar, hæstaréttarlögmanns Ragnars Ólafssonar, kr. 4000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Málflutningslaun skipaðs verjanda í Hæstarétti ákærða Sigurðar Jónssonar, hæstaréttarlögmanns Sveinbjörns Jónssonar, kr. 1500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Ákærðu Jón Múli Árnason, Magnús Jóel Jóhannsson, Ólafur Jensson og Stefán Ögmundsson greiði in solidum málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12000.00.

Ákærðu Garðar Óli Halldórsson, Gísli Rafn Ísleifsson, Hálf dán Bjarnason, Jóhann Pétursson, Jón Kristinn Steinsson, Kristján Guðmundsson og Stefnir Ólafsson greiði in solidum málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8000.00.

Ákærðu Friðrik Anton Högnason, Guðmundur Helgason og Magnús Hákonarson greiði in solidum málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5500.00.

Ákærðu Stefán Oddur Magnússon og Stefán Sigurgeirsson greiði in solidum málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5000.00.

Ákærði Alfons Guðmundsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3500.00.

Ákærði Árni Pálsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3500.00.

Ákærði Guðmundur Jónsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Sigurgeirs Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3500.00.

Ákærði Páll Theódórsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3500.00.

Allur annar sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í

Hæstarétti, Hermanns Jónssonar hæstaréttarlögmanns,
kr. 20000.00, greiðist þannig:

Ríkissjóður greiði $\frac{1}{8}$ hluta.

Ákærðu Guðmundur Jónsson og Hálf dán Bjarnason
greiði hvor um sig $\frac{1}{40}$ hluta.

Ákærðu Árni Pálsson, Friðrik Anton Högnason, Gísli
Rafn Ísleifsson, Guðmundur Helgason, Jóhann Péturs-
son, Páll Theódórsson og Stefán Oddur Magnússon greiði
in solidum $\frac{1}{5}$ hluta.

Ákærðu Alfons Guðmundsson, Garðar Óli Halldórsson,
Jón Múli Árnason, Jón Kristinn Steinsson, Kristján Guð-
mundsson, Magnús Hákonarson, Magnús Jóel Jóhann-
son, Ólafur Jensson, Stefán Sigurgeirsson, Stefán Ög-
mundsson og Stefnir Ólafsson greiði in solidum $\frac{5}{8}$ hluta.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 25. marz 1950.

Ár 1950, laugardaginn 25. marz, var í aukarétti Reykjavíkur, sem hald-
inn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómará, kveð-
inn upp dómur í málinu nr. 1275—1298/1950: Ákærvaldið gegn Stefáni
Ögmundssyni, Stefáni Oddi Magnússyni, Guðmundi Björgvín Vigfússyni,
Stefáni Sigurgeirssyni, Stefni Ólafssyni, Magnúsi Hákonarsyni, Jóni Kristni
Steinssyni, Friðrik Anton Högnasyni, Jóhanni Péturssyni, Gísla Rafni Ís-
leifssyni, Árna Pálssyni, Kristjáni Guðmundssyni, Guðmundi Helgasyni,
Alfons Guðmundssyni, Páli Theódórssyni, Garðari Óla Halldórssyni, Ólafi
Jenssyni, Hálf dani Bjarnasyni, Jóni Múla Árnasyni, Sigurði Jónssyni,
Magnúsi Jóel Jóhannssyni, Hreggvið Stefánssyni, Guðmundi Jónssyni og
Kristófer Sturlusyni, sem tekið var til dóms hinn 22. febrúar sama ár.

Mál þetta er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Stefáni Ögmundssyni
prentara, Þingholtsstræti 27, Stefáni Oddi Magnússyni bifreiðarstjóra,
Blönduhlíð 4, Guðmundi Vigfússyni framkvæmdarstjóra, Bollagötu 10, Stef-
áni Sigurgeirssyni verkamanni, Lokastíg 17, Stefni Ólafssyni verkamanni,
Laugavegi 67, Magnúsi Hákonarsyni rafvélavirkjanema, Marargötu 2, Jóni
Kristni Steinssyni bifvélavirkja, Nökkvavogi 8, Friðrik Anton Högnasyni
bifreiðarstjóra, Mávahlíð 4, Jóhanni Péturssyni rithöfundu, Hofteigi 4,
Gísla Rafni Ísleifssyni nemanda, Skólavörðustíg 12, Árna Pálssyni nem-
anda, Mánagötu 16, Kristjáni Guðmundssyni bifreiðarstjóra, Suðurlík 3,
Guðmundi Helgasyni iðnnema, Laufásvegi 77, Alfonsi Guðmundssyni verka-
manni, Laufásvegi 41, Páli Theódórssyni stúdent, Sjafnargötu 11, Garðari

Óla Halldórssyni sjómanni, Smiðjustíg 5, Ólafi Jenssyni stúdent, Baugsvegi 33, Hálfadáni Bjarnasyni deildarstjóra, Heiðavegi við Hagaveg, Jóni Múla Árnasyni útvarpsþul, Hringbraut 105, Sigurði Jónssyni sundhallarverði, Miðtúni 58, Magnúsi Jól Jóhannssyni rennismið, Eiríksgötu 6 A, Hreggvið Stefánssyni stúdent, Háteigsvegi 30, Guðmundi Jónssyni verkamanni, Bakkastíg 6, og Kristófer Sturlusyni sjómanni, Sauðagerði B, fyrir brot gegn XI., XII. og XIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930.

Ákærðu eru komnir yfir lögaldur sakamanna, fæddir sem hér segir: Stefán Ögmundsson 23. júlí 1909, Stefán Oddur Magnússon 20. marz 1919, Guðmundur Björgvin Vigfússon 15. september 1915, Stefán Sigurgeirsson 26. júlí 1902, Stefnir Ólafsson 16. apríl 1927, Magnús Hákonarson 30. desember 1931, Jón Kristinn Steinsson 3. nóvember 1908, Friðrik Anton Högnason 12. marz 1928, Jóhann Pétursson 18. febrúar 1918, Gísli Rafn Ísleifsson 8. apríl 1927, Árni Pálsson 9. júní 1927, Kristján Guðmundsson 2. júlí 1927, Guðmundur Helgason 1. desember 1927, Alfons Guðmundsson 10. ágúst 1930, Páll Theódórsson 4. júlí 1928, Garðar Óli Halldórsson 4. nóvember 1928, Ólafur Jensson 16. júní 1924, Hálf dán Bjarnason 28. ágúst 1903, Jón Múli Árnason 31. marz 1921, Sigurður Jónsson 23. júlí 1924, Magnús Jól Jóhannsson 28. nóvember 1922, Hreggviður Stefánsson 20. marz 1927, Guðmundur Jónsson 27. apríl 1932 og Kristófer Sturluson 22. febrúar 1925.

Ákærðu Stefán Sigurgeirsson, Magnús Hákonarson, Gísli Rafn Ísleifsson, Árni Pálsson, Páll Theódórsson og Sigurður Jónsson hafa eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Áðrir ákærðu hafa sætt ákærum og refsingum sem hér segir:

Stefán Ögmundsson.

Í Reykjavík:

1942 17/11 Dómur lögregluréttar: 1000 kr. sekt fyrir brot á 2. gr. laga nr. 127/1941.

1943 9/6 Dómur Hæstaréttar í sama máli: Sýknaður. (Gizur Bergsteinsson gerði sératkvæði).

Stefán Oddur Magnússon.

Í Reykjavík:

1935 18/5 Sátt: 40 kr. sekt fyrir bifreiðarakstur án þess að hafa rétt til að aka bifreið.

Guðmundur Björgvin Vigfússon.

Í Reykjavík:

1948 11/3 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Stefnir Ólafsson.

Í Reykjavík:

- 1938 8/3 Kærður fyrir brot á 6. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
Afgreitt til barnaverndarnefndar.
- 1946 17/11 Sátt: 40 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1948 15/1 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1948 15/1 Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og spellvirki. 350 kr. skaðabætur í sama máli.
- 1949 17/5 Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og brot gegn 17. gr., 1. mgr., áfengislaga.
- 1949 9/6 Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Jón Kristinn Steinsson.

Í Reykjavík:

- 1941 17/3 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1946 20/3 Dómur: 30 daga varðhald, sviptur ökuskírteini í eitt ár fyrir brot gegn 219. gr. hegningarlaga, bifreiðalögum og umferðarlögum. Dómur Hæstaréttar í sama máli 29/1 1947: 3000 kr. sekt, sviptur ökuskírteini í 3 ár.
- 1948 30/10 Dómur: 10 daga varðhald fyrir að stjórna bifreið eftir að hafa verið sviptur ökuréttindum.
Í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu:
- 1949 21/8 Sátt: 20 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 20. gr. bifreiðalaga.

Friðrik Anton Högnason.

Í Reykjavík:

- 1948 19/5 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
- 1948 31/8 Undir rannsókn út af umferðarslysi. Málsókn felld niður með ráðuneytisúrskurði 9/9 1949.

Jóhann Pétursson.

Á Siglufirði:

- 1938 28/8 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Kristján Guðmundsson.

Í Reykjavík:

- 1946 28/6 Sátt: 40 kr. sekt fyrir brot á lögreglusamþykkt og bifreiðalögum.
- 1947 10/7 Sátt: 40 kr. sekt fyrir óleyfilegt bifreiðarstæði.
- 1947 5/12 Sátt: 50 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.
- 1949 21/6 Sátt: 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Guðmundur Helgason.

Í Reykjavík:

- 1949 24/7 Sátt: 100 kr. sekt fyrir ofhraðan bifreiðarakstur og brot á 1. mgr. 20. gr. bifreiðalaga.

Alfons Guðmundsson.

Í Reykjavík:

- 1939 22/2 Kærður fyrir að hanga aftan í bifreið.
Afgreitt til barnaverndarnefndar.

Garðar Óli Halldórsson.

Í Reykjavík:

- 1946 31/7 Sátt: 25 kr. sekt fyrir brot á a-lið 50. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1947 28/6 Sátt: 100 kr. sekt fyrir að hindra lögregluþjón í starfi sínu.
1947 17/10 Sátt: 25 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 17. gr. áfengisлага.
1948 3/11 Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1948 21/12 Dómur: 2 mánaða fangelsi, 4560 kr. skaðabætur, fyrir brot á 218. gr. hegningarlaga og 3. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1949 2/5 Sátt: 500 kr. sekt, 1500 kr. skaðabætur fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga og 3. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1949 26/6 Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

Ólafur Jensson:

Í Reykjavík:

- 1941 2/11 Sátt: 5 kr. sekt fyrir brot á c-lið 50. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1949 16/5 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1949 12/8 Sátt: 80 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, sbr. 26. gr. bifreiðalaga.

Hálf dán Bjarnason.

Í Reykjavík:

- 1948 1/10 Sátt: 300 kr. sekt fyrir brot gegn tilskipunum verðlagsstjóra nr. 35/1947 og nr. 40/1944.

Jón Múli Árnason.

Í Reykjavík:

- 1946 1/3 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Magnús Jóel Jóhannsson.

Í Reykjavík:

- 1948 26/11 Sátt: 75 kr. sekt fyrir brot gegn 31. gr., 3. mgr., lögreglusamþykktar Reykjavíkur, sbr. 7. gr. umferðarlaga.

Hreggviður Stefánsson.

Í Reykjavík:

- 1947 2/12 Sátt: 40 kr. sekt fyrir ógætilegan bifreiðarakstur og afturljósleysi á bifreið.

Guðmundur Jónsson.

Í Reykjavík:

1943 13/1 Kveikti eld á götu. Afgreitt til barnaverndarnefndar.

Kristófer Sturluson.

Í Reykjavík:

1944 28/11 Dómur: 30 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1946 6/6 Sátt: 200 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum.

Hinn 28. marz 1949 bar ríkisstjórnin fram á Alþingi svohljóðandi þings-
ályktunartillögu:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gerast stofnaðili fyrir Íslands hönd að Norður-Atlantshafssamningi þeim, sem fulltrúar Bandaríkjanna, Belgíu, Frakklands, Hollands, Kanada, Luxembourg og Noregs hafa orðið ásáttir um og prentaður er sem fylgiskjal með ályktun þessari.“ Áður en tillaga þessi kom fram, hafði mikið verið um það rætt og ritað, hvort Ísland skyldi gerast stofnaðili að samningi þessum. Skoðanir um það voru skiptar, og risu um þetta illvígar deilur í blöðum og á mannfundum. Hér í bæ voru blöðin yfirleitt fylgjandi aðild Íslands að samningnum, nema Þjóðviljinn og Þjóðvörn, sem beittu sér mjög gegn henni. Á Alþingi voru tvær umræður um tillöguna, hin fyrri þriðjudaginn 29. marz, kl. 10—21,35, en hin síðari miðvikudaginn 30. marz, kl. 10—14,30. Að lokinni síðari umræðu var tillagan samþykkt með 37 atkvæðum gegn 13 og afgreidd sem ályktun Alþingis.

Vegna þess hve ófriðlega var látið gegn málinu og þeim, sem vitað var, að því fylgdu á þingi, var öllu lögregluliði bæjarins boðið út báða umræðudagana til að halda uppi friði og reglu við Alþingishúsið, meðan umræðurnar færu fram. Fyrri umræðudaginn urðu engar óeirðir fyrr en um kvöldið, þegar dimmt var orðið. Umræðum var þá slitið og atkvæðagreiðslu lokið og þingmenn yfirleitt farnir úr fundarsal neðri deildar, þegar grjótkast hófst á þinghúsið utan af Austurvelli, og linnti því ekki, fyrr en brotnar höfðu verið 11 rúður í gluggum fundarsals neðri deildar og 3 rúður í aðalinngangi hússins. Féllu við þetta bæði glerbrot og steinar inn í þingsalinn. Lögreglan reyndi að sefa óspektalýðinn og fjarlægði hann frá húsinu út á Austurvöll. Féll þá grjótkastið niður, en vegna myrkurs og mannfjölda gat lögreglan ekki séð, hverjir köstuðu grjótinu né hverjir æstu til þeirra verka, enda virtist grjótkastið koma nokkuð að baki mannfjöldanum. Að loknum fundi héldu alþingismenn heim óáreittir að því undanteknu, að gerður var aðsúgur að utanríkisráðherra og formanni Sjálfstæðisflokksins, þegar þeir gengu frá þinghúsinu að Sjálfstæðishúsinu við Austurvöll.

Lögreglan verndaði fór þeirra, svo þeir komust inn í Sjálfstæðishúsið. Óspektalýðurinn hóf þá grjótkast á Sjálfstæðishúsið, og varð lögreglan þá að dreifa honum. Féllu óspektirnar þá niður þann dag. Elgi sá lögreglan,

hverjir að þessum óspektum stóðu, og eigi hefur það orðið upplýst með öðrum hætti.

Síðari umræðudaginn, 30. marz, boðuðu fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík og Verkamannafélagið Dagsbrún til útifundar við Miðbæjarbarnaskólann kl. 1 e. h., til að Reykvíkungum gæfist tækifæri til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um inngöngu Íslands í hernaðarbandalag Norður-Atlantshafsríkjanna, enn einu sinni áður en Alþingi tæki fullnaðarákvörðun um málið, eins og það var orðað í fundarboðinu, og var skorað á almenning að taka sér fri frá störfum til að mæta á útifundinum. Þenna sama morgun höfðu formenn stjórnarþingflokkanna þriggja skorað á friðsama borgara að koma á Austurvöll kl. 12—1 þenna dag til að sýna, að þeir vildu, að Alþingi hefði starfsfrið. Mikill fjöldi fólks varð við þessari áskorun. Að loknum útifundinum við Miðbæjarbarnaskólann héldu fundarmenn að Alþingishúsinu. Af þessum sökum safnaðist mikill múgur manns að þinghúsinu um og eftir hádegis, enda var gott veður. Lögreglan var öll á verði, búin tækjum, þ. á m. táragasi, ef á þyrfti að halda. Aðstoðarlið var að baki lögreglunnar úti fyrir þinghúsinu og einnig inni í því. Klukkan að ganga tvö eða nokkru eftir að fundarmenn af útifundinum við Miðbæjarbarnaskólann komu að þinghúsinu, hófust nokkrar óeirðir úti fyrir húsinu, hrópuðu ýmsir „þjóðaratkvæði“ og fleira, og um það leyti sem atkvæðagreiðslan í þinginu hófst, en hún stóð allengi yfir, var tekið að kasta grjóti, mold, torfi og eggjum í húsið, að lögreglunni og yfir mannfjöldann. Grjót, mold og torf rifu menn upp úr vellinum. Nokkrir óspektarmenn réðust á grindverk við Baðhús Reykjavíkur, að því er virtist í því skyni að brjóta það og ná úr því bareflum, en lögreglunni tókst að mestu að hindra það. Hún reyndi að sefa óeirðaseggina og fjarlægja þá frá þinghúsinu, en eigi bar það árangur í fyrstu. Hófst nú, meðan atkvæðagreiðslan stóð yfir, nær óslitin hríð að húsinu og þeim, sem við það stóðu, og var kastað þeim hlutum, sem áður eru nefndir. Með grjótkasti var brotinn fjöldi rúða í þinghúsinu, og flugu steinar, sem inn um glugga neðrideildarsalsins komu, víðsvegar um salinn. Glerbrot hentust einnig langt inn í salinn, en einkum lentu þau þó við stóla forseta, ráðherra og fundarskrifara, sem eiga sæti næst glugganum. Framhlið þinghússins ataðist mold og eggjum, og lögreglan og hjálparlið hennar varð mjög fyrir kasti þessu. Grjótkastið var stórháskalegt mannþrönginni úti fyrir húsinu og þá fyrst og fremst lögreglunni og hjálparliði hennar, sem næst stóðu húsinu, og verður síðar vikið að þeim slysum, sem það olli. Þegar kasthríðin hófst fyrir alvöru, fjarlægði lögreglan mannfjöldann húsinu norður undir líkneski Jóns forseta á Austurvelli. Óeirðaseggir beittu þá lögregluna barsmíðum og grjótkasti, og varð hún að beita kylfum í harðri viðureign við þá, og tók hjálparliðið þátt í henni. Að þessu loknu, færði lögreglan sig á norðurgangstéttina við Kirkjustræti, en óeirðaseggir fylgdu eftir með grjótkasti. Þegar hér var komið, var ákveðið að dreifa mannfjöldanum með táragasi, en áður en það var gert, kallaði lögreglumaður í hátalara í anddyri þinghússins aðvaranir um þetta til mannfjöldans og bað hann hverfa á brott, en ella yrði að

beita táragasi. Illa heyrðist í hátalaranum, enda hávaði úti fyrir húsinu, og mjög í sama mund og í hann var kallað, hófust gasaðgerðirnar. Við þær þusti mannfjöldinn burt, en þegar gasreyknum hafði létt af Austurvelli, sótti fólksstraumur þangað aftur. Var gassprengjum þá aftur kastað og völlumurinn hreinsaður af fólki. Um kvöldið urðu óspektir á Austurvelli og þrjár sprengjur sprengdar þar, svo að hús í nágrenni skulfu við, og rúður brotnuðu í Sjálfstæðishúsinu. Litlu síðar voru tvær sprengjur sprengdar þar í grennd, og safnaðist þá hópur manna að lögreglustöðinni og hóf grjótkast á glugga hennar og braut þannig nokkrar rúður á norður- og vesturhlið hennar. Hóp þessum var síðan dreift með táragasi. Upp úr þessu fjöruðu óeirðirnar út, og um kl. 1 um nóttina var komin kyrrð á í bænum.

Eftir óeirðirnar var ófagurt umhorfs við Alþingishúsið og á Austurvelli. Rúður voru sem áður segir brotnar í húsinu og það atað auri utan, grjót- og moldarhrönn á götunni framan við það, og völlumurinn og gangstíga-brúnir á honum meira og minna rifnar upp, en úr gangstíga-brúnunum höfðu óeirðaseggirnir rifið upp grjótið, sem kastað var.

Um leið og forseti þingsins sleit fundi, tilkynnti hann þingmönnum þá ósk lögreglustjóra, að þeir færu ekki úr húsinu, fyrr en hann teldi það óhætt vegna óeirðanna úti fyrir. Urðu þingmenn við þessari ósk. Tveir þeirra ætluðu þó að fara út þrátt fyrir þessi tilmæli, en urðu þá fyrir eggjakasti og hörfuðu þá aftur inn í húsið. Þegar mannfjöldanum hafði verið dreift, komu bifreiðar að þinghúsinu, og fóru þingmenn á brott í þeim. Við brottförina var veitt að forsætisráðherranum og utanríkisráðherranum, án þess þó, að meiðsl hlytust af, en að öðru leyti komust þingmenn vandræðalaust á brott.

Eftir áður nefndan útifund við Miðbæjarbarnaskólann kom jeppabifreiðin R. 6156 fram í sundið sunnan við Hótel Borg við Austurvöll og síðar í Pósthússtræti, og var úr bifreið þessari kallað með hátalara til fólksfjöldans, og virtust þau köll, einkum að þingmenn Sameiningarflokks alþýðu, sósíalístaflokksins, væru fangar í þinghúsinu, hafa mjög æsandi áhrif á þá, sem óeirðirnar höfðu í frammi, og kom aðalhríðin að þinghúsinu og lögreglunni í kjölfar hins síðasta þessara kalla. Verður nánar að þessu vikið síðar.

Rannsókn máls þessa hefur að sjálfsögðu beinzt að því meðal annars, hvort samtök manna hafi staðið að óeirðunum. Þó ýmis atvik bendi til þess, að svo hafi verið, verður það þó eigi talið sannað.

Af óeirðunum hlutust mikil meiðsl á mönnum, og verða þau nú rakin.

Ágúst Jónsson rannsóknarlögregluþjónn hlaut steinshögg í höfuðið úti fyrir þinghúsinu, þar sem hann var að skyldustörfum sínum, og missti meðvitund um skeið. Samdægurs var hann fluttur í Landsspítalann, og þar lá hann til 28. apríl. Talið er, að brestur hafi komið í höfuðkúpuna, vinstri hlust rifnaði, háls- og hnakkavöðvar hafa sennilega tagnað o. s. frv. Hefur hann verið að mestu frá verkum síðan við illa líðan með köflum. Síðasta vottorð um heilsu hans er frá Kristjáni lækni Þorvarðs-syni, dagsett 25. nóvember s.l., þar sem auk sjúkdómslýsingar segir, að

sjúklingurinn sé óvinnufær og þurfi frekari rannsóknar við, og ráðlagt er, að hann leiti sér lækninga erlendis hjá heilaskurðfræðingi.

Eiður Gíslason lögregluþjónn varð fyrir steinkasti í andlitið, svo sem síðar verður að vikið, og hlaut af því skurði gegnum báðar varir, tennur losnuðu o. fl. Gert var að sárum hans á Landsspítalanum, og lá hann síðan heima rúmfastur um skeið. Síðasta læknisvottorð um hann er frá 8. júní s.l., og er hann þá talinn mikið til jafngöður, en nokkur ör hafi hann hlotið eftir meiðslin.

Thomas Karl Bóasson lögregluþjónn fékk steinkast í vinstri mjöðm, og hlaut af því mikið og djúpt mar, svo að hann gat ekki stigið í fótinn næstu daga.

Þórður Kárason lögregluþjónn fékk steinshögg í ennið, svo að gasgríman rifnaði og blæðandi sár hlaut af. Gert var að sárinu, og var það samkvæmt læknisvottorði gróið 28. apríl s.l., en ör var eftir. Var það til talsverðra lýta, og telur læk'nirinn það ekki munu hverfa til fulls.

Guðmundur Brynjólfsson lögregluþjónn fékk steinshögg á vinstra auga, og hlaut af því talsverður áverki, svo að hann missti sjón á auganu um tíma.

Lárus Salómonsson lögregluþjónn hlaut mar á hægri öxl, hönd og fót af steinshöggi. Enn fremur steinshögg í hjálminn, sem rothögg hefði getað orðið, ef hjálmsins hefði eigi notið við. Ýmsir aðrir lögregluþjónar hlutu minni áverka, aðallega af steinkasti. Níu menn aðrir hlutu minni háttar meiðsl auk sumra hinna ákærðu, en meiðsla hinna síðastnefndu verður getið síðar.

Í hinum mikla mannfjölda og við þær aðstæður, sem óeirðirnar sköpuðu, veittist lögreglunni örðugt að taka eftir, hverjir það voru, sem óspektir höfðu í frammi, og hefur það torvelað mjög rannsókn þessa máls. Reynt hefur verið eftir föngum að upplýsa málið, og hefur sú rannsókn leitt til málshöfðunar þessarar. Verða hér á eftir rakin málsatvik um hina ákærðu, hvern um sig eða fleiri en einn saman, eftir því sem efni standa til.

Ákærðu Stefán Ögmundsson, Stefán Oddur Magnússon og Guðmundur Björgvin Vigfússon.

Eins og að framan segir, boðaði fulltrúaráð verkalýðsfélaganna og verkamannafélagið Dagsbrún hér í bænum til útifundar við Miðbæjarbarnaskólann kl. 13 30. marz til að ræða um þjóðaratkvæði um þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu. Ákærði Guðmundur Björgvin Vigfússon, framkvæmdarstjóri fulltrúaráðs, undirbjó fundinn fyrir hönd fundarboðenda. Hann kveðst hafa talið heppilegt að hafa bifreið til afnota við undirbúning fundarins og á fundinum sjálfum, og hafði hann þá í huga, að komið væri fyrir magnara og hátalara á bifreiðinni, sem hægt væri að tala í á fundinum til að ná betur til fólksins. Stjórn fulltrúaráðsins var á sama máli. Ákærði Guðmundur Björgvin Vigfússon þekkti Gunnar Össurason húsasmið, Mávahlíð 41 hér í bæ, og vissi, að hann átti jeppa-bifreið. Seinni hluta 29. marz talaði ákærði Guðmundur Björgvin við

Gunnar og það hann um að lána fulltrúaráðinu bifreiðina til afnota við undirbúning að útifundinum næsta dag. Varð Gunnar við þessu og kvað bifreiðina vera við Kirkjuhvol og væru lykklar hennar í borði hennar. Gunnar kveðst hafa talað um það, að þegar fulltrúaráðið væri búð að nota bifreiðina, yrði hún ásamt lykli hennar skilin eftir fyrir utan Þórs-götu 1, þar sem skrifstofur Sósíalístaflakksins eru, en ákærði Guðmundur Björgvin Vigfússon man þetta ekki og rengir ekki.

Ákærði Guðmundur Björgvin Vigfússon hringdi síðan til ákærða Stefáns Odds Magnússonar, en þeir þekkjast. Það hann ákærða Stefán Odd um að aka jeppabifreið í sambandi við fund, sem fulltrúaráð verkalýðsfélaganna hefði boðað til kl. 13 daginn eftir við Miðbæjarbarnaskólann og að útvega magnara og hátalara, sem settir væru í bifreiðina og hægt væri að nota á fundinum. Ákærði Stefán Oddur lofaði að verða við þessu. Ákærði Guðmundur Björgvin sagði honum, að bifreiðin væri við Kirkjuhvol og lykklarnir væru í borði hennar, og það hann um að koma með bifreiðina á fundinn. Þeir minnst ekki, að nokkuð væri talað um það á milli þeirra, hvar eða hvenær skila ætti bifreiðinni. Þeim ber saman um, að ákærði Guðmundur Björgvin hafi ekkert minnst á það, hvaða magnara og hátalara skyldi fá í jeppabifreiðina eða hvar slík tæki skyldu fengin. Þá ber þeim saman um, að ákærði Guðmundur Björgvin hafi ekki minnst á það við ákærða Stefán Odd, að hann skyldi vera til taks eftir fundinn til frekara starfs. Ákærði Stefán Oddur náði svo í bifreiðina við Kirkjuhvol, setti í hana magnara og hátalara og lét hana vera heima hjá sér um nóttina. Verður síðar vikið að þeim þætti, hver hafi átt magnarann og hátalarann.

Áðurgreindur fundur var settur kl. rúmlega 13 næsta dag, 30. marz, á hinum ráðgerða fundarstað. Á fundinum skyldi rætt um tillögu, sem fram hafði komið á Alþingi um þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalagi og ósk um þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Ákærði Guðmundur Björgvin Vigfússon stýrði fundinum, sem var allfjöldmennur. Fundurinn var örstuttur, og eini ræðumaður á honum var ákærði Stefán Ögmundsson. Lagði hann til, að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um áðurgreint mál. Þá kveðst hann hafa tekið fram, að fundarmenn væru saman komnir vopnlausir og í friðsamlegum tilgangi, til að neyta seinasta færís til að bera fram ósk um þjóðaratkvæðagreiðslu um þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalagi. Af hálfu fundarboðenda var borin fram tillaga um, að fundurinn vildi fá þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál. Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt með samhljóða atkvæðum. Fundarboðendur tilnefndu þriggja manna nefnd til að flytja tillöguna til Alþingis. Í nefndinni voru þeir ákærði Stefán Ögmundsson, Björn Bjarnason, stjórnarmeðlimur fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna, og Sigurður alþingismaður Guðnason, formaður Dagsbrúnar, en Sigurður var ekki á fundinum, heldur í Alþingishúsinu vegna þingfunda. Á fundinum var tilkynnt um nefndina og að hún myndi fara til Alþingis, en ekki er upplýst, hvort fundarmenn voru beðnir um að koma að Alþingishúsinu.

Ákærði Stefán Ögmundsson og Björn Bjarnason héldu síðan með til-

löguna, sem var á vélrituðu blaði, að Alþingishúsinu, og halda þeir, að klukkan hafi þá ekki verið orðin 13.30 eða þá í kringum það. Við Alþingishúsið hafði safnast saman töluverður mannfjöldi auk fjölmenns lög-regluliðs og aðstoðarmanna þess, og virtist innganga í Alþingishúsið ekki vera greið. Ákærði Stefán Ögmundsson og Björn Bjarnason sneru sér þá til Lárusar Salómonssonar lögregluþjóns, sem var fyrir austan Alþingishúsið, og skýrðu honum frá því, að þeir væru með tillögu áðurgreinds fundar, sem þeir þyrftu að færa Alþingi, og vildu þeir af þeim ástæðum fá að tala við formenn þingflokka. Lárus spurði þá að því, hvort þeir vildu ekki fara inn um bakdyr hússins, sem sjáanlega var greiðari aðgangur að en að aðaldyrnum, en þeir sögðu honum þá, að þeir vildu fara inn um aðaldyrnar, þar sem þeir væru með opinbert erindi. Ruddi Lárus þeim þá braut að aðaldyrum hússins að norðanverðu, en inn í húsið fengu þeir ekki að fara. Að beiðni þeirra var náð í Sigurð alþingismann Guðnason, og kom hann að vörmu spori út í anddyrið til þeirra. Tók Sigurður við tillögu fundarins og kvaðst mundu koma henni á framfæri í þinginu, en hvarf síðan inn í húsið.

Ákærði Stefán Ögmundsson og Björn Bjarnason biðu nú um stund skammt fyrir utan framhlið þinghússins í Kirkjustræti eftir því, að Sigurður kæmi út til þeirra. Alltaf bættist við fólkið fyrir framan þinghúsið og á Austurvelli. Sumir munu hafa verið farnir að hrópa: Þjóðar-atkvæði, en kast lausra hluta í þinghúsið mun þá ekki hafa verið byrjað.

Ákærði Stefán Ögmundsson og Björn Bjarnason héldu svo inn í þinghúsið til að hafa tal af Sigurði alþingismanni Guðnasyni, en þeir höfðu nú báðir aðgöngumiða að áheyrendapöllumunum. Þeir báðu um að fá að tala við Sigurð, og eftir nokkra stund kom hann og tjáði þeim, að hann hefði lagt tillögu fundarins fyrir forseta sameinaðs þings. Síðan hvarf Sigurður til þingsala, en kom aftur eftir nokkra stund til þeirra. Skýrði hann þeim nú frá því, að forseti hefði tilkynnt honum, að hann hefði talað við formenn þingflokka um tillöguna og svör við henni, og hefðu formenn Alþýðuflokksins, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins neitað að verða við þeirri tillögu fundarins, að þjóðaratkvæðagreiðsla yrði látin fram fara um þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu.

Ákærði Stefán Ögmundsson, Björn Bjarnason og Sigurður Guðnason voru allir sammála um, að það yrði að tilkynna mannfjöldanum, sem væri fyrir utan Alþingishúsið og á Austurvelli, þessi málalok og afdrif tillögu áðurgreinds fundar. Kveðst Sigurður hafa spurt, hvort hann ætti að tilkynna fólkinu þetta, en séð, að hann mætti ekki vera að því að gera það, sökum þess að hann þyrfti að vera á þingfundi. Varð það því að ráði þeirra allra, að ákærði Stefán Ögmundsson skyldi tilkynna mannfjöldanum þetta, en þeir muna ekki, hver átti uppástunguna að því. Síðan fór Sigurður aftur inn í þingsalinn, en ákærði Stefán Ögmundsson og Björn Bjarnason út úr þinghúsinu.

Þeim ber þremur saman um það, að ekkert hafi verið búið að ræða um það milli þeirra, hvernig eða með hverjum hætti tilkynna skyldi mann-

fjöldanum málalokin, þar á meðal hvort honum yrði tilkynnt það í gegnum hátalara eða ekki.

Ákærði Stefán Ögmundsson hefur borið, að honum hafi verið það ljóst, að rödd hans náði skammt til að tilkynna hinum mikla mannfjölda, sem nú var saman kominn á Austurvelli og við hann, án magnara. Hann vissi, að í sambandi við áðurgreindan fund hafði verið tiltæk bifreið með magnara og hátalara. Hafði hann fregnað það nokkru fyrir fundinn, að bifreið þessi myndi verða á fundinum, svo að unnt væri að grípa til hennar, ef á þyrfti að halda. Hann telur trúlegt, að einhverjir af þeim, sem að fundinum stóðu, hafi skýrt honum frá þessu, en kveðst ekki muna, hvaða menn það hafi verið. Hann kveðst ekki hafa séð bifreiðina og minnst þess ekki, að talað væri um hana á fundinum, en hann hafi gengið út frá því, að hún myndi vera þar. Þá kveður hann, að einhverjir af þeim, sem að fundinum stóðu, en hverjir, kveðst hann ekki muna, hafi skýrt honum frá því, að bifreiðin gæti verið nærtæk fyrir hann, ef á þyrfti að halda, til að kynna þeim, sem á fundinum voru, svör þau, sem samþykkt fundarins fengi á Alþingi. Á fundinum hafi hann frétt, að ákærði Stefán Oddur Magnússon væri ökumaður bifreiðarinnar. Ákærði Stefán Ögmundsson kveður, að samband hans við ákærða Stefán Odd Magnússon hafi ekki verið eins gott og skyldi, því að hann hafi ekki vitað, hvar bifreiðin skyldi vera og ekki nákvæmlega, hvar ákærði Stefán Oddur myndi halda sig. Afleiðingin hafi orðið sú, að þegar hann og Björn Bjarnason hafi verið komnir út úr þinghúsinu, hafi hann orðið að leita að ákærða Stefáni Oddi, en hitt hann þó þar skammt frá, þ. e. hjá Dómkirkjunni, og hafi það eiginlega verið nokkur tilviljun, að þeir skyldu einmitt hittast á þessari stundu.

Ákærði Stefán Oddur Magnússon hefur borið það, að hann hafi komið einn í jeppabifreiðinni á fundinn um kl. 13 þenna dag. Var þá bæði magnarinn og hátalarinn til taks á bifreiðinni, og lagði hann henni á Frikirkjuveg. Aldrei kom til þess, að magnari og hátalari bifreiðarinnar yrðu notaðir á fundinum. Eftir fundinn færði hann bifreiðina úr stað og lagði henni neðst á Bókhlöðustíg. Síðan fór hann gangandi að Alþingishúsinu, og kveðst hann hafa farið þangað í friðsamlegum tilgangi einum saman. Hann hafi verið búinn að vera þar dálitla stund eins síns liðs, þegar hann hittir ákærða Stefán Ögmundsson, en þeir þekkjust. Mót þeirra þarna hafi verið alveg af tilviljun, og höfðu þeir ekki hitzt eða talast við fyrr um daginn eða daginn áður.

Ákærði Stefán Oddur kveðst ekki muna til þess, að nokkurn tíma væri rætt við hann um, að hann skyldi vera til taks með bifreiðina eftir fundinn á Austurvelli eða annars staðar, eða að ákærði Stefán Ögmundsson eða einhver annar kynni mäske að vilja hitta hann eða hafa samband við hann eftir fundinn. Ákærði Guðmundur Vigfússon hafi verið sá eini, sem talað hafi við hann um, hvað hann skyldi gera sem ökumaður bifreiðarinnar, þ. e. vera til staðar og reiðu á fundinum, en alls ekki eftir hann.

Björn Bjarnason hefur borið, að þegar hann og ákærði Stefán Ögmunds-

son hafi rekizt á ákærða Stefán Odd Magnússon hjá Dómkirkjunni, hafi það komið í ljós, að hann hafi verið með bifreið þá, sem hafði verið til taks með magnara og hátalara skömmu áður á fundinum. Kveðst Björn ekki hafa vitað fyrr en í þessu, að það var ákærði Stefán Oddur, sem hafði verið með bifreiðina. Honum hafi verið alveg ókunnugt um, að talað hefði verið við ákærða Stefán Odd um, að hann yrði til taks með tæki sín á bifreiðinni á Austurvelli eða við hann í umrætt skipti. Heldur hann, að það hafi aðeins verið tilviljun, að hann og ákærði Stefán Ögmundsson hittu ákærða Stefán Odd hjá Dómkirkjunni.

Sigurður alþingismaður Guðnason hefur borið það, að hann hafi vitað um, að bifreið með magnara og hátalara átti að vera til taks á fundinum við barnaskólann til þess að útvarpa máli manna þar, en hann hafi ekki vitað, hvort bifreiðin var í raun og veru á fundinum. Hann kveðst heldur ekki hafa haft humynd um, hvort bifreið með magnara og hátalara væri til reiðu fyrir ákærða Stefán Ögmundsson til að tilkynna mannfjöldanum áðurgreind málalok.

Ákærði Stefán Ögmundsson spurði ákærða Stefán Odd Magnússon um bifreiðina, og kveðst sá síðarnefndi hafa strax heyrt á hinum fyrrnefnda, að hann vissi um magnarann og hátalarann á bifreiðinni, því að hann vildi fá að tala nokkur orð til mannfjöldans á Austurvelli í gegnum tækin í bifreiðinni. Ákærði Stefán Oddur kveðst ekkert hafa vitað um, hvað ákærði Stefán Ögmundsson hugðist segja í hátalarann, og hafði ekkert að athuga við beiðni hans. Hann náði síðan í bifreiðina og ók henni aftur á bak úr Shellportinu inn á milli Hótel Borgar og timburhússins þar fyrir sunnan, þar sem hann stöðvaði bifreiðina. Hann setti tækin í samband, stillti þau og setti hátalarann upp á þak bifreiðarinnar, og talaði ákærði Stefán Ögmundsson síðan nokkur orð í magnarann frá hlið bifreiðarinnar. Það, sem hann sagði, heyrðist út um hátalarann og var að efni til samkvæmt framburði hans sjálfs og öðru því, sem upplýst er í málinu, það, að nefndin, sem hefði farið með tillögu fundarins við barnaskólann til Alþingis, hefði ekki fengið að fara inn í þinghúsið, að einn nefndarmannanna, Sigurður Guðnason alþingismaður, hefði tekið við tillögunni og flutt hana Alþingi í ræðu og að formenn allra þingflokka, nema Sósíalistaflokksins, hefðu svarað óskum þeim, sem í tillögunni fólust, neitandi.

Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn hefur þó borið, að töluð væru æsingarorð til fólksins í hátalarann og sagt, að nefnd þeirri, sem átti að flytja mótmæli frá nefndum fundi til Alþingis, hefði verið varnað inn-göngu í Alþingishúsið. Hafi þessi tilkynning virzt hafa æsandi áhrif.

Eitt vitni, Gunnlaugur Jón Ingason bifreiðarstjóri, Barmahlíð 32 hér í bæ, sem var í sveit þeirra manna, sem tóku sér stöðu fast við norðurhlið Alþingishússins, hefur borið það, að ræðumaður hafi sagt: „Við skulum bíða enn átekta“. Ákærði Stefán Ögmundsson kveðst ekki muna eftir því, að hann segði þessi orð eða nokkur slík orð í þetta skipti, og telur fjarstætt, að hann hafi sagt þau. Gegn mótmælum hans þykir verða að

telja ósannað, að hann hafi látið greind orð falla á meðal orða sinna í umrætt skipti.

Annað vitni, Jóhannes Albert Jóhannesson málari, Stórholti 18 hér í bæ, kveðst hafa verið stött í Kirkjustræti á móts við norðausturhorn Alþingishússins og heyrt talað í hátalarann í þetta skipti, en þó ekki heyrt, hvað sagt var, og hafi sér fundizt sem margir áheyrenda æstust upp við það, sem sagt var í hátalarann. Þriðja vitnið, Þórir Svavar Jónsson fiðluleikari, Grenimel 28 hér í bæ, hefur borið það, að það hafi verið stött við suðvestur horn Hótel Borgar og heyrt talað í hátalarann í umrætt skipti, þó að það hafi ekki munað, hvað sagt var, en því hafi ekki virzt það vera æsandi eða hafa æsandi áhrif á áheyrendur.

Ákærðu Stefáni Ögmundssyni og Stefáni Oddi Magnússyni ber saman um, að hinn síðarnefndi hafi síðan ekið bifreiðinni í burtu.

Ákærði Stefán Ögmundsson kveður, að ekkert hafi verið talað um á milli þeirra, hvert bifreiðin myndi fara eða að þeir hittust aftur. Ákærði Stefán Oddur Magnússon kveðst ekki minnst þess, að nokkuð væri rætt um það á milli þeirra, að hann skyldi vera til taks aftur með bifreiðina eða að þeir hittust aftur. Hann minnst þess heldur ekki, að hann gæfi ákærða Stefáni Ögmundssyni nokkuð í skyn, hvar hann myndi halda sig eftir þetta. Hann kveðst ekki vita, hvað varð svo af ákærða Stefáni Ögmundssyni.

Eitt vitni, Þorvaldur Guðmundsson forstjóri, Eskihlíð 14 hér í bæ, sem stött var hjá bifreiðinni fyrir sunnan Hótel Borg í umrætt skipti, hefur borið það, að það muni ekki betur en að unglingspiltur hafi verið í afturseti bifreiðarinnar og að annar maður hafi sett hátalarann inn í bifreiðina en ekið hafi henni í burtu. Ákærði Stefán Oddur Magnússon kveðst hins vegar bæði hafa sett hátalarann inn í bifreiðina og ekið henni í burtu. Hann hafi þá verið einn í bifreiðinni, og ákærði Stefán Ögmundsson kveðst ekki hafa orðið var við, að nokkur annar væri þá með honum í bifreiðinni.

Ákærði Stefán Ögmundsson kveðst nú hafa gengið í áttina til Alþingishússins, og um þetta leyti höfðu þeir Björn Bjarnason skilið, og fór Björn inn í Alþingishúsið til að hlusta á umræður þar.

Ákærði Stefán Ögmundsson kveðst hafa heyrt það á mönnum, sem komu til hans, en hann man ekki hverjir voru, að það hefði heyrzt heldur illa til hans í hátalaranum, og til að bæta úr því hafi hann endurtekið það, sem hann hafði sagt í hátalarann, þar sem hann stóð í mannþrönginni norðan megin Kirkjustrætis á götunni eða á gangstéttinni út undan Templarasundi. Telur hann ekki ósennilegt, að orð hans hafi náð til nokkurra hundraða manna. Hann hrópaði upp það, sem hann sagði, og var það um þriggja mínútna ræða.

Þrjú vitni í málinu, Jóhannes Albert Jóhannesson málari, Stórholti 18, sem áður er frá greint, Áki Gränz málari, Bröttugötu 3 A, og Guðni Halldórsson bifreiðarstjóri, Frakkastíg 15, allir hér í bæ, hafa borið það, að þau hafi staðið saman á nyrðri gangstétt Kirkjustrætis út undan eða á móts við norðausturhorn Alþingishússins á þessum tíma.

Vitnið Jóhannes Albert Jóhannesson kveðst þá hafa séð ákærða Stefán Ögmundsson, sem það þekki í sjón, 2—3 metra fyrir framan það og félag þess á götunni, og hafi hann haldið þó nokkurra mínútna ræðu. Kveðst vitnið muna, að hann skoraði á alla viðstadda að rétta upp hönd, ef þeir væru með þjóðaratkvæðagreiðslu um Atlantshafsbandalagið, og hafi hann lokið máli sínu á þá leið, að ef ekki væri látið ganga þjóðaratkvæði um Atlantshafsbandalagið, þá skyldu þeir taka á móti þeim, þegar þeir kæmu út. Eftir orð hans, sem hann útskýrði ekki, hafi margir rétt upp hendur, og kveður vitnið sér hafa virzt orð hans espa menn upp, en ekki hafi það sérstaklega tekið eftir því, að hann væri æstur eða æstari en gengur og gerist um ræðumenn.

Vitnið Áki Gränz kveðst þá hafa séð í um þriggja metra fjarlægð frá því og félögum þess á götunni eða gangstéttinni sama manninn og það hafði séð og heyrt tala á fundi við barnaskólann rétt áður og hafði þar kynntur verið sem Stefán Ögmundsson. Maður þessi hafi kallað „þjóðaratkvæði“ og mælt fleiri orð í um 1—3 mínútur. Í lok orða sinna hafi hann getið þess, að það yrði tekið á móti þeim, þegar þeir kæmu út, en vitnið kveðst ekki hafa heyrt hann útskýra nánar, hvað hann ætti við með því. Vitnið kveðst ekki geta sagt um, hvort æsingartónn var í ræðunni eða um áhrif hennar. Einhverjir nærstaddir menn hafi talað um, að þetta væri Stefán Ögmundsson. Vitnið sá ákærða Stefán Ögmundsson í lögreglurétti Reykjavíkur 5. maí s.l., og treysti það sér þá ekki til að bera um, að hann hefði verið fyrrnefndur ræðumaður.

Vitnið Guðni Halldórsson kveðst þá hafa séð í um tveggja til tveggja og hálfis metra fjarlægð frá því og félögum þess mann, sem fór að halda smá-ræðu í 4—5 mínútur. Vitnið kveðst ekki hafa þekkt manninn í sjón, og hafi það því spurt 2—3 nærstadda menn, sem það vissi engin deili á, hver þetta væri, sem væri þarna að tala. Hafi þeir svarað því, að þetta væri Stefán Ögmundsson prentari, og hafi þeir ekki virzt vera í nokkrum vafa um það, og trúði vitnið því, að sá væri maðurinn. Vitnið kveður, að aðal-inntak ræðu hans hafi verið það, að hann hafi skýrt frá því, að þeim, sem hefðu farið með tillögu fundarins við barnaskólann, hefði verið neitað um inngöngu í Alþingishúsið, og af þeim ástæðum hafi hann skorað á íslenska alþýðu að gera þetta upp við þingmennina, þegar þeir kæmu út. Minnir vitnið, að þetta seinasta hafi hann orðað eitthvað á þessa leið: „Ég veit, að íslensk alþýða mun gera upp við þessa menn, þegar þeir koma út.“ Hann hafi ekkert útskýrt þetta orðalag nánar. Hann hafi lagt áherzlu á orð sín, en ekki virzt vera æstur eða tala í æsingartón. Þegar hann hafði lokið máli sínu, hafi þeir, sem næstir honum stóðu, klappað, en síðan þeir, sem fjær stóðu. Nærstaddir hafi virzt vera sýnilega sama sinnis og hann, en vitnið kveðst ekki geta sagt um, hvort orð hans höfðu verulega æsandi áhrif á aðra. Aðeins minni háttar óspektir hafi þá verið byrjaðar og ekki verið farið að ryðja fólki frá Alþingishúsinu. Vitnið sá ákærða Stefán Ögmundsson í lögreglurétti Reykjavíkur 5. maí s.l., og bar það þá, að hann væri áreiðanlega ekki maður sá, sem hélt ræðuna í Kirkjustræti í umrætt skipti.

Vitnin Jóhannes Albert Jóhannesson og Áki Gränz hafa bæði unnið eið að framburði sínum, en vitninu Guðna Halldórssyni hefur ekki verið gefinn kostur á að gera það sakir fyrri refsisdóms.

Ákærði Stefán Ögmundsson hefur staðhæft, að það, sem hann sagði í hinni stuttu ræðu sinni í umrætt skipti, hafi aðeins verið endurtekning þess, sem hann sagði rétt áður í hátalarann og magnarann, en orðalagið kunni þó að hafa verið eitthvað annað. Hann hefur eindregið neitað því að hafa sagt á þá leið, „að það yrði tekið á móti þeim, þegar þeir kæmu út“, eða að „þá skyldu þeir taka á móti þeim, þegar þeir kæmu út“, eða að hann vissi, „að íslensk alþýða mun gera upp við þessa menn, þegar þeir koma út“, eða slík orð, en kveður, að það geti verið rétt, að hann hafi á þessum tíma kallað „þjóðaratkvæði“, eins og margir aðrir, og að hann hafi skorað á þá, sem vildu þjóðaratkvæði, að rétta upp hönd. Hann skýrir svo frá, að þegar hér hafi verið komið, hafi grjótkast á framhlið Alþingishússins þegar verið hafið, og kunni það þá að hafa verið búið að standa í nokkra stund.

Vitnin Sverrir Thoroddsen bankafulltrúi, Barmahlíð 24, Edvarð Kristinn Sigurðsson, starfsmaður hjá verkamannafélaginu Dagsbrún, Litlu Brekku á Grímsstaðaholti, og Jón Rafnsson skrifstofumaður, Njálsgötu 16, allir hér í bæ, og ákærði Guðmundur Björgvin Vigfússon hafa allir borið það, að þau hafi ein síns liðs verið stödd í Kirkjustræti á móts við eða fyrir vestan norðausturhluta Alþingishússins á þessum tíma og heyrt þá ákærða Stefán Ögmundsson, sem þau þekkja vel, segja þar upphátt nokkur orð til fólksins.

Vitnið Sverrir Thoroddsen kveður ákærða Stefán Ögmundsson hafa verið á sömu gangstétt og það í um það bil 10 metra fjarlægð. Efni þess, sem hann sagði, hafi verið það, að nefndin, sem kjörin hafði verið til þess á fundinum við Miðbæjarbarnaskólann að færa Alþingi tillögur fundarins, hefði ekki fengið inngöngu í Alþingishúsið, en Sigurður Guðnason alþingismaður hefði þó tekið við tillögu fundarins. Hefði Sigurður komið tillögunni á framfæri, og svör stjórnarflokkanna verið þannig, að þeir hefðu neitað því, sem í tillögunni fólst. Vitnið heldur, að ákærði Stefán Ögmundsson hafi hrópað „þjóðaratkvæði“, eins og aðrir, sem þarna voru viðstaddir, en það man ekki sérstaklega eftir því, hvort hann skoraði á viðstadda að rétta upp hönd til fylgis við þjóðaratkvæðagreiðslu um Atlantshafsbandalagið.

Vitnið Edvarð Kristinn Sigurðsson kveður ákærða Stefán Ögmundsson hafa staðið á gangstéttinni í kringum 10 metra fjarlægð frá því, og ákærði Guðmundur Björgvin Vigfússon kveður hann hafa verið á gangstéttinni um 2—3 faðma frá honum. Þeim ber báðum saman um, að það, sem ákærði Stefán Ögmundsson sagði þarna, hafi ekki verið annað en endurtekning þess, sem þau hafi heyrt hann segja rétt áður í hátalarann og áður um getur. Þau hafi ekki getað séð, að ákærði Stefán Ögmundsson væri æstur, og þau minnst þess ekki, að hann hrópaði „þjóðaratkvæði“, eða hann bæði menn um að rétta upp hönd til fylgis við þjóðaratkvæði um þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu, en það hafi verið gert. Ákærði Guðmundur Björgvin Vigfússon kveður, að raddir hafi heyrzt um það, að tilkynning ákærða

Stefáns Ögmundssonar í háttalarann hefði heyrzt illa, og muni það hafa verið ástæðan fyrir því, að hann endurtók á gangstéttinni það, sem hann hafði sagt í háttalarann.

Vitnið Jón Rafnsson kveður, að ræðumaður, sem því heyrðist vera ákærði Stefán Ögmundsson, hafi efnislega endurtekið það, sem það hafði heyrnt hann segja rétt áður í háttalarann, þ. e., að nefndin, sem farið hefði með tillögu fundarins við Miðbæjarskólann til Alþingis, hefði ekki komizt þar inn og að svörin við tillögunni hefðu verið neikvæð.

Vitnunum Sverri Thoroddsen, Edvarð Kristni Sigurðssyni, Jóni Rafnsyni og ákærða Guðmundi Björgvin Vigfússyni ber öllum saman um, að þau hafi ekki heyrnt ákærða Stefán Ögmundsson mæla annað í umrætt skipti en nú var getið eftir þeim. Þannig kveðst ekkert þeirra hafa heyrnt hann segja, að hann vissi, að íslenskt alþýða gerði upp við þessa menn, þegar þeir kæmu út, eða að það yrði (skyldi) tekið á móti þeim, þegar þeir kæmu út, eða nokkur slík orð. Vitnið Sverrir Thoroddsen telur ósennilegt, að ákærði Stefán Ögmundsson hafi sagt þessi orð eða nokkur slík orð í þessari ræðu, því að það hafi heyrnt ræðu hans vel og þykir því ótrúlegt, að slík orð hafi farið fram hjá því. Vitnið Edvarð Kristinn Sigurðsson kveðst hafa heyrnt ávarp hans greinilega og telur því vægast sagt ósennilegt, að hann hafi sagt nokkur slík orð, sem voru greind. Kveður vitnið, að hann hafi ekki sagt þessi orð í þetta skipti, eða hafi hann sagt þau, þá hafi það hlotið að vera í allt annarri tónhæð. Ákærði Guðmundur Björgvin Vigfússon telur, að ákærði Stefán Ögmundsson hafi ekki sagt slík orð, sem áður voru greind, í þetta skipti. Tekur hann fram, að hann hafi greinilega heyrnt það, sem ákærði Stefán Ögmundsson sagði, en honum liggja hátt rómur. Hafi því það, sem ákærði Stefán Ögmundsson sagði, ekki getað farið fram hjá honum.

Ákærði Stefán Ögmundsson kveðst síðan hafa verið um stund þarna á þessum slóðum, á Austurvelli og við hann, og muni hann hafa kallað „þjóðaratkvæði“ eins og margir aðrir og rétt upp hönd, en ekkert hafzt að til óspekta. Sakir smáútrása lögreglunnar og hjálparliðs hennar frá Alþingishúsinu hafi honum sem öðrum nærstöddum verið óhægt um að vera í sömu sporum, og hafi hann því borizt nokkuð stað úr stað. Hafi honum virzt sem orðið væri þungt í mönnum eftir þessar útrásir, en það hafi hann heyrnt á mörgum, sem hann hefur ekki getað nafngreint, að þeim þótti miður, að kastað væri grjóti í Alþingishúsið, sem þá hafi verið farið að gera hvað eftir annað með þeim afleiðingum, að rúður brotnuðu. Hann telji, að svo fámennan hóp unglinga, sem þarna hafi verið að grjótkasti, hefði verið vandalaust fyrir lögregluna að hindra í þessu athæfi sínu.

Ákærði Stefán Ögmundsson kveður, að engar fréttir hafi borizt innan úr þingsölunum út til fólksins. Hafi hann því gengið einn síns liðs upp í skrifstofu Sósíalistaflokksins á Þórsgötu 1 til að fá fréttir frá Alþingi, og hafi hann hugsað sér að hringja þangað í því skyni. Jafnframt hafi hann haft í huga að tilkynna mannsöfnuðinum fyrir framan Alþingishúsið og á Austurvelli fréttir, sem hann fengi frá Alþingi, og nota til þess magnara,

ef hann fengi náð í hann. Hafi þetta verið alveg að frumkvæði hans sjálfs, og minnst hann þess ekki, að nokkur hafi talað um það við hann. Hefur hann bent á í þessu sambandi, að mannfjöldanum hafi ekkert verið tilkynnt um afgreiðslu Alþingis á því máli, sem það hafði til meðferðar, enda þótt hann hefði verið boðaður á Austurvöll, en óeirðir virtust fara þar vaxandi.

Ákærði Stefán Ögmundsson kveður, að þegar hann hafi verið nýkominn á Þórsstötu 1, hafi síminn þar hringt, og hafi hann svarað í símann. Sá, sem hringdi, hafi verið Einar Baldvin Olgeirsson alþingismaður og þá staddur í Alþingishúsinu. Ákærði Stefán Ögmundsson kveðst ekki hafa vitað fyrirfram, að Einar myndi hringja, og hafi Einar heldur ekki spurt eftir nein-um sérstökum í símanum. Einar hafi skýrt honum frá því, að greidd hefðu verið atkvæði um þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu, og hefði tillagan fengið 37 atkvæði, en 13 verið á móti. Þá hafi hann skýrt frá því, að þingmenn hefðu ekki leyfi til að fara frjálsir ferða sinna úr þinghúsinu, og væru þeir sem fangar þar.

Ákærði Stefán Ögmundsson kveðst ekki muna, hvort Einar sagði þingmenn eða þingmenn Sósíalistaflokksins, en hann (ákærði) hafi að minnsta kosti tekið það svo, að hér væri fyrst og fremst átt við þingmenn Sósíalistaflokksins. Þeir hafi síðan ekkert rætt frekar um málin og slitið talinu. Þannig hafi þeir ekkert talað um það, að þetta, sem Einar hafði sagt honum, eða nokkuð annað yrði tilkynnt til mannfjöldans á Austurvelli eða þar hjá. Það kveðst ákærði Stefán Ögmundsson hafa tekið algerlega upp hjá sjálfum sér.

Einar Baldvin Olgeirsson alþingismaður hefur neitað í lögreglurétti að svara spurningum réttarins í máli þessu.

Ákærði Stefán Ögmundsson kveðst svo hafa gengið einn síns liðs niður að Alþingishúsi og farið að svipast um eftir jeppabifreiðinni með hátalaranum, sem hann gerði ráð fyrir, að væri þarna á næstu grösom, án þess þó, að hann hafi haft nokkura vissu fyrir því. Neitar hann því, að hann hafi verið búinn að tala við umráðamann bifreiðarinnar um, að hann yrði á einhverjum ákveðnum stað á Austurvelli eða við hann í þetta skipti, en ákærði Stefán Ögmundsson kveður það ekki ósennilegt, að báðir hafi litið svo á, án þess þó, að hann muni eftir því, að um það væri rætt á milli þeirra, að heppilegt myndi vera, að bifreiðin yrði viðlátin, ef á henni þyrfti að halda, á meðan úrslit um þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu væru ekki að fullu kunn. Kveðst hann hafa fundið umráðamann bifreiðarinnar, ákærða Stefán Odd Magnússon, eftir stutta stund einan síns liðs við Kirkjutorg, og hafi bifreiðin verið þar skammt frá.

Ákærði Stefán Oddur Magnússon kveðst hafa ekið jeppabifreiðinni úr sundinu fyrir sunnan Hótel Borg í áðurgreint skipti og út á Bókhöðustíg. Hann hafi skilið bifreiðina eftir neðst á þeirri götu, en farið svo gangandi niður á Austurvöll og haldið sig mest í Kirkjustræti skammt frá Dómkirkjunni. Hafi hann verið búinn að vera þar góða stund, þegar hann hitti ákærða Stefán Ögmundsson aftur. Kveður hann, að þetta

mót þeirra hafi einnig verið án þess, að það væri fyrirfram ákveðið, og hafi hann ekkert rætt um það við ákærða Stefán Ögmundsson áður, hvar bifreiðin væri geymd eða hvar hann myndi sjálfur halda sig. Ákærði Stefán Ögmundsson hafi beðið hann aftur um það að fá að segja nokkur orð í magnara og hátalara bifreiðarinnar til mannfjöldans á Austurvelli, og hafi ákærði Stefán Oddur Magnússon viljað verða við þeirri bön hans. Þeim ber báðum saman um það, að ákærða Stefáni Oddi Magnússyni hafi ákærði Stefán Ögmundsson ekki sagt, hvað hann ætlaði að segja, og hafi sá fyrrnefndi ekki vitað, hvað sá síðarnefndi myndi segja í hátalarann.

Þeir segjast síðan hafa farið að bifreiðinni og inn í hana, ákærði Stefán Oddur Magnússon undir stýri hennar, en ákærði Stefán Ögmundsson í framsætið við hlið hans. Sá fyrrnefndi hafi síðan ekið bifreiðinni af stað, og að fyrirlagi hins síðarnefnda hafi hann ekið norður í Pósthússtræti og stöðvað bifreiðina skammt frá suðurenda Hótel Borgar eða út undan suðurhlið þeirrar byggingar vestan megin í strætinu. Ákærði Stefán Oddur Magnússon hafi síðan farið út úr bifreiðinni, sett hátalarann upp á þak hennar, svo að hann stefndi út á Austurvöll, sett magnarann og hátalarann í samband og stillt tækin, sem verið hafi mjög einfalt. Ákærði Stefán Ögmundsson hafi síðan talað í magnarann inni í bifreiðinni, og hafi orð hans hljómað vel í hátalaranum. Kveðst ákærði Stefán Ögmundsson hafa byrjað fyrst með ávarpinu: „Reykvíkingar“ eða „Góðir Íslendingar“, og hallast hann frekar að því, að hann hafi sagt hin síðarnefndu orð. Þá hafi hann skýrt frá því, að þátttaka Íslands í Atlantshafsbandalaginu hefði verið samþykkt með 37 atkvæðum gegn 13 atkvæðum, og kveðst hann ekki muna, hvort hann notaði hér orðið „landráðasamningur“, en telur það ekki ósennilegt. Loks hafi hann sagt, að þingmenn Sósíalístaflokksins væru fangar í þinghúsinu. Orð hans hafi ekki verið fleiri, og man hann ekki, hvort hann endurtók nokkuð af orðum sínum. Í þessu hafi einhver maður opnað hægri hurð bifreiðarinnar og sagt, að það, sem hann hefði sagt, væri lygi, en hann þá svarað aftur, að það væri sannleikur, sem hann (ákærði Stefán Ögmundsson) hefði sagt. Ákærði Stefán Oddur Magnússon kveðst ekki muna nánar, hvernig orð ákærða Stefáns Ögmundssonar féllu, en svo, að hann hafi skýrt frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar á Alþingi um þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu og að hún hefði verið samþykkt. Þá hafi hann skýrt frá því, að þingmenn eða þingmenn Sósíalístaflokksins væru fangar í þinghúsinu, og hafi hann sagt annað hvort orðið „þingmenn“ eða „þingmenn Sósíalístaflokksins“.

Ákærðu Stefáni Ögmundssyni og Stefáni Oddi Magnússyni ber saman um, að sá síðarnefndi hafi svo sett hátalarann inn í bifreiðina og ekið henni í burtu norður Pósthússtræti, en síðan í smáhring út í Vonarstræti eða Templarasund, þar sem ákærði Stefán Ögmundsson hafi farið úr bifreiðinni. Ákærði Stefán Oddur Magnússon kveður, að ákærði Stefán Ögmundsson hafi ekkert minnzt á það, hver tilgangur hans væri með áðurgreindum orðum sínum í hátalarann, og hafi þeir ekkert ræðzt við í sambandi við það. Þeir hafi ekkert minnzt á það, að þeir skyldu hittast aftur, og hafi hvorugur minnzt á það, hvert hann ætlaði að fara.

Ákærði Stefán Ögmundsson kveðst svo hafa gengið norður í Kirkjustræti við enda Templarasunds og verið þar í góða stund. Hann hafi ekki orðið var við, að þá væri hrópað meira eða kastað meiru á Alþingishúsið eða í átt til þess en áður. Hann hafi heyrt nokkra menn hrópa „Einar Olgeirsson“ fyrir framan Alþingishúsið, en aðeins stutta stund. Nokkurri stundu síðar kveðst hann hafa gengið burtu og eigi minnst þess, að neinir nýir atburðir hafi á þeim tíma gerzt fyrir framan þinghúsið. Ætlaði hann heim til sín og hafði í huga að hringja í Alþingishúsið til að fá að vita um, hvort þingmenn Sósíalístaflokksins væru enn fangar í þinghúsinu. Hafi hann verið kominn upp á Bókhlöðustíg, þegar hann heyrði skot-hvelli og þá farið aftur niður á Austurvöll. Þegar þangað kom, hafi hann séð fólk á flóttu undan gasárásum lögreglunnar og kylfum hennar og hafi ekki liðið á löngu, þar til búið var að ryðja mannfjöldanum af Austurvelli.

Ákærði Stefán Oddur Magnússon kveðst hafa ekið jeppabifreiðinni aftur upp á Bókhlöðustíg, verið þar nokkra stund, en gengið svo áleiðis niður á Austurvöll. Á Skólabrú hafi mannsöfnuður komið hlaupandi á móti honum, sakir þess að lögreglan hafi þá verið farin að beita táragsi á Austurvelli. Hann hafi þá haldið í burtu úr miðbænum, tekið magnarann og hátalarann úr bifreiðinni og farið með tækin á sama stað og hann náði í þau.

Hann hafi síðan skilið bifreiðina eftir fyrir utan Þórsgötu 1, og þar kveðst áðurgreindur eigandi bifreiðarinnar, Gunnar Össurarson, hafa tekið hana.

Ákærði Stefán Oddur Magnússon kveðst ekki hafa séð ákærða Stefán Ögmundsson aftur þenna dag.

Í málinu hafa verið leidd mörg vitni um háttsemi ákærðu Stefáns Ögmundssonar og Stefáns Odds Magnússonar í Pósthússtræti, sem ræðir um hér að framan. Vitnin Tómas Tómasson stud. jur., Laufásvegi 46, Jón Pálmi Emils stud. jur., Nýja Stúdentagarðinum, Guðlaugur Þorvaldsson stud. oecon., Nýja Stúdentagarðinum, Sigurjón Ágústsson skrifstofumaður, Skarphéðinsgötu 14, allir hér í bænum, Guðmundur Benediktsson stud. med., Brekkugötu 22, Hafnarfirði (þau voru öll saman), Helgi Guðjón Þórðarson menntaskólanemi, Grettisgötu 3 B, Rósar Vigfús Eggertsson menntaskólanemi, Laugavegi 74 (þau tvö voru saman), Arreboe Clausen, Freyjugötu 49, og Sigurður Ingason póstafréiðslumaður, Barmahlíð 30, hér í bæ, hafa öll borið, að þau hafi verið við margnefnda bifreið í umrætt skipti og heyrt talað úr hátalara hennar. Frásagnir vitna þessara allra eru í öllum aðalatriðum í samræmi við áðurgreinda framburði ákærðu Stefáns Ögmundssonar og Stefáns Odds Magnússonar, þar á meðal hvað sagt var í hátalarann og hver talaði í hann. Enn fremur hafa áðurgreind vitni, Gunnlaugur Jón Ingason, Þórir Svavar Jónsson og Jóhannes Albert Jóhannesson, borið, að þau hafi heyrt talað úr hátalara í umrætt skipti.

Öll vitnin, 12 að tölu, bera, að sagt hafi verið í hátalarann, að þingmenn Sósíalístaflokksins væru fangar í þinghúsinu. Vitnin Jón Pálmi Emils og Sigurður Ingason kveða, að þessi orð hafi verið endurtekin, og

vitnin Guðlaugur Þorvaldsson og Arreboe Clausen segja, að bætt hafi verið við orðunum: „Þeir (og) fá ekki að fara þaðan út.“ Vitnin Tómas Tómasson, Jón Pálmi Emils, Guðlaugur Þorvaldsson, Helgi Guðjón Þórðarson og Rósar Vigfús Eggertsson bera, að sagt hafi verið í hátalaranum, að Alþingi væri búið (búið væri) að samþykkja „landráðasamninginn“, og vitnið Guðmund Benediktsson minnir, að þetta væri sagt. Vitnin Jón Pálmi Emils, Guðlaugur Þorvaldsson, Guðmundur Benediktsson, Helgi Guðjón Þórðarson og Arreboe Clausen bera, að upphafsorðið úr hátalaranum hafi verið „Reykvíkingar“, og vitnin Jón Pálmi og Helgi Guðjón kveða, að þetta orð hafi verið endurtekið, og vitnið Guðlaugur Þorvaldsson kveður, að svo hafi ef til vill verið. Vitnið Tómas Tómasson kveður, að það hafi verið það, sem hafi opnað bifreiðarhurðina, og rengir ekki að hafa sagt, að það væri lygi, þegar sagt var, að þingmenn Sósíalístaflokksins væru fangar í þinghúsinu. Vitnið Arreboe Clausen kveðst muna það greinilega, að annað hvort einn eða tveir menn hafi verið í aftursæti bifreiðarinnar og þeir virzt vera að stilla tæki, en ákærðu Stefán Ögmundsson og Stefán Oddur Magnússon kveða, að svo hafi ekki verið, og verður að telja þetta ósannað.

Vitnið Jón Pálmi Emils hefur borið, að því hafi fundizt sem orð þau, sem sögð voru í hátalarann, kæmu eins og umróti á hugi manna, og hafi vitnið heyrt orð falla um, að þetta væri ríkisstjórninni líkt að enda þetta allt saman með því að halda þingmönnum í haldi. Litlu síðar hafi margir af þeim, sem voru fyrir framan þinghúsið, farið að hrópa „Einar Olgeirsson“. Vitnið Sigurjón Ágústsson kveður, að orðin úr hátalaranum hafi haft æsandi áhrif á mannfjöldann, sem var fyrir framan Alþingishúsið, því að eftir að orðin voru sögð, hafi grjóthriðin á framhlið hússins aukizt. Það geti ekki sagt um, hvort hróp manna hafi þá einnig aukizt, enda hafi það verið nokkuð utarlega í mannfjöldanum og farið ásamt félagum sínum svo fljótlega í burtu. Vitnið Guðmundur Benediktsson hefur borið, að því hafi fundizt sem mannfjöldi sá, sem var fyrir framan þinghúsið, áður en áðurgreind orð voru töluð í hátalarann, væri rólegur, en eftir að orðin voru töluð, hafi því fundizt sem hávaðinn ykist fyrir framan þinghúsið og grjótkastið í það. Vitnið kveður, að það og félagar þess hafi farið eftir mjög stutta stund í burtu. Vitnið Guðlaugur Þorvaldsson kveðst ekki treysta sér til að dæma um, hver áhrif orðin úr hátalaranum hafi haft, því að það hafi staðið svo utarlega í mannfjöldanum og farið ásamt félagum sínum mjög fljótlega í burtu. Vitnið Tómas Tómasson kveðst hafa farið í burtu, litlu eftir að orðin voru sögð í hátalarann, svo að það gæti ekki sagt um, hvaða áhrif þau hafi haft á fólkið.

Vitnið Helgi Guðjón Þórðarson kveður, að eftir að orðin voru sögð úr hátalaranum, hafi ópin fyrir framan þinghúsið magnast, en það hafi ekki orðið vart við, að ryskingar ykjust þar, og vitnið Rósar Vigfús Eggertsson segir, að hávaðinn í mannsöfnuði þeim, sem stóð fyrir norðan þinghúsið, hafi aukizt, en það hafi ekki orðið vart við önnur áhrif orðanna úr hátalaranum. Vitnið Arreboe Clausen kveður, að því hafi fundizt sem grjótkast á þinghúsið ykist, eftir að orðin voru sögð í hátalarann, en það hafi ekki

orðið vart við, að hrópin ykjust þá. Vitnið Sigurður Ingason heldur, að það, sem sagt var í hátalarann, hafi haft æsandi áhrif á fólk, sem var fyrir framan þinghúsið, því að eftir að talað hafði verið í hann, hafi hrópin aukizt og grjótkastið hafi alveg tvímælaust aukizt.

Vitnið Gunnlaugur Jón Ingason ber, að eftir orðin úr hátalaranum hafi verið farið að hrópa í kór úr mannþrönginni fyrir framan Alþingishúsið: „Einar Olgeirsson“, og svo hafi grjóthriðin dunið á þinghúsinu meir en nokkru sinni áður. Fannst vitninu sem orðin hefðu þessi áhrif á mannsöfnuðinn fyrir framan þinghúsið.

Vitnið Þórir Svavar Jónsson kveðst ekki geta sagt um það, hvort orðin úr hátalaranum hafi haft beint æsandi áhrif á áheyrendur, en aðalrýskingarnar fyrir framan þinghúsið hafi orðið skömmu síðar. Vitninu Jóhannes Albert Jóhannessyni fannst sem orðin hefðu æsandi áhrif á marga, sem voru fyrir framan þinghúsið, því að óp og köst ýmsra hluta hafi aukizt þaðan, eftir að þau voru sögð.

Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn hefur borið það, að ummæli ákærða Stefáns Ögmundssonar, að þingmönnum Sósíalístaflokksins væri haldið sem föngum inni í Alþingishúsinu, hafi haft mjög æsandi áhrif og séu mikil líkindi til þess, að þau hafi átt drjúgan þátt í þeim árásum og skrílsæði, sem þá dundi yfir rétt á eftir.

Ákærði Stefán Oddur Magnússon kveðst ekki hafa tekið eftir því, hvort orð ákærða Stefáns Ögmundssonar í hátalarann í umrætt skipti hafi haft nokkur áhrif á þá, sem hlustuðu á þau.

Ákærði Stefán Ögmundsson hefur borið það, að hann hafi mælt margumrædd orð til fólksins á Austurvelli til að tilkynna því um gang og úrslit málsins, sem fólkið hafi beðið eftir að fá að vita um, en ekki til að æsa upp hugi þeirra til neinna óleyfilegra athafna. Aðspurður um það, hvort honum hafi ekki verið það ljóst, að orð hans voru til þess fallin undir þeim aðstæðum, sem þau voru sögð, að æsa ekki aðeins upp hugi manna, heldur einnig menn til óleyfilegra athafna, hefur ákærði Stefán Ögmundsson aðeins svarað því, „að hann telji ljóst, að hver maður með óbrjálaða réttlætiskennd líti á slíkt athæfi sem það, að hafa þingmenn sem fanga í þinghúsinu, sem með öllu óverjandi, þar sem lög og regla á að gilda, en þar sem mannsöfnuðurinn í heild á Austurvelli hafi komið þar saman í friðsamlegum tilgangi til að bera fram seinustu ósk sína um þjóðaratkvæðagreiðslu um Atlantshafsbandalagið og mannsöfnuðurinn, a. m. k. sá, sem verið hafði á fundinum við barnaskólann, verið hvattur til að halda uppi röð og reglu, þá hafi ekki verið ástæða til að ætla annað en að hann myndi þola óréttinn (þ. e. að þingmenn Sósíalístaflokksins fengju ekki að fara frjálsir ferða sinna út úr þinghúsinu).“

Ákærði Stefán Oddur Magnússon var ófáanlegur til þess, þegar hann var kvaddur fyrir lögreglurétt í fyrsta skipti út af máli þessu, að skýra frá því, hvar hann fékk áðurgreindan magnara og hátalara eða hver ætti tæki þessi, en kvað það vera „einstakling“. Þrem dögum síðar, og hafði hann þá verið í gæzluvarðhaldi, skýrði hann frá því, að hann ætti sjálfur tækin og hefði átt þau í um hálf t. á. Hafði hann keypt þau á 600 krónur

af einhverjum manni, sem komið hefði með þau að bifreiðastöðinni „Hreyfli“ hér í bænum. Næsta dag skýrði hann frá því, að hann geymdi tækin í læstum bifreiðarskúr heima hjá sér. Tækin kveðst hann hafa keypt af einhverju fíkti eða út í loftið, eins og hann kemst að orði. Hann kvað ástæðuna fyrir því, að hann vildi ekki í fyrstu segja frá því, hver ætti tækin, hafa verið þá, að hann hafi verið hræddur um, að tækin myndu verða tekin af honum, ef hann skýrði frá því, hver ætti þau. Leitað var síðan í skúrnum, en tækin fundust þar ekki, og hafa þau ekki komið fram.

Verður nú athugað, hvort ákærðu Stefán Ögmundsson, Stefán Oddur Magnússon og Guðmundur Björgvin Vigfússon hafa gerzt sekir um refsiverða háttsemi.

Ákærði Stefán Ögmundsson þykir hafa með tali sínu í fyrra skiptið í háttalarann brotið gegn l. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Ekki hefur neitt það komið fram í málinu, sem bendir til þess, að nokkur annar maður en ákærði Stefán Ögmundsson hafi talað til fólksins í Kirkjustræti í umrætt skipti. Verður því að líta svo á, að vitnið Guðni Halldórsson beri um sama ræðumann og vitnin Jóhannes Albert Jóhannesson og Áki Gränz, þó að vitninu Guðna beri ekki saman við þau um, hver ræðumaðurinn hafi verið. Samkvæmt því verður að telja, þrátt fyrir neitun ákærða Stefáns Ögmundssonar og framburði vitnanna Edvarðs Kristins Sigurðssonar, Sverris Thoroddsens, Jóns Rafnssonar og ákærða Guðmundar Björgvins Vigfússonar um innihald ræðu ákærða Stefáns Ögmundssonar, sannað með eiðfestum samhljóða framburðum vitnanna Jóhannesar Alberts Jóhannessonar og Áka Gränz svo og framburði vitnisins Guðna Halldórssonar, að ákærði Stefán Ögmundsson hafi viðhaft orð þau í nefndri ræðu sinni, sem greind þrjú vitni hafa um borið og áður eru tilgreind.

Þá verður og að telja fullsannað með samhljóða framburðum fjölmargra vitna og framburði ákærða Stefáns Ögmundssonar sjálfs, að hann hafi sagt í seinna skiptið í háttalarann, að þingmenn Sósíalistaflokksins væru fangar í þinghúsinu, og einnig talað um „landráðasamning“ út af samþykkt Alþingis á þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu.

Orð þau, sem samkvæmt framansögðu er sannað, að ákærði Stefán Ögmundsson mælti til fólksins í Kirkjustræti og í gegnum háttalara í Pósthússtræti í umrætt skipti, beindust gegn Alþingi og sjálfræði þess og voru, eins og á stóð, til þess fallin að æsa til frekari árása á Alþingishúsið og truflana þingsins í störfum þess. Þykir háttsemi hans því varða við 100. gr. og 118. gr., 2. sbr. 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, sbr. 1. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktarinnar. Þykir refsing ákærða Stefáns Ögmundssonar með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði.

Þá ber samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna að svipta ákærða Stefán Ögmundsson kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Þrátt fyrir neitun ákærðu Stefáns Odds Magnússonar og Stefáns Ögmundssonar þykja atvik öll vera þannig, sbr. einnig framburði ákærðu

sjálfra, að það var engin tilviljun, að þeir hittust hjá dómkirkjunni, heldur ráðgert fyrirfram, til þess að ákærði Stefán Ögmundsson gæti fengið afnot af hátalara og magnara þeim, sem ákærði Stefán Oddur Magnússon hafði umráð yfir, til tilkynninga til mannfjöldans á Austurvelli. Á hinn bóginn þykir varhugavert að telja, að sönnun sé fram komin fyrir því, að ákærði Stefán Oddur Magnússon hafi vitað um það fyrirfram, hvað ákærði Stefán Ögmundsson myndi segja í háttalarann, enda ber þeim báðum saman um, að svo hafi ekki verið. Samkvæmt því þykir ekki sannað, að ákærði Stefán Oddur Magnússon hafi gerzt sekur um hlutdeild í hinum refsiverða verknaði ákærða Stefáns Ögmundssonar, er áður um getur, og ber því að sýkna hann af ákærum ákæruvaldsins í máli þessu.

Samkvæmt framansögðu er ekki annað fram komið um verknað ákærða Guðmundar Björgvins Vigfússonar en að hann hafi fengið ákærða Stefán Odd Magnússon til að útbúa háttalara og magnara á bifreið og vera til taks með hana á útfundinum við Miðbæjarbarnaskólann, og ekkert er fram komið um, að hann hafi talað við ákærða Stefán Odd Magnússon um að vera til aðstoðar ákærða Stefáni Ögmundssyni eða öðrum eftir fundinn. Ber því að sýkna ákærða Guðmund Björgvin Vigfússon af ákærum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærði Stefán Sigurgeirsson.

Við rannsókn málsins skýrði Einar Guðnason, verkstjóri hjá Rafveitu Reykjavíkur, rannsóknarlögreglunni frá því, að ákærði Stefán Sigurgeirsson, sem var starfsmaður hans um þessar mundir, hefði fengið fri frá vinnu umræddan dag, 30. marz.

Daginn eftir hefði Matthías Matthíasson verkstjóri, Traðarkotssundi 6, skýrt sér frá því, að ákærði hefði verið að kasta grjóti við þinghúsið daginn áður. Kveðst Einar hafa spurt ákærða um það um hádegi sama dag (31. marz), hvort hann hefði limlest nokkurn með grjótkesti daginn áður, og hefði ákærði svarað því til, að sig varðaði ekkert um það, og ekki hefði hann kastað grjóti, fyrr en lögreglan hefði verið búin að berja hann í handlegginn með kylfu.

Í Morgunblaðinu föstudaginn 1. apríl birtist mynd, sem ljósmyndari Morgunblaðsins, Ólafur Magnússon, hafði tekið í óeirðunum. Á mynd þessari sjást greinilega tveir menn í þeim stellingum, að þeir séu að kasta einhverju að þinghúsinu. Er annar þeirra klæddur ljósum frakka með ljósa enska húfu á höfði. Skýrði Einar Guðnason svo frá, að umræddur maður væri að sínu álit mjög líkur ákærða.

Ákærði neitaði því í fyrstu algerlega, að hann hefði tekið nokkurn þátt í óspektunum, og hann neitaði því einnig, að umrædd mynd væri af sér, svo og því, að hann hefði viðhaft áðurnefnd ummæli við Einar. Hann kvaðst hafa verið staddur niðri við þinghús, komið þangað kl. langt gengin 14 og verið þar, þangað til tekið var að beita táragasi, en þó brugðið sér frá að drekka kaffi á þessum tíma. Hann kvaðst hafa verið klæddur á svipaðan hátt og áðurnefndur maður á myndinni, verið í mógulum frakka með enska húfu á höfði.

Síðar hefur ákærði kannazt við það, að hann hafi tekið einu sinni upp „steinvölu“ og fleygt frá sér út á gangstéttina, þó án þess að reiða upp hendina. Þessu hafi hann skýrt Einari Guðnasyni frá daginn eftir og hafi hann sagt honum frá, hvernig hann hafi kastað steininum, og að steinninn hefði ekki lent í neinum manni. Hann hafi jafnframt sagt við Einar, að sig varðaði lítið um, hvar steinninn hefði lent.

Einar heldur því hins vegar fram, að ákærði hafi ekkert á það minnzt, hvort steinninn hefði lent í nokkrum manni eða ekki, og ekki lýst því, hvernig hann hafi kastað steininum.

Vitnið Matthías Matthíasson skýrir svo frá, að hann hafi verið staddur umræddan dag við þinghúsið, og hafi hann verið á gangstéttinni við þinghúsið austanvert við aðaldyrnar, er hann sá ákærða. Hafi það verið, er lögreglan var að gera útrás, skömmu áður en tekið var að beita gasinu, og hafi lögreglan verið komin út á völlinn, en ákærði verið á gangstéttinni við Austurvöll á móti þinghúsinu, þ. e. verið kominn að baki lögreglunni. Kveðst Matthías hafa séð, að ákærði steytti hnefana og lét ófriðlega, en ekki hafi hann þá verið með neitt í höndunum. Matthías segist hafa séð ákærða beygja sig niður eins og til að taka upp stein eða eitthvað, sem væri á götunni, en hvort hann hafi kastað því, kveðst Matthías ekki hafa séð, enda hafi hann þurft að hugsa um að bera af sér grjótkast, en um þetta leyti hafi verið miklu af grjóti, eggjum og öðru kastað að þeim, sem stóðu fyrir framan húsið.

Matthías kveðst vera viss um, að áður nefndur maður á mynd Ólafs Magnússonar sé ákærði.

Þá ber vitnið Jón Jónsson skrifstofumaður, Njálsgötu 43, að hann hafi séð ákærða umræddan dag. Kveðst Jón hafa staðið á gangstéttinni framan við Alþingishúsið mestallan tímann, sem mannsöfnuðurinn var þar, og verið að reyna að fylgjast með því, hverjir stæðu fyrir grjótkastinu að húsinu. Um það bil mínútu áður en farið var að beita táragasi, hafi grjótkastið verið með mesta móti. Í þeim svifum kveðst Jón hafa séð ákærða, þar sem hann hafi staðið á gangstignum að styttunni á vellinum, og kveður ákærða hafa verið í kaststillingum, og ekki muni hann betur en hann sæi ákærða kasta frá sér, en Jón kveðst ekki hafa fylgt með ákærða nema andartak, þar sem hann hafi orðið að hafa sig allan við að hlífa sér fyrir grjóthriðinni. Jón kveðst hafa séð ákærða greinilega, þótt hann hefði ekki aðstöðu til að fylgjast með honum nema andartak.

Ákærði kveðst hafa hitt kunningja sinn Hans Guðmund Hansson, Vífils-götu 18, á Austurvelli hjá styttunni, skömmu áður en gasarásin hófst. Hans Guðmundur kveðst hafa hitt ákærða um það leyti, sem hann (Hans Guðmundur) kom niður á Austurvöll, en það kveður hann hafa verið skömmu áður en kallað var í hátalara, að þingmenn Sósíalista væru fangar í þinghúsinu. Kveðst Hans Guðmundur hafa gengið fram og aftur um völlinn með ákærða um stund, og hafi ákærði verið fyllilega rólegur, meðan þeir voru saman, og engar óspektir haft í frammi. Hans Guðmundur kveðst alls hafa staðið þarna við ca. einn stundarfjórðung.

Ákærði skýrði síðar svo frá, að það hefði ekki verið fyrr en eftir að

farið var að beita táragasi, sem hann kastaði steininum. Hefði hann verið búinn að hörfa einu sinni undan gasinu út í Vallarstræti, en verið kominn aftur að þinghúsinu ásamt mörgum öðrum. Þá skýrði ákærði einnig frá því, að sér hafi dottið í hug, er hann sá myndina í Morgunblaðinu, að hann væri áður nefndur maður á myndinni, en þó telji hann það ólíklegt. Segir ákærði, að ef þessi mynd sé af honum, hljóti hún að vera tekin, er hann kastaði áður nefndum steini. Þess er að geta, að myndin er tekin nokkru áður en tekið var að beita gasi.

Upplýst verður að telja, að ákærði hafi kastað grjóti við Alþingishúsið í umrætt skipti. Ákærði hefur ekki gefið beina skýringu á því, að hverjum hann hafi beint steinkastinu. Það er að athuga, að ákærði fortækur ekki, að hann kunni að vera maður sá á mynd Ólafs Magnússonar, sem um ræðir hér að framan, en af myndinni má ráða það með vissu, að sá maður sé að kasta að Alþingishúsinu. Nú er að vísu ekki fullsannað, að mynd þessi sé af ákærða, en með hliðsjón af framburði ákærða varðandi þetta atriði og með tilliti til aðstæðna að öðru leyti þykir mega slá því föstu, að steinkastinu hafi ákærði beint að Alþingishúsinu. Þegar ákærði kastaði steininum, voru þingmenn allir í Alþingishúsinu, þótt þingfundur kunni þá að hafa verið úti. Að þessu athuguðu þykir ákærði hafa gerzt sekur um árás á Alþingi í skilningi 100. greinar almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Einnig telst atferli ákærða vera brot gegn 1. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 12 mánuði. Rétt þykir með tilvísun til 76. gr. almennra hegningarlaga að ákveða, að gæzluvarðhald ákærða 6.—7. apríl s.l. komi refsingu ákærða til frádráttar.

Skv. 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga ber að ákveða, að ákærði skuli sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Stefnir Ólafsson.

Vitnið Júlíus Schiöth Lárusson bifreiðarstjóri, Laugavegi 67 A, hefur skýrt svo frá við rannsókn málsins, að hann hafi séð ákærða Stefni Ólafsson taka þátt í óspektum við Alþingishúsið umræddan dag. Skýrir Júlíus svo frá, að hann hafi staðið á tröppunum fyrir framan Alþingishúsið, meðan á þingfundi stóð. Frá því er á fundinn leið og þangað til lögreglan dreifði mannfjöldanum, kveðst hann hafa veitt ákærða athygli í hópnum fyrir framan þinghúsdyrnar og hafi hann öðru hverju kastað einhverju að lögregluþjónum, sem stóðu við dyrnar, mönnum, sem stóðu bak við þá, og í þinghúsið sjálft. Hann kveðst ekki geta fullyrt, hvað það var, sem ákærði kastaði, en telur hann þó bæði hafa verið með steina og annað drasl. Kveðst Júlíus vera viss um, að af einhverju, sem ákærði kastaði, hafi brotnað rúða í dyrum Alþingishússins. Júlíus kveðst vera viss um, að ákærði kastaði einhverju að húsinu þá, og sér hafi virzt hann kasta oftar.

Ákærði kveðst hafa verið staddur við Alþingishúsið frá því kl. ca. 13.30 og fram yfir kl. 16, er hann hafi farið burt. Hann kveðst hafa hitt marga,

sem hann kannaðist við, en ekki verið í fylgd með neinum sérstökum. Hafi hann verið á ferli fram og aftur, m. a. staðið stundum framan við Alþingishúsið. Kveðst hann hafa tekið þátt í ópum með öðru fólki, kallað „þjóðaratkvæði“ og „vér mótmælum allir“ eða eitthvað slíkt.

Ákærði hefur neitað því, að hann hafi kastað grjóti. Komst hann fyrst svo að orði, að hann héldi, að hann hefði ábyggilega ekki kastað grjóti, og neitaði því síðar við nánari yfirheyrslu um það. Hann hefur hins vegar ekki mótmælt, að hann hafi kastað mold og eggjum, en framburður ákærða um það, hvað hann hafi aðhafzt, er þó fremur óljós. Hann segir, að það geti vel verið, að hann hafi kastað eggjum, og sig minni, að hann hafi gert það, og hafi hann fengið eggin hjá einhverjum manni í hópnum. Þá segir ákærði, að hann hafi kastað mold, „svona einu sinni eða tvisvar“, „kannske tvisvar eða þrisvar“.

Hann mótmælir því, að hann hafi getað brotið rúðu í þinghúsdyrnum, þar eð hann hafi aldrei kastað grjóti. Hann kveðst halda, að hann hafi kastað í einhvern „hvítliða“ eð „strák með kylfu“. Hann kveðst ekki vita, hvort hann hafi kastað í þinghúsið, og hann haldi, að hann hafi ekki kastað í lögreglumenn.

Vitnið Gunnlaugur Þórðarson forsetaritari kveðst hafa verið staddur niðri í Alþingishúsi, meðan á óeirðunum stóð. Kveðst hann skömmu áður en lögregluþjónar gerðu útrás frá dyrunum hafa verið staddur við glugga á 2. hæð í húsinu. Þá hafi verið mikið grjótkast að húsinu. Sérstaklega kveðst Gunnlaugur hafa tekið eftir einum ungum manni í hópnum, sem verið hafi að bera sig til að kasta einhverju að húsinu. Í því kom steinn í gluggann, og varð vitnið þá að hörfa frá. Gunnlaugur lýsti áðurnefndum manni fyrir lögregluþjóni á eftir, og kvaðst hann þekkja ákærða af lýsingunni. Gunnlaugur kveður mann þenna hafa verið klæddan stormblússu og með húfu úr svipuðu efni með rauðum stöfum eða einhverju slíku. Kemur það heim við lýsingu ákærða sjálfs á klæðnaði sínum, en hann kveðst hafa verið í khakiskyrtu með hvíta húfu úr striga með rauðum stöfum. Gunnlaugur segir, að kringum manninn hafi verið hópur ungra manna, sem verið hafi að kasta grjóti, og hafi sér virzt maðurinn vera að eggja þá til óláta.

Vitnið Hjálmtýr Bjarg Hallmundsson verkamaður, Herskólacamp 27, kveðst hafa átt erindi niður í Góðtemplarahús nokkru eftir hádegi umræddan dag og hafi hann þá átt leið um mannþröngina á Austurvelli og staldrað þar dálítið við. Kveðst Hjálmtýr hafa verið staddur við Dómkirkjuna, er hann hafi séð ákærða koma af Kirkjutorgi, og hafi hann gengið rétt fram hjá Hjálmtý. Kveðst Hjálmtýr hafa séð greinilega, að ákærði hélt á steini í annarri hendi, en eggí í hinn. Ákærði hafi verið þarna í fylgd með nokkrum strákum og hafi ákærði verið að eggja þá, og hafi fas ákærða allt verið hið ófriðlegasta. Ákærði hafi sagt við förunauta sína: „Nú skulum við koma og halda áfram“ eða eitthvað á þá leið, og hafi hann síðan horfið í mannþröngina, og missti Hjálmtýr þar sjónar á honum.

Varðandi framburð Hjálmtýs segir ákærði, að hann muni ekki til þess,

að hann hafi nokkurn tíma verið staddur framan við Dómkirkjuna, en annars muni hann ekki nákvæmlega um ferðir sínar. Hann segir, að vera megj, að hann hafi verið með egg í höndum, en ekki grjót.

Þá skýrir vitnið Bergur Kristinsson verzlunarmaður, Laufásvegi 42, frá því, að hann hafi séð ákærða á Austurvelli umræddan dag. Kveðst Bergur hafa staðið uppi á hliðinu við innganginn að Listamannaskálanum og hafa séð vel yfir hópinn. Segir Bergur, að ákærði hafi löngum haldið sig í hóp með nokkrum öðrum strákum á Austurvelli beint á móti þinghúsinu miðju. Staðhæfir Bergur, að hann hafi margsinnis séð ákærða og félagu hans kasta að húsinu. Ekki kveðst hann hafa séð með fullri vissu, hvað það var, sem ákærði kastaði, en telur það hafa verið steina. Bergur kveðst hafa séð ákærða fara burt tvisvar eða þrisvar, og hafi hann þá farið austur með húsinu ásamt félögum sínum, en þeir hafi jafnan komið fljótlega aftur og hafið þá kast að húsinu af auknum krafti, og telur Bergur, að þeir hafi í þessum ferðum sínum verið að ná sér í grjót eða eitthvað annað til að kasta.

Þá skýrir Guðbrandur Þorkelsson lögregluþjónn frá því, að hann hafi einu sinni séð ákærða kasta einhverju að húsinu, en þá var Guðbrandur á lögregluvakt framan við þinghúsdyrnar.

Með framburði ákærða sjálfs og vitna er sannað, að hann tók þátt í óspektum umræddan dag. Telja verður það nægilega sannað, að ákærði hafi kastað mold og eggjum að Alþingishúsinu, enda þótt ákærði sjálfur segist ekki „vita“, hvort hann hafi kastað í þinghúsið, enda bera fjögur vitni, að þau hafi séð ákærða beina köstum að húsinu. Í upphafi gaf ákærði loðin svör við spurningu um, hvort hann hefði kastað grjóti að þinghúsinu, enda þótt hann síðar neitaði að hafa gert það. Þegar framburðir vitnanna varðandi grjótkast af hendi ákærða eru virtir í þessu ljósi og tillit tekið til þess, að hann tók mjög virkan þátt í óeirðunum, þykir nægilega sannað, að hann hafi kastað grjóti í húsið. Ákærði þykir með atferli þessu hafa gerzt sekur um brot gegn 100. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Ákærði hefur kannast við að hafa kastað mold að einum varaliðsmanna lögreglunnar, og þykir háttsemi hans brjóta gegn 1. sbr. 3. mgr. 106. greinar almennra hegningarlaga. Með óspektum þeim, er ákærði hafði þarna í frammi, þykir hann loks hafa gerzt brotlegur við 1. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930. Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 12 mánuði.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa. Rétt þykir með tilvísun til 76. gr. hegningarlaganna að ákveða, að gæzluvarðhald ákærða frá 4.—6. apríl s.l. komi til frádráttar refsingu ákærða.

Ákærði Magnús Hákonarson.

Ákærði Magnús Hákonarson hefur borið það, að hann hafi dvalið hér í bænum síðan í september f. á. vegna náms síns. Hann borðaði í Aðalstræti

12. Þar var hann staddur í matmálstíma um hádegis 30. marz f. á. og hitti þá Hauk Ársælsson verzlunarmann, Drápuhlíð 26 hér í bæ, sem einnig borðaði þar. Tóku þeir tal saman. Þeir segjast báðir hafa séð prentaðan miða, þar sem skorað var á friðsama borgara að mæta við Alþingishúsið eftir hádegi þenna dag. Þeir hafi nú farið að tala um það, hvort þeir ættu ekki að fara þangað, og hafi þeir orðið sammála um að gera það. Annar þeirra hafi ekki frekar en hinn átt frumkvæði að þessu. Hafi þeir tekið það fullkomlega upp hjá sjálfum sér, en ekki fyrir frumkvæði annarra, og hafi þeir aðeins ætlað sér að vera áhorfendur að því, sem þarna færi fram, en ekki til að taka þátt í nokkrum ólátum eða óeirðum, enda hafi þeir alls ekki búið sig undir slíkt. Ákærði Magnús Hákonarson hefur getið þess, að það hafi verið ætlan hans að fara austur í Vik í Mýrdal um kvöldið.

Ákærði Magnús og Haukur Ársælsson hafa borið, að þeir hafi svo farið í bifreið austur í Lækjargötu og skilið bifreiðina þar eftir, en gengið síðan að Alþingishúsinu. Mun klukkan þá hafa verið um 13 og fátt eitt af fólki við húsið. Þeir hafi dvalið þarna nokkra stund. Ákærði Magnús Hákonarson hitti þarna Halldór Hermannsson verzlunarmann, herbergisfélaga sinn, og töluðu þeir saman nokkur orð almenns efnis, en Halldór hélt svo til vinnu sinnar. Kveðst Halldór ekki hafa getað séð annað en ákærði Magnús væri þarna kominn af sömu ástæðu og hann, að sjá, hvað þarna myndi vera á ferðum.

Ákærði Magnús og Haukur kveðast hafa heyrt, að einhverjir ræddu um, að útifundur væri við Miðbæjarbarnaskólann. Þeir hafi því farið þangað og verið þar fáeinar mínútur, en þá var fundurinn úti, og fylgdust þeir þá með mannfjöldanum, sem hélt óskipulega að Alþingishúsinu. Hafi nú mun meiri mannfjöldi verið samankominn fyrir framan húsið en áður hafði verið, og hafi þeir tekið sér fyrst stöðu í Kirkjustræti út undan norðausturhorni þinghússins eða fyrir enda Templarasunds. Þeir hafi séð tvo menn fljúgast á á götunni nokkru vestar, og fluttu þeir sig þá í átt til þeirra (nokkru vestar) til að sjá áflogin betur, en mennirnir voru fljótt skildir. Ákærði Magnús og Haukur segjast svo hafa tekið sér stöðu á nyrðri gangstétt strætisins fyrir framan aðaldyr þinghússins.

Mannsöfnuðurinn fyrir framan Alþingishúsið hafi nú verið farinn að hrópa í kór „þjóðaratkvæði“ og „við heimtum svar“, og kveðast ákærði Magnús og Haukur hafa tekið undir í þessum kór, en ákærði Magnús kveðst þó eiginlega ekkert geta sagt um, við hverju svar var verið að heimta, en honum hafi verið ljóst, að deila stóð um Atlantshafsbandalagið. Menn hafi farið að kasta eggjum, mold og grjóti í þinghúsið og í átt til þess, og rúður hafi brotnað í því. Bæði ákærði Magnús og Haukur neita því eindregið að hafa tekið nokkurn þátt í því. Lögreglumenn hafi nú rutt fólkinu frá Alþingishúsinu, og þá munu ákærði Magnús og Haukur hafa orðið viðskila og ekki sézt meira eftir það. Kveðst Haukur hafa farið vestur í bæ til vinnu sinnar.

Ákærði Magnús kveður, að lögreglumennirnir hafi haldið síðan aftur til baka að Alþingishúsinu og skipað sér á gangstéttina sunnan við Austur-

völl og haldið nokkuð auðri götunni fyrir framan þinghúsið. Fólkið hafi fært sig aftur upp á gangstéttina, sem lögreglumennirnir stóðu á. Hann hafi nú farið aftur á sama stað, sem hann hafði verið á, og því nú verið kominn alveg í fremstu röð fólksins og fast að lögreglumönnum.

Hann sá Lárus Salómonsson lögregluþjón á meðal þeirra, en Lárus var þá kennari hans í glímu. Gekk Lárus til hans og heilsaði honum. Kveður Lárus, að lögreglan hafi þá einu sinni eða tvisvar sinnum verið búin að ryðja fólkinu frá Alþingishúsinu. Eggja-, moldar- og grjótkast á húsið og fólk hjá því hafi verið búið að standa yfir um þó nokkurn tíma, en ekki veið farið að bera á neinum verulegum óeirðum. Lárus kveður sér hafa þótt miður að sjá ákærða Magnús þarna undir svona kringumstæðum og því beðið hann að fara í burtu. Hafi ákærði Magnús lofað því og sagt jafnframt, að hann ætlaði að fara heim til sín austur í Vík og vera þar yfir páskana, svo að hann mundi ekki geta mætt á glímuæfingu þann tíma. Lárus hafi þá beðið hann um að koma um kvöldið á æfingu og kveðja strákana, sem með honum voru í glímunni, og kvaðst hann mundu gera það. Síðan hafi þeir skilið. Lárus kveður, að ákærði Magnús hafi verið kátur og engin æsing í honum. Hann hafi ekki orðið var við, að ákærði Magnús tæki þátt í nokkrum ólátum, óeirðum eða skemmdarverkum, en einu sinni hafi ákærði Magnús rétt upp hendina, eins og margir gerðu til þess að láta í ljós vilja sinn um þjóðaratkvæði eða í sambandi við það, og kunni hann þá að hafa hrópað eitthvað um leið.

Ákærði Magnús hefur staðfest frásögn Lárusar að öllu leyti.

Ákærði Magnús fór þó ekki í burtu og kveður, að það hafi verið sakir forvitni sinnar. Hróp fólksins um þjóðaratkvæði hafi haldið áfram og það heimtað svar, og kveðst hann hafa tekið undir það eins og áður. Margir hafi haldið áfram að kasta eggjum, moldarköggjum og grjóti í þinghúsið og brjóta rúður í því. Við og við hafi mold rignt yfir hann af völdum einhverra, sem voru fyrir aftan hann.

Nokkur vitni hafa borið um háttsemi ákærða Magnúsar, þegar hér var komið. Vitnið Gestur Zophonías Sveinsson lögregluþjónn, Langholtsvegi 106 hér í bæ, hefur borið það, að ákærði Magnús hafi hrópað „þjóðaratkvæði“ og kastað nokkrum sinnum einhverju, sem það hafi ekki vitað, hvað var, í áttina til þinghússins, en það hafi ekki vitað, hvort það hitti nokkuð sérstakt. Það geti verið rétt, að hann hafi tekið það, sem hann kastaði, úr beði við nyrðri gangstétt Kirkjustrætis hjá þeim stað, sem hann stóð.

Vitnið Tómas Karl Bóasson lögregluþjónn, Snorrabraut 35 hér í bæ, kveður, að ákærði Magnús hafi tekið þátt í hrópum, sem margir þeirra, sem þarna voru staddir, gáfu frá sér, m. a. um þjóðaratkvæði, og vitnið Ólafur Guðmundsson lögregluþjónn, Bergþórugötu 57 hér í bæ, kveðst hafa séð, að ákærði hafði hróp í frammi og látbragð hans sýnt, að hann hafi verið með æsingar í huga. En bæði þessi vitni urðu ekki vör við, að hann kastaði eða héldi á nokkrum hlut, og síðarnefnda vitnið telur ekki ósennilegt, að það hafi veitt honum athygli við og við í um 20 mínútur.

Ákærði Magnús viðurkennir að hafa beygt sig einu sinni niður í moldarbarð hjá gangstéttinni, sem hann stóð á, búið til moldarkúlu með hönd-

unum og kastað kúlunni í áttina til Alþingishússins í því skyni að hitta það, eins og aðrir, sem voru að kasta í það. Hann hafi miðað kúlunni á Alþingishúsið, og hafi hún lent í því án þess að valda nokkru tjóni. Hann kveður, að vera megi, að einhverjir smásteinar hafi án hans vitundar getað verið í kúlunni, sem hann kastaði.

Hann kveður, að þegar hann stóð þarna, hafi einhver rétt langa og mjóa spýtu fram til hans, og hafi hann (ákærði Magnús) verið að rétta hana til lögregluþjóns nr. 71, sem var fyrir framan hann, þegar lögregluþjónninn hafi snúið sér við og tekið spýtuna af honum. Kveðst ákærði Magnús ekkert hafa haft að gera við spýtu þessa. Vitnið Eiður Gíslason lögregluþjónn, Bústaðahverfi 4 hér í bæ, sem hafði einkennistöluuna 71 í lögreglulíðinu þenna dag, hefur borið það, að það muni eftir því, að það hafi tekið smáprík af manni þarna, og hafi maðurinn virzt láta prikið góðfúslega af hendi.

Ákærði Magnús hefur borið, að lögreglumenn hafi nú aftur gert útrás út á Austurvöll, og flýði mannfjöldinn, ákærði Magnús þar á meðal, undan þeim. Lögreglumennirnir hafi beitt kylfum, og hafi hann fengið nokkur kylfuhögg á bak og vinstri handlegg, sem gerðu hann máttlausan.

Vitnið Zakarías Hólm Hjartarson verzlunarmaður, Eiríksgötu 23 hér í bæ, sem var með hjálm á höfði, kylfu í hendi og borða með íslenzku fánalitunum á vinstri handlegg í hjálparliði lögreglunnar við útrásina, hefur borið það, að ákærði Magnús hafi beygt sig hvað eftir annað fyrir sunnan stytta Jóns Sigurðssonar á Austurvelli og tekið upp það, sem höndum var næst í blómabeðum þar eða við þau, og kastað því til lögreglunnar og hjálparliðsins, sem hafi aðallega verið fyrir sunnan hann. Kveður vitnið, að það hafi áreiðanlega verið grjót, sem hann hafi kastað, og muni það alveg sérstaklega eftir því, að hann hafi tekið upp stóran stein fyrir sunnan styttuna og kastað honum frá sér. Kveðst vitnið muna eftir a. m. k. þremur köstum hans, en það hafi ekki séð, hvar það lenti, sem hann kastaði.

Ákærði Magnús viðurkennir að hafa gripið mold úr beði fyrir sunnan nefnda stytta og kastað moldinni í átt til lögreglunnar. Hann muni óljóst um innihald moldarkúlunnar og kveður, að vera megi, að einhverjir smásteinar hafi verið án hans vitundar í henni, en hann hefur eindregið neitað því að hafa tekið upp einstaka steina og kastað þeim, og sérstaklega hefur hann neitað því að hafa tekið upp stóran stein og kastað honum. Lögreglan hafi nú beitt tárágasi, og hafi hann sem aðrir flúið undan því. Ákærði kveðst hafa beygt sig nokkrum sinnum fyrir norðan margnefnda stytta og tekið handfylli sína af mold, búið til kúlur úr henni og kastað þeim í áttina til lögreglumanna, sem staddir voru á velliinum fyrir framan Alþingishúsið, en kúlurnar hittu ekki neinn honum vitanlega.

Ákærði Magnús kveður, að gasið hafi minnkað fljótlega á Austurvelli, og hafi fólk hópað þangað aftur. Hann hafi farið á sama stað og áður á nyrðri gangstétt Kirkjustrætis á móti miðju þinghúsinu. Grjót- og moldararás hafi aftur verið hafin á þinghúsið og menn þá úr hjálparliði lög-

reglunnar, sem stóðu þar. Ákærði Magnús kveðst hafa aðeins verið áhorfandi að þessu, en hrópað þó eins og mannsöfnuðurinn.

Lögreglumennirnir hafi nú aftur gert útrás og hleypt gasi yfir völlinn. Mannsöfnuðurinn og ákærði Magnús þar á meðal hafi tekið til fótanna.

Litlu eftir þetta var ákærði Magnús handtekinn. Eru framburðir þeirra, sem nálægir voru og yfirheyrðir hafa verið út af því, ekki alveg samhljóða, og verður nú greint frá þeim.

Vitnið Þorkell Steinsson lögregluþjónn, Holtsgötu 14 hér í bæ, sem var barna við lögreglustarf í umrætt skipti og hafði byssu til að skjóta tárageasi úr og gasgrímu á höfði, hefur borið það, að þegar það hafi gengið vestur Austurvöll, hafi það komið auga á ákærða Magnús á reitnum fyrir vestan stytta Jóns Sigurðssonar, og hafi það ekki getað betur séð af öllum tilburðum hans en að hann hafi einmitt verið að mynda sig til að kasta í það steini, að því er það hélt, en alveg rétt áður, þegar það gekk austur völlinn, hafi það séð hann beygja sig niður og grípa stóran hraunstein á völlum. Vitnið kveðst því hafa hlaupið í áttina til hans og miðað gasbyssunni á hann.

Hann hafi tekið til fótanna, áður en hann hafi verið búinn að kasta í áttina til vitnisins. Fyrir vestan styttuna hafi það skotið úr 10—15 metra fjarlægð, að því er það heldur, af byssunni í átt til hans. Hann hafi beygt sig, þegar skotið reið af, og hafi það orðið til þess, að það lenti í höfði hans. Hann hafi fallið, æpt og fórnað höndum, en lögreglumenn með gasgrímur, sem komu nú að, hafi handtekið hann. Vitnið kveður, að áður en það skaut úr byssunni, hafi ákærði kallað ókvæðisorðum til þess sem og lögreglunnar yfirleitt. Hafi vitnið að sjálfsgöðu haft öðrum störfum að gegna en að leggja hlustir við ókvæðisorðum hans, en það muni þó sérstaklega eftir því, að hann hafi sagt ógrandi við það „Hvað heldurðu, að þú getir (þið getið).“

Ákærði Magnús ber, að hann hafi hlaupið norður eftir Austurvelli fyrir sunnan stytta Jóns Sigurðssonar, tekið upp mold, búið til kúlur og kastað nokkrum sinnum í átt til lögreglumannanna, sem voru fyrir sunnan hann á völlum. Verið geti, að kúlurnar hafi hitt einhvern eða einhverja af lögreglumönnum, en hann veitti því ekki sérstaka athygli. Hann hafi svo flúið í átt til Sjálfstæðishússins, en dottið á leiðinni, og hafi hann þá máské rífið upp stóran hraunstein, en hann muni ekki eftir þeim atburði. Þá kveður hann, að vera megi, að um leið hafi hann tekið upp handfylli af einhverju, sem hafi verið barna við fætur hans, mold, sand eða grjótmylsnu eða steina og þá væntanlega í þeim tilgangi að kasta því eins og moldinni áður. Hann hafi staðið upp og haldið áfram í sömu átt, en í norðvesturhorni vallarins hafi ekki verið gas. Lögreglumaður hafi hlaupið á eftir honum og skotið á hann úr táragebyssu. Ákærði Magnús bar í fyrstu, að líklega hefði verið skotið á hann úr 4—5 metra fjarlægð, en síðar vildi hann ekki véfengja frásögn vitnisins Þorkels Steinssonar um það. Hafi gasið lent beint í vinstri öxl hans, og þaðan hafi það farið í vinstri vanga og auga hans. Kraftur gassins hafi verið svo mikill, að hann hafi dottið, en sársaukinn ógurlegur og hann því hrópað upp. Hafi hann

litt vitað af sér um stund, en verið handtekinn. Hann kveðst muna, að hann hafi sagt eitthvað, og telur ekki ósennilegt, að það hafi verið einhver ókvæðisorð um lögregluna eða til hennar eða til lögregluþjónsins, sem skotið hafði táragasinu í hann, en hann muni það vel, að hann hafi aldrei kastað neinu til lögregluþjónsins eða myndað sig til að kasta í hann. Þá hefur hann haldið fast við það, að hann hafi aldrei kastað steini frá sér.

Áðurgreint vitni, Gestur Zóphonias Sveinsson lögregluþjónn, hefur borið það, að ákærði Magnús hafi hlaupið í átt til ósprunginnar bombu, sem farið var að rjúka úr á suðvesturhluta Austurvallar, og hafi það búizt við því, að hann ætlaði að grípa bombuna og kasta henni eitthvað frá sér, áður en hún spryngi. Í þessu hafi lögregluþjónn, sem reyndist vera vitnið Þorkell Steinsson, skotið úr gasbyssu í átt til ákærða Magnúsar, en það treystir sér ekki til að segja, úr hve mikilli fjarlægð. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við, að ákærði Magnús væri eða myndaði sig til að kasta einhverju, og getur ekki borið um, hvort hann hélt á einhverju í höndunum.

Ákærði Magnús kveðst ekki hafa orðið var við ósprungna bombu, rétt áður en skotið var á hann.

Vitnið Sverrir Guðmundsson lögregluþjónn, Ásvallagötu 25 hér í bæ, hefur borið það, að það hafi hlaupið norður með vesturhlið stígs þess, sem liggur frá stytta Jóns Sigurðssonar beint að þinghúsinu, og hafi þá vitnið séð út undan sér til vinstri handar ákærða Magnús, sem sveiflað hafi hendinni, eins og hann væri að kasta einhverju í átt til Alþingishússins. Vitnið, sem var með gasgrímu og bar kylfu, kveðst hafa hlaupið í átt til hans, sem hafi þá hörfað undan í vestur yfir gangbrautina, sem liggur milli nefndrar stytta og suðvesturhorns vallarins. Þar hafi ákærði Magnús beygt sig niður í beð, tekið eitthvað upp, en þó ekki kastað neinu. Vitnið kveðst hafa komið alveg að honum, og hafi þeir verið í stöðu til átaka, þegar lögregluþjónn, sem reyndist vera vitnið Þorkell Steinsson, skaut af gasbyssu sinni úr ca. 5 metra færi á hann, sem féll við og var fljótlega handtekinn.

Ákærði Magnús hefur ekkert haft að athuga við framburð vitnisins Sverris í neinum sérstökum atriðum, en hann minnst þess þó ekki að hafa sveiflað hendinni og kastað einhverju í átt til þinghússins í þetta skipti. Þá heldur ákærði Magnús, að frásögn vitnisins Sverris um, að hann hafi beygt sig niður og tekið eitthvað upp án þess að kasta því muni eiga við einmitt þá sömu hreyfingu og vitnið Þorkell Steinsson hefur getið um í framburði sínum.

Vitnið Hjörtur Elíasson lögregluþjónn, Laugavegi 24 hér í bæ, hefur borið það, að það hafi verið statt nálægt miðju Austurvallar, þegar ákærði Magnús var handtekinn. Hann hafi þá verið á vesturhluta vallarins og komið úr vestur eða norðvesturátt. Vitnið kveðst hafa séð, að hann kastaði einhverju í átt til lögreglumanna, sem voru hjá Alþingishúsinu, en það hafi ekki tekið eftir því, hvar það lenti, sem hann kastaði.

Ákærði Magnús hafi svo stokkið fram í átt til gassprengju, sem muni

hafa verið ósprungin, og kveðst vitnið hafa talið það víst, að hann hafi ætlað sér að ná í hana og kasta henni. Lögregluþjónn með tárugasbyssu hafi komið í þessu og skotið á ákærða Magnús úr henni, og hafi hann fallið við skotið. Kveðst vitnið geta fmyndað sér, að lögreglumaðurinn hafi skotið á hann úr 10—15 metra fjarlægð, en það sé þó aðeins ágizkun.

Vitnin Sigrún Björnsdóttir Laxdal, Ásvallagötu 33, Indíana Sigfúsdóttir, Marargötu 3, og Guðbjörg Bergþóra Árnadóttir, Defensor við Sætún, allar hér í bæ, hafa borið, að þau hafi verið í umrætt skipti í syðsta herbergi austan megin á annarri hæð Landssímahússins og horft út um glugga, sem snýr að Austurvelli. Ákærði Magnús hafi gengið hægt frá stytta Jóns Sigurðssonar í átt að Thorvaldsensstræti, ekki numið staðar, en þegar hann hafi átt ófarna fáeina metra út af vellinum, hafi lögreglumaður skotið á hann úr áreiðanlega ekki yfir tveggja metra fjarlægð. Þau hafi ekki orðið vör við, að ákærði héldi á nokkru í höndunum eða myndaði sig til að kasta einhverju eða að hann gripi í stein eða að hann beygði sig. Vitnin Indíana og Guðbjörg Bergþóra urðu ekki vör við, að hann sparkaði í nokkurn hlut, en síðarnefnda vitnið kveður, að hann hafi beygt sig nokkuð, áður en skotið var á hann. Vitnið Sigrún kveður, að því hafi virzt hann ganga álútur, og hafi hann eða einhver annar maður spyrnt lítillaga fæti við rjúkandi gasbombu á vellinum, en þetta virtist gert af einhverri rælni, en alls ekki til þess að bomban hitti nokkurn.

Vitnið Cýrus Hjartarson bifreiðarstjóri, Camp Knox C-21 hér í bæ, hefur borið, að það hafi í umrætt skipti verið statt í Thorvaldsensstræti fyrir framan Landssímahúsið, og kveðst það fyrst hafa tekið eftir ákærða, þegar hann var rétt fyrir vestan stytta Jóns Sigurðssonar. Virtist því sem lögregluþjónn væri að vísa honum út af vellinum, og virtist því hann (ákærði Magnús) þá ekkert gera af sér og vera hinn rólegasti. Annars er framburður þessa vitnis alveg í samræmi við framburð vitnisins Indíönu Sigfúsdóttur, en það telur þó, að lögreglumaðurinn hafi skotið á ákærða Magnús úr mesta lagi hálfis annars metra fjarlægð.

Vitnið Brandur Brynjólfsson lögfræðingur, Bergstaðastræti 6 A hér í bæ, kveðst hafa verið statt nálægt aðaldyrum Landssímahússins í Thorvaldsensstræti í umrætt skipti. Vitnið kveður, að ákærði Magnús hafi verið á flötinni fram undan Landssímahúsinu, þegar lögreglumaðurinn skaut á hann, og hafi ekki verið minna en 7 metrar og líklegra, að það hafi verið 10 metrar en 7 metrar á milli þeirra. Vitninu virtist ákærði Magnús vera í greinilegri varnarstöðu gegn lögregluþjóninum, því að hann sneri að honum, og virtist vitninu hann vera að gera sig líklegan til að sparka einhverju að lögregluþjóninum. Nánar aðspurt kveður vitnið, að gashylki hafi verið hér og þar á vellinum og ekki ósennilegt, að ákærði Magnús hafi ætlað að sparka slíku hylki frá sér. Virtist því sem hann gerði sig líklegri til að sveifla fæti sínum en höndum, og varð það ekki vart við, að hann myndaði sig til að kasta nokkru með höndunum.

Vitnið Sigurður Sigurðsson, fulltrúi hjá Ríkisútvarpinu, Klapparstíg 26 hér í bæ, kveðst hafa horft út um glugga á 4. hæð Landssímahússins í

umrætt skipti. Kveður vitnið, að ákærði Magnús hafi verið á hreyfingu á Austurvelli, líklega um 10 metra frá Thorvaldsensstræti, þegar lögreglumaður skaut á hann á mjög stuttu færi og virtist vera alveg hjá honum. Vitnið varð ekki vart við, að ákærði Magnús hefði nokkuð í hendi sér eða kastaði eða myndaði sig til að kasta einhverju frá sér eða hann gripi í stein eða í annað á vellinum eða að hann beygði sig niður, áður en skotið kom í hann. En vitninu virtist sem hann og tveir menn, sem hjá honum voru, mynduðu sig til að sparka í gashylki, sem voru þarna hjá þeim á vellinum.

Vitnið Jón Magnússon, fréttastjóri Ríkisútvarpsins, Langholtsvegi 135 hér í bæ, kveðst hafa horft út á Austurvöll úr glugga á 4. hæð í Landsímahúsinu og séð ákærða vera að hníga niður á flötinni við Thorvaldsensstræti, og hafi þá lögregluþjónn staðið nokkur skref, máske 5—7 metra, frá honum.

Vitnið Lars Tramberg Jakobsson loftskeytamaður, Hrístateig 10 hér í bæ, kveðst hafa í umrætt skipti verið í Thorvaldsensstræti framan við Landsímahúsið og séð, þegar lögreglumaður skaut á ákærða Magnús á flötinni þar fyrir framan, en fyrr hafi vitnið ekki veitt ákærða athygli. Lögreglumaðurinn hafi þá verið mjög nálægt honum, ekki 3 metra að ágizkun þess.

Ákærði Magnús var færður í fangahúsið og síðan úrskurðaður í gæzluvarðhald, en var laus látinn 4. apríl f. á.

Hann hlaut nokkur meiðsl af gasskotinu. Hefur Kristján Sveinsson læknir gefið vottorð um meiðslin, dags. 27. maí f. á., og er vottorðið svohljóðandi:

„Ég undirritaður læknir skoðaði hr. Magnús Hákonarson, 17 ára, 31/3 1949, þá staddan í hegningarhúsinu í Rvík. Var hann talsvert bólginn í andliti og sérstaklega kringum vinstra auga. Smábrunaskellur sáust hingað og þangað í andliti, sömuleiðis upp í hársverði. Við skoðun á vinstra auga sást stór abrasio á carnea neðanverðri og allur neðri hluti augans talsvert bruninn (frá kl. 1—7), var því augað talsvert injicerað, fundus virtist eðlilegur. Hægra neðra augnlok dálítið bólgið, annars virtist hægra auga eðlilegt. Þess má geta, að á vinstri handlegg sáust stórir marblettir við olnboga og á upphandlegg.

Enn fremur skal nú tekið fram, að sjúklingurinn hefur gengið til mín til skamms tíma vegna bólgu í vinstra auga, sem er afleiðing meiðslisins frá 30/3 1949, en virðist nú vera orðinn sæmilegur í auganu, og sjón virðist ekki ætla að skemmast að ráði á auganu.“

Ákærði hefur staðhæft, að hann hafi ekki komið niður að Alþingishúsi í umrætt skipti í öðrum en friðsamlegum tilgangi, og hafi hann þá engin ólæti, ryskingar eða spellvirki haft í huga. Hann kveðst ekki eiga auðvelt með að skýra frá því, hvers vegna hann gerði það, sem hann gerði á Austurvelli og við hann í þetta skipti, því að hann geti ekki gert sér sjálfur að fullu grein fyrir því. Hann kveðst hafa leiðzt til athafnanna undir áhrifum annarra, sem þarna voru. Honum hafi fundizt sem hann þyrfti að vera með öðrum, sem þarna hrópuðu eða köstuðu, og áður en hann hafi vitað af, hafi þátttaka hans verið skeð, fyrst með því að taka þátt

í hrópunum og síðan að kasta, áður en til ryskinganna kom, einni handfylli af mold á Alþingishúsið án þess að valda þar nokkru tjóni. Honum hafi þá verið það vitanlegt, að í Alþingishúsinu var verið að afgreiða til lögu um þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu, en hann hafi ekki hugsað út í það, hvort þingfundur stóð yfir. Hann hafi ekki haft það í huga, að lítilsvirða Alþingi eða hindra eða trufla starfsfrið þess með athöfnum sínum. Á bak við athafnir hans hafi ekki annað verið en það, að hann hafi ekki staðizt mátið, svo að hann í fullkomnu hugsunarleysi hafðist það að, sem hann hafi frá skýrt. Hann hafi, þegar til ryskinganna kom, kastað mold í átt til lögregluþjónanna og hjálparmanna lögreglunnar til að hefna sín fyrir högg, sem hann hafi fengið í vinstri handlegg af völdum eins lögregluþjóns, sem hafi verið að ryðja fólki frá Alþingishúsinu. Einnig hafi hann kastað mold í átt til þeirra manna, sem stóðu fyrir framan Alþingishúsið og mynduðu eins konar vegg þar, og hafi tilgangur hans verið að hitta þá, og í því sambandi hefur ákærði Magnús tekið fram, að honum hafi þótt það einkennilegt, að þessum mönnum skyldi vera leyft að vera við húsið á sama tíma sem öllum öðrum, er fjær stóðu frá húsinu, hafi verið rutt frá því og meira að segja með kylfum.

Ákærði Magnús þykir með moldarkasti sínu í Alþingishúsið hafa, eins og á stóð, haft í frammi móðgun í athöfn við Alþingi og þannig gerzt brotlegur gegn 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 per analogiam. Þá hefur hann með atferli sínu gagnvart lögreglumönnum, eins og það er upplýst hér að framan, brotið gegn 106. gr., 1. mgr., og 108. gr. hegningarlaganna og 1. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930. Þykir refsing ákærða Magnúsar með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði.

Rétt þykir að ákveða, að gæzluvarðhaldsvist ákærða Magnúsar frá 31. marz til 4. apríl 1949 skuli koma með fullri dagatölu til frádráttar refsingu hans.

Ákærði Jón Kristinn Steinsson.

Þorkell Þorkelsson verkstjóri, Grettisgötu 31, var í varaliði lögreglunnar, sem gerði útrás úr Alþingishúsinu, eftir að þingfundi lauk þar þann 30. marz s.l. Hefur Þorkell borið, að þegar er þeir varaliðsmennirnir komu út úr þinghúsinu, hafi dunið á móti þeim grjót- og moldarkast frá hópi manna, sem hélt sig út frá miðju þinghúsinu. Í þessum hópi kveðst Þorkell m. a. hafa þekkt ákærða Jón Kristinn Steinsson. Ekki hefur Þorkell getað sagt nákvæmlega um, hvort það hafi verið mold eða grjót, sem ákærði Jón Kristinn varpaði að varaliðsmönnum, né hve oft hann sá hann (ákærða) gera það, en minnir þó, að hann hafi séð hann gera það í 3—4 skipti ásamt öðrum manni, sem hjá honum stóð. Þegar ákærði Jón Kristinn hafði í frammi þetta athæfi, segir Þorkell hann hafa verið staddan austanvert við stytta Jóns Sigurðssonar, sem stendur á miðjum Austurvelli.

Annar maður, sem var í varaliði lögreglunnar umræddan dag, Stefán

Þórarinn Gunnlaugsson bifreiðarstjóri, Skúlagötu 60, hefur borið, að ákærði Jón Kristinn hafi að visu verið framarlega í þeim hópi manna, sem óspektir höfðu í framma og varaliðsmennirnir voru sendir gegn, en ekki kveðst Stefán Þórarinn hafa séð ákærða henda grjóti né gera sig líklegan til þess, og kveðst hann yfirleitt ekki hafa séð ákærða Jón Kristinn hafast neitt að.

Sjálfur hefur ákærði Jón Kristinn Steinsson skýrt svo frá við rannsókn málsins:

Hann kveðst hafa komið niður í miðbæinn um kl. 2 umræddan dag og gengið að Alþingishúsinu. Kveðst hann hafa dvalið þar, þangað til varaliðsmenn lögreglunnar gerðu útrás úr Alþingishúsinu, og verið þá staddur í eystri krikkanum, sem myndast milli nyrðri gangstéttar Kirkjustrætis og gangstígsins, sem liggur beint norður frá aðaldyrum Alþingishússins að stytta Jóns Sigurðssonar. Þegar varaliðsmennirnir sóttu fram út á Austurvöll, kveðst ákærði Jón Kristinn hafa snúið baki að þinghúsinu. Segir hann þá einhvern varaliðsmann hafa greitt sér kylfuhögg í hægri öxl og hafi hann (ákærði) hnotið við, en engin veruleg meiðsl hlotið við þetta högg. Hins vegar kveðst hann hafa reiðzt við þetta og gripið stein, tæplega meðalstóran, og varpað honum af augum í áttina að varaliðsmönnum, sem þá voru að sækja fram út á Austurvöll fyrir vestan ákærða Jón Kristinn. Ekki kveðst hann vita, hvort steinn þessi hæfði nokkurn mann. Eftir að hið reglulega lögreglulið tók að nota táragas til að dreifa mannfjöldanum fyrir utan Alþingishúsið, kveðst ákærði Jón Kristinn hafa sparkað frá sér nokkrum hylkjum utan af táragasi, en annað en það, sem hér að framan er rakið, segist hann ekki muna eftir, að hann hafi aðhafzt, meðan hann dvaldi við Alþingishúsið þenna dag, sem hér ræðir um. Ekki segir ákærði Jón Kristinn neinn hafa hvatt sig til að koma að Alþingishúsinu þenna dag eða aðhafast þar neitt sérstakt.

Samkvæmt framansögðu er sannað, að þessi ákærði hefur gerzt brotlegur við 106. gr., 1. mgr., hegningarlaganna og 1. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Friðrik Anton Högnason.

Kl. 19.00 umræddan dag var lögreglunni tilkynnt, að skömmu áður hefði ákærði Friðrik Anton Högnason komið á bifreiðastöðina Hreyfil og haft meðferðis lögreglukylfu, sem hann hefði náð af lögregluþjóni þá um daginn að eigin sögn. Var þegar náð í ákærða og hann leiddur fyrir rétt. Ákærði kveðst hafa náð kylfunni á Austurvelli um þær mundir, sem lögreglan gerði útrás frá þinghúsdyrnunum. Hann kveðst hafa verið að aðstoða mann einn við að rísa á fætur, er maður hafi komið að og slæmt til hans kylfu. Hafi maður þessi verið óeinkennisklæddur að öðru en því, að hann hafi verið með stálhjálma á höfði og borða á handlegg. Kveðst ákærði hafa tekið í kylfuna og snúið hana af manninum eftir nokkrar sviptingar. Hafi svo skilizt með þeim, og kveðst ákærði hafa stungið kylfunni á sig.

Neitar ákærði því, að hann hafi átt nokkurn þátt í óspektum að öðru leyti en því, sem nú hefur verið greint.

Óupplýst er, hvaða maður það er, sem ákærði tók kylfuna af, og eru því ekki fyrir hendi aðrar upplýsingar um það, hvernig viðureign þeirra ákærða var, en frásögn ákærða sjálfs. Hana verður því að leggja til grundvallar, er refsing ákærða er metin. Samkvæmt henni hefur ákærði beitt ofbeldi gegn manni, er ætla verður, að hafi verið einn af mönnum þeim, sem voru lögreglunni til aðstoðar þenna dag. Með atferli þessu þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. sbr. 3. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og 1. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði.

Ákærði Jóhann Pétursson.

Vitnið Sigurður Friðrik Jónsson lögregluþjónn hefur við rannsókn málsins borið það, að hann hafi verið staddur á Austurvelli kl. 15.30 umræddan dag. Hafi hann þá séð mann, sem staðið hafi á suðausturhorni vallarins, taka upp gassprengju, sem varpað hafði verið að mannfjöldanum, og kasta henni að hópi lögregluþjóna, er staðið hafi nær þinghúsinu, og hafi sprengjan sprungið þar. Fór Sigurður Friðrik og handtók manninn, sem var ákærði Jóhann Pétursson, og færði hann inn í þinghús, og var hann síðar (kl. 17.00) færður í hegningarhúsið og hafður í haldi, þar til næsta dag. Ákærði kveður frásögn Sigurðar Friðriks rétta. Hann kveðst hafa verið staddur á eystri skástígnum frá stytta Jóns Sigurðssonar. Hafi fólkið sem óðast verið að þyrpast af velinum og lögreglan verið farin að kasta táragegssprengjum. Hafi ein sprengjan fallið rétt við fætur honum á stígnum og sprungið þar og gasið rokið úr henni. Kveðst hann þá hafa tekið hylkið og varpað því til baka án þess að miða á neinn sérstakan. Hafi hann svo staðið þarna kyrr, en rétt á eftir hafi hann verið handtekinn.

Sigurður Friðrik Jónsson kveðst hafa tekið eftir, að gas gaus úr sprengjunni, er hún féll hjá lögregluþjónunum, en vera megi, að farið hafi verið að rjúka úr henni áður.

Ákærði kveðst engan þátt hafa tekið í óspektunum að öðru leyti, enda hafi hann verið við vinnu sína fram undir þann tíma, er hann fór út á Austurvöll, rétt áður en umrætt atvik gerðist.

Ákærði þykir með atferli því, er að framan greinir, hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og 1. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði Gísli Rafn Ísleifsson.

Við rannsókn málsins gáfu sig fram tveir menn, sem kváðust hafa séð ákærða Gísla Rafn Ísleifsson taka þátt í óeirðunum. Annar þeirra, Kristinn Niels Þórarinnsson skrifstofumaður, Ásvallagötu 9, kveðst hafa verið liðsmaður í hjálparliði lögreglunnar og hafzt við inni í Al-

Þingishúsinu, þangað til sveitin gerði útrás frá húsinu, skömmu áður en gassprengjum var kastað. Skýrir Kristinn Niels svo frá, að er hann var kominn aftur yfir á gangstéttina við Alþingishúsið að afstaðinni útrásinni, hafi hann séð lögregluþjón með gasgrímu, er honum virtist eftir vaxtarlaginu að dæma vera Lárus Salómonsson, taka sig út úr hópi lögregluþjóna og ganga yfir stíginn í áttina að manni, sem stóð þar einn sér á nokkru svæði, og sló lögregluþjóninn til mannsins með kylfu. Kveðst vitnið strax hafa þekkt, að maður þessi hafi verið ákærði Gíslí Rafn. Segir vitnið, að ákærði hafi nú hörfað nokkuð frá, tekið upp stein og kastað að lögreglumanninum, en hvað síðan hafi orðið, getur vitnið ekki sagt um, þar sem margt hafi borið fyrir augu hans í þessu. Ekki kveðst Kristinn Niels hafa neitt séð til ákærða Gísla Rafns fyrir en rétt í því, er lögregluþjóninn kom til hans.

Ákærði Gíslí Rafn hefur skýrt svo frá, að hann hafi komið niður á Austurvöll um kl. 13.30 og hafi dvalizt þar nokkuð fram eftir. Hann kveðst fyrst hafa verið í fylgd með skólabræðrum sínum, en misst af þeim síðar. Hann hefur ekki viljað kannast við, að hann hafi hent grjóti að lögregluþjóni, en segir, að hann hafi kastað mold eða einhverju slíku að lögregluþjóni, er hafi slegið til hans, er hann hafi verið að aðstoða mann, sem sleginn hafi verið niður á gangstígnunum út að styttunni.

Lárus Salómonsson kveðst hafa orðið fyrir þremur steinum, er hafi hitt hann í útrásinni, sem lögreglan gerði frá þinghúsinu, og hafi það verið rétt áður en tekið var að beita gasinu. Hann kveðst ekki hafa verið búinn að setja upp gasgrímu, er hann fékk á sig þá 3 steina, er áður getur. Hann kveður ákærða vera mjög líkan manni, er kastað hafi steini í hann, en hann kveðst muna, að tveir þeirra, er köstuðu í hann, hafi verið stórir menn, eins og ákærði er. Lárus kveðst þó ekki geta sagt, að hann þekki ákærða.

Ákærði kveðst ekki geta sagt um það, hvort Lárus sé sá lögregluþjón, sem hann kastaði moldinni í eða ekki.

Þá hefur Einar Eliasson verzlunarmaður, Öldugötu 4, skýrt svo frá, að hann hafi verið staddur umræddan dag niðri við Alþingishús og verið lengst af á gangstéttinni utan við Alþingishúsið. Rétt áður en gasinu var dreift, kveðst hann hafa séð ákærða, sem þá hafi staðið gegnt eystra horni Alþingishússins á gangstéttinni, og hafi hann hvað eftir annað kastað grjóti að lögregluþjónum, sem verið hafi á götunni að setja á sig gasgrímur. Kveðst Einar vera viss um, að það hafi verið grjót, sem ákærði kastaði, því að hann hafi heyrt bylja í hjálmum lögreglumannanna.

Frekari upplýsingar hafa ekki getað sagt um háttsemi ákærða í umrætt skipti. Af framburðum vitnanna er ljóst, að þau bera eigi um sömu atvik. Þykir því eigi gegn neitun ákærða sannað, að hann hafi kastað grjóti, og þykir verða að leggja framburð hans sjálfs aðallega til grundvallar. Ákærði hefur kannast við, að hann hafi varpað mold að lögregluþjóni, sem þarna var að starfi sínu. Þykir sú háttsemi hans vera brot gegn 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þetta at-

ferli hans er einnig brot gegn 1. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Refsing hans þykir hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði.

Ákærði Árni Pálsson.

Vitnið Jón Ebenezersson Halldórsson, sem, eins og áður er greint, var staddur í mannþrönginni við Alþingishúsið umræddan dag, kveðst hafa séð ákærða Árna Pálsson kasta eggjum eða eggjum að Alþingishúsinu, en getur ekki sagt um, hvort hann kastaði einu eggjum eða fleirum. Vitnið Lárus Axel Helgason kveðst hafa séð ákærða þarna og hafa orðið var við, að hann hafi verið með egg, án þess þó að hann sæi hann beinlínis kasta eggjum. Kveðst Lárus Axel hafa gengið fram hjá ákærða og slegið með hendinni á frakkavasa hans, vegna þess að hann taldi líklegt, að ákærði væri með egg í vasanum.

Ákærði kveðst hafa komið einn síns liðs niður að Alþingishúsi í umrætt skipti. Hann kveðst hafa gengið inn í mannþröngina á gangstéttinni við Austurvöll. Hafi hann séð hóp Heimdellinga undir þinghúsveggnum og hafa sagt um leið og hann gekk framhjá þeim, að aumt væri að láta hafa sig í svona atvinnu eða eitthvað á þá leið. Einn maður í hópnun hafi svarað honum fullum hálsi og sagt honum að koma sér burt eða eitthvað í þá átt. Í sömu svipan hafi maðurinn hent í hann hanzka.

Ákærði kveðst nú ekkert hafa aðhafzt um sinn og gengið um og séð rétt á eftir mann með nokkur egg í höndunum. Ákærði segist hafa verið að hugsa um að biðja manninn að gefa sér egg, en hann hafi þá rétt sér tvö egg óbeðið. Kveðst ákærði svo hafa hent öðru egginu yfir í hóp Heimdellinganna. Kveðst ákærði hafa nú gengið um í nokkra stund með eggjum í hendinni. Hafi Lárus Axel Helgason komið til sín og slegið með hendinni í vinstri nára sér. Ákærði kveðst rétt á eftir hafa misst eggjum í þvögunni. Neitar ákærði því algerlega, að hann hafi tekið nokkurn þátt í óspektum þarna, að því undanskildu, að hann hafi kastað einu eggjum, sem fyrr er greint. Kveður ákærði það hafa verið ætlun sína, að eggjum lenti í Heimdellingunum, en ekki hafi hann séð, hvar það lenti.

Ákærði þykir með því að kasta eggjum að Alþingishúsinu hafa, eins og á stóð, sýnt Alþingi móðgun í athöfn, og hefur hann þannig gerzt brotlegur við 108. gr. almennra hegningarlaga analogice og 1. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði.

Ákærði Kristján Guðmundsson.

Tvö vitni hafa borið það við rannsókn málsins, að þau hafi séð ákærða Kristján Guðmundsson taka þátt í óspektunum. Annað vitna þessara, Magnús Helgason bifreiðarstjóri, Hlíðarvegi 5 í Kópavogi, kveðst hafa verið staddur við Alþingishúsið frá kl. 13 til kl. 14.30 og hafi hann haldið sig framan við húsið beint á móti dyrunum, en vestanvert við hann hafi verið hópur óspektarmanna. Í hópi þessum kveðst Magnús hafa séð ákærða. Hann hafi haft í frammi köll og hávaða. Hann hafi einnig beygt

sig niður þremur eða fjórum sinnum og tekið upp eitthvað, sem hann hafi kastað að húsinu. Magnús skýrði rannsóknarlögreglunni svo frá, að hann hefði séð ákærða kasta grjóti að húsinu og lögreglumönnunum og öðrum mönnum, sem staðið hafi fyrir framan það. Við yfirheyrslu fyrir dómi kveðst Magnús ekki hafa séð það með fullri vissu, hvort það var grjót eða annað, sem ákærði varpaði að húsinu. Magnús kveðst hafa séð, að einu sinni brotnaði rúða í Alþingishúsinu, um leið og ákærði kastaði, án þess að hann vilji fullyrða, að skeyti það, er ákærði varpaði, hafi valdið rúðubrotinu.

Þá skýrir vitnið Júlíus Schiöth Lárusson bifreiðarstjóri, Laugavegi 67 A, sem að eigin sögn var stadd á tröppunum framan við þinghúsdýrnar, frá því, að það hafi séð ákærða rétt fyrir framan lögreglumennina og hafi hann æpt mjög og látið ófriðlega. Síðan hafi hann flutt sig út í hópinn, sem var úti á vellinum framan við þinghúsdýrnar, og þaðan hafi hann kastað nokkrum skeytum í áttina að húsinu og lögreglunni. Júlíus kveðst ekki hafa séð, hverju ákærði kastaði, enda hafi um þessar mundir verið mörg skeyti á lofti og erfitt að átta sig á, hvað kom frá hverjum.

Þá ber vitnið Magnús Helgason, að ákærði hafi ráðizt að ljósmyndara, sem verið hafi að taka mynd af hópnum þar nálægt. Hafi ákærði öskrað: „Ertu að taka mynd af okkur, helvítis þrjóturinn þinn“ eða eitthvað á þá leið, og ráðizt að ljósmyndaranum og hafi fleiri menn þyrpzt um hann og hafi hann verið felldur í götuna, og telur Magnús, að það muni ákærði hafa gert. Lögregluþjónar hafi síðan rutt sér leið þangað og bjargað ljósmyndaranum án þess þó, að þeir lentu í neinni viðureign.

Ákærði kveðst hafa komið niður að Alþingishúsi nokkru eftir hádegi og verið þar um skeið, en hafa verið farinn, er mestu ólætin urðu. Hann kveðst hafa farið burt, skömmu eftir að tilkynnt var í hátalara, að þingmenn Sósíalistaflokksins væru lokaðir inni í Alþingishúsinu. Hann kveðst lengst af hafa verið staddur á Austurvelli eða á götunni framan við þinghúsið, og kveðst hann hafa tekið þar þátt í köllum ásamt öðru fólki. Hann hefur eindregið neitað því, að hann hafi kastað grjóti eða eggjum að Alþingishúsinu, en einu sinni hafi hann kastað moldarköggli yfir í hópinn, sem stóð framan við Alþingishúsið. Við þenna framburð hefur ákærði haldið staðfastlega. Skiptum sínum við ljósmyndara þann, er greinir hér að framan, lýsir ákærði svo, að hann hafi séð, að ljósmyndarinn hafi verið að taka mynd af sér, og hafi hann ekki kært sig um það og hlaupið til mannsins og bannað honum að taka mynd af sér og ýtt við honum, en ákærði neitar eindregið að hafa fellt ljósmyndarann eða haft í frammi ókvæðisorð við hann. Kveðst ákærði alls ekki hafa aðstoðað við að fella manninn.

Eftir því, sem nú hefur verið greint, er upplýst með játningu ákærða sjálfs, að hann kastaði einu sinni moldarköggli í áttina að þinghúsinu. Þykir og með tilliti til framburða vitnanna mega telja sannað, að ákærði hafi kastað oftari að húsinu en hann vill vera láta. Ósannað er hins vegar gegn eindreginni neitun ákærða, að hann hafi varpað steinum að húsinu. Háttsemi ákærða verður með hliðsjón af aðstæðum að líta á sem móðg-

andi athöfn við Alþingi, og þykir ákærði þannig hafa gerzt brotlegur við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 per analogiam. Þessi háttsemi ákærða er einnig brot gegn 1. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Ákærði Guðmundur Helgason.

Meðan á þingfundi stóð í Alþingi umræddan dag, voru staddir í mannþrönginni Lárus Axel Helgason og Jón Ebenezersson Halldórsson rannsóknarlögregluþjónar. Urðu þeir samferða á staðinn og voru saman þar um skeið. Þeir hafa borið það sem vitni í málinu, að þeir hafi séð nokkra unga menn, sem staddir voru í mannþrönginni framan við húsið, kasta eggjum að húsinu. Jón spurði einn þeirra að heiti og heimilisfangi, og kvaðst hann heita Guðmundur Helgason, Laufásvegi 77, og er það sá hinn ákærði, sem hér um ræðir. Ákærði hefur við rannsókn málsins kannazt við, að hann hafi kastað eggjum að þinghúsinu. Skýrir hann svo frá, að hann hafi komið einn síns liðs á staðinn og verið þarna staddur um stund sem áhorfandi að því, er fram fór. Kveðst hann hafa verið staddur við gangstétina meðfram Austurvelli, er hann hafi fengið mold framan í sig, er kastað hafi verið frá húsinu. Þá kveðst hann hafa farið út í verzlun Silla & Valda í Aðalstræti og keypt þar 3 egg og farið með þau á sama stað og hann hafði áður verið á og hent þeim yfir í mannþvöguna, þaðan sem skítkastið hafði komið. Ekki kveðst ákærði hafa kastað þarna mold né grjóti og engu nema áðurtöldum eggjum. Hefur heldur ekki verið upplýst á annan hátt í málinu, að ákærði hafi haft í frammi óspektir aðrar en þær, er að framan greinir.

Eftir atvikum verður að telja, að ákærði hafi með framangreindu atferli sýnt Alþingi móðgun í athöfn, og hefur hann þannig gerzt brotlegur við 108. gr. almennra hegningarlaga analogice. Háttsemi ákærða er einnig refsiverð skv. 1. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði.

Ákærði Alfons Guðmundsson.

Í lögregluskýrslu dagsettri 30. marz 1949 kærir Guðbrandur Ágúst Þorkelsson lögregluþjónn ákærða Alfons Guðmundsson fyrir að hafa sama dag við Alþingishúsið ráðizt á sig frá hægri hlið, gripið um kylfu sína og ætlað að snúa hana úr hendi sér, en þar eð ákærða Alfons tókst það ekki, hafi hann slegið Guðbrand á vinstri kjálka. Kveðst Guðbrandur í skýrslu sinni hafa getað hrakið ákærða af höndum sér, en þá hafi ákærði hlaupið lengra inn á Austurvöll, rífið þar upp stóra hraunhelli, hent henni að sér af ógurlegri heift og litlu hefði munað, að hún lenti á sér. Síðar hafi ákærði horfið út í mannfjöldann, sem þarna var, en nokkru eftir það verið að berjast við einhvern lögregluþjón, sem ekki er vitað, hver er, og þá hafi ákærði haft barefli, en Guðbrandi tekizt að gera hann óvirkan.

Ákærði skýrir svo frá málavöxtum, að miðvikudaginn 30. marz 1949 um

klukkan 3 e. h. hafi hann komið niður að Alþingishúsi, ekki verið með neinum sérstökum, heldur hingað og þangað innan um mannfjöldann, sem þar var saman kominn, en nokkru eftir að hann var þarna kominn, kveður hann hafa verið tilkynnt í gjallarhorni, að samþykkt hefði verið, að Ísland gerðist meðlimur að Atlantshafsbandalaginu, og þingmönnum Sósíalístaflokksins væri haldið sem fögum í þinghúsinu, og þá hefðu einhverjir tekið að hrópa á Einar Olgeirsson alþingismað, og kveðst ákærði hafa verið einn meðal þeirra. Hrópin hafi nú aukizt og jafnframt hafi menn sem fyrr haldið áfram grjót- og aurkasti að Alþingishúsinu, en hann hefur eindregið mótmælt því að hafa tekið nokkurn þátt í þessu athæfi, og engan kveðst hann hafa kannazt við, sem þátt áttu í aur- og grjótkastinu. Eftir að atkvæðagreiðslu var lokið á Alþingi, kveður ákærði lögregluþjóna og aðstoðarmenn þeirra hafa rutt mönnum frá Alþingishúsinu, notað kylfur við starf þetta, barið frá sér með þeim, og segist ákærði þá hafa orðið fyrir einu höggi á öxlina, þótt hann hefði engan mótlþróa sýnt, en mannfjöldann segir hann hafa sýnt lögreglu og hjálparliði hennar móttöðu. Er ákærði varð fyrir högginu, kveðst hann hafa orðið svo ofsareiður, að hann muni ekki hverju fram fór, hann hafi í bræði sinni ráðizt að lögregluþjóni þeim, sem barði hann með kylfunni, og slegið hann einhvers staðar í andlitið, en í þeim svifum hafi einhver annar lögregluþjón slegið hann (ákærða) í vinstra læri. Kveður ákærði nú einhvern mann, sem hann eigi þekkir, hafa rétt sér spýtu, og hann hafi reynt að berja lögregluþjónana með henni, þótt hann viti eigi, hvort sér hafi tekizt það. Þá kveðst hann ekki minnast þess að hafa tekið í kylfu nokkurs lögregluþjóns og segist ekki hafa ætlað að svipta lögregluþjón kylfu.

Vitnið Guðbrandur Ágúst Þorkelsson lögregluþjón, sem einkennisklæddur var á verði við Alþingishúsið þenna dag, skýrir svo frá, að skömmu áður en lögregluþjónar og hjálparmenn þeirra ruddu fólki frá Alþingishúsinu sökum óspektanna, hafi ákærði Alfons slegið sig á hægri vanga, án þess það sakaði, auk þess sem hann hafi reynt árangurslaust að taka kylfu vitnisins, enda hafi það þá slegið hann niður með kylfunni og hann að því búnu tekið til fótanna. Síðar kveður það ákærða hafa gert tilraun til að kasta í það hraunhellu, en því tekizt að víkja sér undan. Nokkru síðar segist það hafa séð hann með barefli reyna að slá til lögregluþjóns án þess að hæfa, eftir því sem vitnið gat séð, en þá hafi það komið á hann höggi, svo að hann féll við og lá nokkra stund, en síðar hafi hann svo skreiðzt burtu. Eftir þetta hafi táragegssprengjum verið beitt, að því er það minnir.

EKKI kveðst vitnið minnast þess að hafa barið ákærða, áður en hann barði það, enda getur það ekki fullyrt, að högg hafi lent á honum fyrr, en ákærði segir vitnið hafa staðið fyrir aftan sig, eftir að hann var barinn í öxlina, og þá hafi hann í bræði sinni ráðizt á það og barið það.

Vitnið kveður ákærða eða einhvern annan hafa tekið í kylfu þess, því að mikill slinkur hafi komið á hana, en ákærði hefur aftur á móti borið það, að verið geti, að hann hafi ýtt við kylfunni með vinstri hendi, um

leið og hann sló með þeirri hægri. Þá kveðst vitnið munu hafa verið með gasgrímu, er það barði ákærða við stytta Jóns Sigurðssonar, og segir hann þetta vel geta verið, enda hafi hann ekki séð þann, sem barði, þar eð hann bar hendur fyrir höfuð sér.

Vitnið Sigurbjörn Eiríksson lögregluþjónn, sem einnig var einkennis-klætt á verði við Alþingishúsið hinn 30. marz 1949, skýrir svo frá, að þegar þeir lögregluþjónarnir ruddu fólkinu frá Alþingishúsinu hafi margir orðið æfareiðir og þá hafi það séð ákærða, sem hafi æpt mjög, kasta grjóti í áttina að þinghúsinu, en þessu hefur ákærði mjög eindregið neitað, enda hafi hann ekki kastað öðru en hraunhellu að Guðbrandi Ágústi. Enn fremur kveðst vitnið hafa séð ákærða slá til lögregluþjóns og kasta að honum steinhellu, sem þó hæfði ekki. Virtist því lögregluþjónn þessi vera Guðbrandur Ágúst, þótt erfitt hefði verið að þekkja hann, þar sem þeir lögregluþjónarnir voru með gasgrímur, enda hafði tárageggsprengjum verið beitt.

Samkvæmt framansögðu þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og 1. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Páll Theódórsson.

Miðvikudaginn 30. marz 1949 var vitnið Sigurjón Jónsson járnsmiður, Hverfisgötu 42, statt við Alþingishúsið. Kveðst það þá hafa veitt athygli hóp manna, sem tekið hafði sér stöðu í miðju Kirkjustræti vestan til við aðaldyr Alþingishússins, og virtist vitninu hópur þessi vera undir forystu ákærða Magnúsar Jóels Jóhannssonar, eins og lýst er í forsendum þeim, sem hann varða sérstaklega. Í hópi þessum kveðst það hafa séð ákærða Pál Theódórsson verkfræðistudent, Sjafnargötu 11, kasta tveimur eggjum í áttina að Alþingishúsinu.

Ákærði skýrir svo frá málavöxtum, að hann hafi margnefndan miðvikudag komið að Alþingishúsinu klukkan 1.30 e. h. og dvalizt þar, þar til mannfjöldanum var dreift með táragegi. Nokkru eftir að ákærði kom þarna, kveður hann menn hafa farið að hrópa „Þjóðaratkvæði“, „við krefjumst þjóðaratkvæðis“, og segist hann hafa tekið þátt í hrópum þessum. Hann kveðst hafa farið einn niður að Alþingishúsi, gengið um meðal manna bæði á Austurvelli og í Kirkjustræti og þá hitt þar nokkra kunningja sína, meðal þeirra Guðmund Helgason iðnnema, Laufásvegi 77, sem hafi gefið honum tvö egg, er hann hafði keypt í verzlun Silla & Valda. Eggjum þessum kveðst ákærði svo hafa kastað í áttina að Alþingishúsinu, en nefndur Guðmundur hefur viðurkennt að hafa keypt egg í greindri verzlun.

Með eggjakasti þessu þykir ákærði Páll, eins og á stóð, hafa haft í frammi móðgun í athöfn við Alþingi og þannig gerzt brotlegur við 108. gr. hegningarlaganna per analogiam og 1. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar

Reykjavíkur. Þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði Garðar Óla Halldórsson.

Hinn 1. júní 1949 kom vitnið Jón Magnús Guðmundsson, bústjóri að Reykjum í Mosfellssveit, fyrir lögreglurétt Reykjavíkur og bar, að það hefði hinn 30. marz s. á. verið statt á Austurvelli og þar í grennd á tíma-bílinu milli klukkan 2 og 3 e. h. Ekki kveður vitnið miklar óeirðir hafa verið fyrir framan Alþingishúsið, þó hafi menn hrópað „þjóðaratkvæði“ o. fl., en fyrir framan þinghúsið við gangstéttina að stíg þeim, sem liggur að stytta Jóns Sigurðssonar, segir það hóp manna hafa staðið, sem köstuðu grjóti og öðru í áttina að Alþingishúsinu. Kveðst vitnið hafa borið kennsl á einn þessara manna, ákærða Garðar Óla Halldórsson, og segir sér hafa sýnzt hann kasta einhverju í áttina að Alþingishúsinu allt að þremur sinnum, en hvað það var, sem kastað var, eða hvar það lenti, veit vitnið ekki, enda stóð það alllangt frá þeim, sem kastaði, og hefur það af þeim sökum ekki getað fullyrt, að það hafi verið ákærði, sem þetta aðhafðist.

Ákærði hefur eindregið neitað því að hafa kastað nokkru í áttina að Alþingishúsinu, hvorki grjóti né öðru. Hann skýrir svo frá málavöxtum, að þenna dag hafi hann komið niður að Alþingishúsi um klukkan 2 e. h. ásamt tveimur kunningjum sínum, Eggerti Ólafssyni guðfræðistudent, Skólavörðustíg 20 A, og Gunnari Tryggvasyni verkamanni, Lokastíg 6, en þessu hefur Gunnar neitað, heldur hafi hann verið með ákærða kvöldið áður, og því sé þetta misminni ákærða, enda kveðst Gunnar eigi hafa komið að Alþingishúsinu 30. marz 1949, þar eð hann hafi allan þenna dag verið að vinnu sinni við skurðgröft á Sölvhólsgötu. Aftur á móti segir Gunnar Ástmund Guðbjörnsson sjómann, Skúlagötu 52, hafa verið með þeim ákærða og Eggert þenna dag. Ákærði kveðst hafa tekið sér stöðu innan um fólksfjöldann á nyrðri gangstétt Kirkjustrætis vestan megin við dyr þinghússins, en fólk, sem þar var, hafi verið með hróp og köll, svo sem „þjóðaratkvæði“ og annað svipað, en hann hafi ekki tekið þátt í þessum köllum. Einnig kveður ákærði menn, sem þarna voru, hafa kastað grjóti, hnausum og eggjum í áttina að Alþingishúsinu. Nafngreindi ákærði einn mann, sem hann kvaðst hafa séð kasta grjóti eða moldarhnausum að Alþingishúsinu, en þessu hefur maðurinn mjög eindregið neitað, og hefur ekki verið unnt að afla frekari upplýsinga um þetta atriði. Klukkan að ganga 4 e. h. kveðst ákærði hafa farið frá Alþingishúsinu, enda mannfjöldanum þá verið dreift með táragasi. Þegar lögreglan ruddi fólksfjöldanum frá Alþingishúsinu, segir ákærði Guðbrand Þorkelsson lögregluþjón í ógáti hafa slegið sig allmikið högg með kyflu í vinstri öxl. Er ákærði, sem þekkir Guðbrand, spurði, hverju þetta sætti, kveður hann Guðbrand hafa neitað að hafa barið hann. Þessu segist ákærði hafa reiðzt, og er hann nokkru síðar fann stóllöpp hjá stytta Jóns Sigurðssonar, kveðst hann ekki hafa getað setið á sér, tekið hana upp og kastað henni í áttina til Guðbrands, en ekki hæft.

Ástmundur Guðbjörnsson, er áður grelnir, hefur skýrt svo frá, að hann hafi komið að Alþingishúsinu hinn 30. marz 1949 klukkan 1.30 til 2 e. h., en þar hafi verið fjöldi manns og margir teknir að hrópa og láta allófrilega. Hann kveðst í fyrstu hafa haldið sig hjá Dómkirkjunni, en gengið síðar vestur Kirkjustræti og staðnæmt þar nokkurn veginn fyrir framan Alþingishúsið, þar sem hann hitti Eggert Ólafsson og ákærða, sem hann kannast við og tók tall. Nokkru síðar kveðst hann hafa orðið þess var, að menn voru farnir að kasta grjóti, mold o. fl. í áttina að Alþingishúsinu, en ekki segist hann hafa þekkt neinn sérstakan, sem að óspektum þessum stóð. Þó kveður hann ákærða hafa látið illa og ófriðlega, og er tágasinu var beitt, hafi hann (þ. e. ákærði) verið í æstu skapi, hrópað og kallað og verið umsvifamikill, en hvorki segist hann hafa séð ákærða kasta grjóti né öðru og eigi heldur séð ákærða eiga í átökum við nokkurn mann.

Vitnið Eggert Ólafsson stud. theol., Skólavörðustíg 20 A, kveður menn hafa verið með hróp og köll, kastað moldarhnausum, eggjum og grjóti að Alþingishúsinu, en ekki sá það ákærða Garðar Óla vera þarna með nokkrar óspektir. Aftur á móti kveðst það í eitt skipti, er lögreglan ýtti mannfjöldanum frá þinghúsinu, hafa séð lögregluþjón, er kallaður er Brandur, slá ákærða Garðar Óla tvö högg í aðra öxlina, en hann ekkert aðhafzt, heldur eingöngu spurt, hvað þetta ætti að þýða. Þegar hjálparsveit lögreglunnar kom út úr Alþingishúsinu til að dreifa mannfjöldanum, kveðst það hafa misst af ákærða og ekki séð hann aftur, fyrr en tágasinu hafði verið beitt.

Eftir þeim málsatvikum, sem nú hafa verið rakin, þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 106. gr. sbr. 20. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og 1. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Samkvæmt 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði Ólafur Jensson.

Hinn 1. apríl 1949 mætti vitnið Björn Sigurbjörnsson stud. art., til heimilis að Fjölnisvegi 2 hér í bæ, fyrir rannsóknarlögreglunni og kvaðst hafa verið stadd við Austurvöll miðvikudaginn 30. marz 1949. Segist það í skýrslu þessari hafa séð margt manna taka þátt í að kasta grjóti, for, eggjum o. fl. að Alþingishúsinu og að fólki, sem framan við það stóð, en eingöngu hafa þekkt einn mann, sem þátt tók í óspektum þessum, ákærða Ólaf Jensson. Segist vitnið í skýrslu sinni fyrir rannsóknarlögreglunni hvað eftir annað hafa séð hann kasta grjóti og for að Alþingishúsinu og einnig á lögreglumenn, sem voru á verði fyrir framan það, en hvort rúður brotnuðu í þinghúsinu eða lögreglumenn urðu fyrir meiðslum af þessum sökum, getur það í skýrslu sinni eigi sagt um, enda hafi það eigi þekkt lögreglumenn þá, sem það sá, að ákærði kastaði í.

Ákærði skýrir svo frá málavöxtum, að þenna dag hafi hann verið staddur á fundinum við Miðbæjarbarnaskólann, en fundur þessi hafi eigi

staðið lengur yfir en 15 til 20 mínútur. Þegar fundinum var lokið, fór ákærði ásamt öðrum fundarmönnum að Alþingishúsinu og kveðst hafa gengið um meðal manna, en þó aðallega hafa haldið sig vestan til í mannfjöldanum, sem stóð í Kirkjustræti. Til að byrja með kveður hann engar óeirðir hafa verið, nema hvað menn hafi kallað „þjóðaratkvæði“, og segist hann hafa tekið þátt í hrópum þessum. Nokkru síðar kveður hann menn hafa tekið að kasta eggjum og torfusneplum að Alþingishúsinu og kveður einn kunningja sinn, Guðmund Helgason verkfræðistúdent, Laufásvegi 77, hafa tekið þátt í eggjakastinu, sbr. það, er greinir í kaflanum um þenna ákærða sérstaklega, en ekki kveðst ákærði hafa getað séð, að menn væru þarna í hópum undir forystu sérstakra manna. Hefur ákærði neitað því, að hafa tekið nokkurn þátt í grjót-, eggja- eða aurkasti að þinghúsinu og kveðst sízt hafa mælt því bót, enda talað um þetta athæfi við kunningja sinn Ásmund Anders Brekkan stud. med., Seljavegi 29, þegar þeir hittust við Alþingishúsið, en Ásmundur Anders hefur staðfest þenna framburð ákærða og segist ekki hafa séð hann vera með nokkrar óspektir.

Að því er ákærði bezt man, kveður hann lögregluþjóna í þrjú skipti hafa rutt mannfjöldanum frá dyrum Alþingishússins og í öll skiptin notað kylfur sínar við þetta, en í síðasta skiptið hafi verið kastað táragasprengjum, án þess að hann hafi áður heyrt aðvörðun gefna.

Vitnið Björn Sigurbjörnsson kveðst í réttarhaldi hinn 5. apríl 1949 dag þenna (30. marz 1949) hafa verið statt á svölum Sjálfstæðishússins við Austurvöll og tekið eftir því, að menn voru með hróp og köstuðu eggjum. Að atkvæðagreiðslu lokinni á Alþingi, segist það hafa farið út í Kirkjustræti og staðið við vestra horn Alþingishússins hjá Listamannaskálanum. Séð þá mann í bláum frakka með stúdentshúfu beygja sig og tælið víst, að hann hefði tekið upp grjót, og virzt hann kasta því, en vitnið taldi öruggt, að þetta hefði verið ákærði Ólafur, þar eð það vissi engan annan með stúdentshúfu á þessum stað, enda þótt það hefði eigi séð þetta greinilega, og fullyrðir það í réttarhaldi þessu, að þarna hafi ákærði verið að verki, kastað grjóti eða einhverju öðru.

Við sampröfun í sama réttarhaldi skýrir ákærði þannig frá, að eftir að fyrstu táragassprengjunni hafi verið varpað, hafi hann farið niður að tjörn til að væta vasaklút sinn, því næst gengið upp að Menntaskóla og síðan aftur niður að Alþingishúsi, en þá hafi enn táragassprengjum verið varpað, og er hann hafi verið að flýja undan lögregluþjóni, hafi sprengja sprungið fyrir framan hann. Hann hafi tekið hana upp og kastað henni aftur fyrir sig, en lögregluþjónn, sem næstur honum var, hefði verið með kylfu á lofti.

Vitnið Björn Sigurbjörnsson kveðst aftur á móti hafa séð ákærða kasta einhverju í áttina að Alþingishúsinu, áður en táragassprengjum var kastað, eða nánar tiltekið í síðasta skipti, sem lögregluþjónar ruddu fólki frá dyrum Alþingishússins, en því hafi virzt hann gera þetta í varnarskyni, og mjög ógreinilega séð, að ákærði beygði sig niður, tók eitthvað upp og kastaði því í áttina að Alþingishúsinu.

Vitnið Helgi Ingólfur Eysteinnsson verzlunarmaður, Reynimel 22, skýrir svo frá, að það hafi verið einn af meðlimum hjálparveitar lögreglunnar og haft aðsetur inni í Alþingishúsinu, þar til atkvæðagreiðslu var lokið og þingmenn ætluðu að hverfa á brott. Út úr Alþingishúsinu segist það svo ekki hafa farið, fyrr en á varaliðið var kallað, en er það var nýkomið út úr húsinu, hafi táragegssprengjum verið kastað og það heyrt, að menn voru áður aðvaraðir. Kveður það fólki hafa verið ýtt frá dyrum þinghússins, svo að autt svæði myndaðist fyrir framan aðaldyr þess, og þá hafi það séð, að ákærði Ólafur Jensson kastaði sér upp á bak einhvers varalögreglumanns og sló hann, en hvar höggið lenti, kveðst það eigi hafa séð. Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarlögreglunni kveðst það hafa séð, að það var stúdent, sem það þekkti í sjón, er þetta aðhafðist, en því hafi verið tjáð, að nafn hans hafi verið Ólafur Jensson, enda hafði það séð mynd, tekna fyrir framan Alþingishúsið þenna dag, þar sem það þekkti ákærða sem sama mann, er greinda háttsemi hafði í frammi.

Í réttarhaldi hinn 13. apríl 1949 skýrir ákærði svo frá, að er hann hafi verið að færa sig austur eftir Austurvelli, hafi hann hlaupið í flasið á tveimur varalögreglumönnum og vel geti verið, að hann hafi stjakað við þeim, enda hafi þeir verið með kylfur, en hann neitar því að hafa hlaupið upp á bak nokkrum varalögreglumanni og barið hann, en vitnið segist aftur á móti greinilega hafa séð, er ákærði aðhafðist verknað þenna, og hefur það unnið eið að framburði sínum.

Vitnið Haukur Clausen stud. med., Freyjugötu 49, sem var í varaliði lögreglunnar og tók þátt í lögregluaðgerðum, rétt áður en tárageginu var beitt, segir þá hafa verið mikla grjóthrið og hafi meðal annars verið kastað stórum hnullungum. Ekki kveðst þetta vitni hafa séð marga ráðast að lögreglunni, en þó einn og einn. Af þeim hefur það eigi getað nafngreint nema ákærða Ólaf, sem það kveðst hafa séð ráðast að lögreglunni og kasta grjóti.

Vitnið Ólafur Magnússon ljósmyndari, Sólvallagötu 13, sem statt var þarna við þinghúsið og tók mynd, rskj. nr. 18, lögð fram í rannsókn málsins 6. apríl 1949, þar sem ákærði sést aðgerðalaus og hinn rólegasti, kveðst hafa verið á gangstéttinni við Austurvöll sem næst innganginum í Listamannaskálann. Kveður það myndina tekna, þegar mesta grjóthriðin stóð yfir og lögreglan hafði hafið útrás frá þinghúsdyrnum, en það kveðst enga athygli hafa veitt mönnum þeim, sem á myndinni sjást, enda hafi það tekið mynd þessa sem yfirlitsmynd án nokkurs tillits til manna þessara og ekkert eftir þeim muna.

Af framansögðu er ljóst, að upplýsingar um atferli ákærða í óeirðunum eru af skornum skammti. Ósannað verður að teljast, að hann hafi kastað í þinghúsið, en nægilega þykir sannað, að hann hafi veitst að lögreglunni, þannig að refsingu varði samkvæmt 106. gr., 1. mgr., hegningarlaganna. Þá hefur hann og gerzt brotlegur við 1. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði Hálfván Bjarnason.

Kl. 17.50 umræddan dag, 30. marz, kom á lögreglustöðina maður að nafni Sigurjón Kristjánsson, til heimilis Ásvallagötu 63, og skýrði frá því, að hann hefði rétt áður verið staddur við Dómkirkjuna og séð þá mann ganga að reiðhjóli, sem stóð við austurgafli Alþingishússins, og henda því í glugga á húsinu. Síðan hafi hann farið inn í bifreiðina R. 5414, sem ekið hafi verið á brott.

Morguninn eftir, 31. marz, gaf ákærði Hálfván Bjarnason sig fram í skrifstofu rannsóknarlögrelunnar og játaði þar ótilkvaddur, að hann hefði daginn áður brotið rúðu á austurgafli Alþingishússins með því að henda reiðhjóli í gluggann. Lýsir ákærði atvikum svo, að hann hafi umræddan dag verið heima hjá sér þar til kl. að ganga sex síðdegis, en þá hafi hann náð í leigubifreið og ekið niður í bæ ásamt konu sinni og tveimur ungum dætrum þeirra. Hafi þau farið í forvitnisskyni til að sjá, hvað gengi á í miðbænum. Hafi þau látið bifreiðina nema staðar í Templarasundi og farið þar öll út og inn í mannþvöguna við Alþingishúsið og stanzað þar stutta sund, og síðan ætlað inn í bifreiðina aftur. Segir ákærði, að þá hafi gripið hann einhver fitonsandi og hafi hann gripið reiðhjól, sem stóð við austurgafli þinghússins, og hent í glugga á húsinu og brotið rúðu. Síðan kveðst ákærði hafa farið eftir konu sinni og dætrum inn í bifreiðina og þau ekið heim.

Ökumaður R. 5414, Bjarni Maríus Einarsson, kveðst hafa ekið skv. pöntun að Heiðvangi við Sogaveg og ekið þaðan með ákærða, konu hans og tvö börn niður í Templarasund og beðið þeirra þar ca. 5 mínútur. Kveðst hann ekki hafa fylgt með ferðum farþega sinna, meðan þeir voru fjarverandi, og hafa ekki orðið var við, að nein rúða væri brotin í Templarasundi.

Ákærði kveðst eigi geta gert sér grein fyrir því, hvað sér hafi gengið til að brjóta rúðuna.

Hann kveðst ekki hafa farið niður í miðbæ í því skyni að taka þátt í óspektum. Ekki kveðst hann hafa verið hvattur til óspekta á staðnum.

Ákærði kveðst hafa verið töluvert undir áhrifum áfengis.

Ákærði þykir með því að hafa í frammi háttsemi þá, er greint hefur verið, hafa haft í frammi móðgandi athöfn gagnvart Alþingi, og hefur hann þannig gerzt brotlegur við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 per analogiam.

Einnig þykir hann hafa gerzt brotlegur við 1. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Refsing ákærða þykir með tilliti til þess, að ákærði játaði brot sitt hreinskilnislega og ótilkvaddur, hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði.

Ákærði Jón Múli Arnason.

Bræðurnir Haukur Clausen stud. med. og Örn Clausen stud. juris, báðir til heimilis á Freyjugötu 49, voru í varaliði lögrelunnar þann 30. marz s.l. Gerðu þeir báðir útrás úr Alþingishúsinu ásamt öðrum varaliðsmönnum, eftir að þingfundi var lokið, til að reyna að dreifa mannfjöldanum,

sem fyrir utan þinghúsið hafði safnast. Komust þeir bræður í útrás þessari nokkuð út á Austurvöll. Báðir segja þeir grjóthrið mikla hafa mætt þeim varaliðsmönnum, og hafa þeir borið og ber saman um, að einn þeirra manna, sem grjóti vörpuðu að varaliðsmönnum í útrás þeirra, hafi verið ákærði Jón Múli Árnason. Kveðst Haukur hafa séð ákærða Jón Múla varpa einum steini í áttina að Erni bróður hans (Hauks), en telur þó ósennilegt, að steini þessum hafi beinlínis verið ætlað að hæfa Örn. Örn kveðst hafa séð ákærða Jón Múla sparka í hraunhellur meðfram gangstígum Austurvallar og losa þær þannig, en taka þær síðan og varpa að varaliðsmönnum lögreglunnar, en ekki kveðst hann hafa séð sendingar þessar hæfa neinn sérstakan mann. Þetta segist Örn hafa séð ákærða Jón Múla gera tvisvar sinnum, og hafi hann (ákærði) verið staddur á gangstígnum, sem liggur norður frá miðju Alþingishússins að stytta Jóns Sigurðssonar, um miðja vega milli hennar og þinghússins.

Framburði sína um hegðun ákærða Jóns Múla hafa þeir Haukur og Örn Clausen staðfest með eiði.

Guðni Halldórsson bifreiðarstjóri, Frakkastíg 15, var staddur við Alþingishúsið þann 30. marz s.l., þegar óspektirnar áttu sér þar stað, og sá hann þar ákærða Jón Múla. Segir Guðni sér hafa virzt ákærði Jón Múli eitt-hvað vera að flýta sér, en ekki hafi hann séð hann henda neinu grjóti, mold eða öðru slíku, meðan hann sá til hans, og kveðst Guðni ekki hafa orðið var við, að ákærði Jón Múli væri með nein sérstök ólæti yfirleitt.

Ákærði Jón Múli hefur frá upphafi staðfastlega neitað því, að hann hafi varpað grjóti að nokkrum manni í óspektunum, sem hér ræðir um, og kveðst hann ekki hafa snert á einum einasta steini í þessu skyni. Annars hefur ákærði Jón Múli skýrt þannig frá, að hann hafi komið að Alþingishúsinu um kl. 1.45 e. h. þann 30. marz s.l. Kveðst hann fyrst í stað hafa haldið sig í suðausturhorni Austurvallar, en síðan tekið að ganga um nágrenni þinghússins og m. a. komið að bakdyrum þess og staldrað þar við. Einnig kveðst hann minnst þess, að um það leyti sem alþingismenn gengu út úr þinghúsinu hafi hann verið staddur við Dómkirkjuna. Þegar varaliðsmenn gerðu útrás úr Alþingishúsinu, kveðst hann hafa verið staddur í suðausturhorni Austurvallar. Segir hann þá mann, sem bar spjald, sem á var letrað „þjóðaratkvæðagreiðsla“, hafa misst það, en hann (ákærði) hafi tekið það upp. Þetta spjald kveðst hann þó hafa misst, þegar hann var að forða sér undan táragsmækki lögreglunnar. Frá Alþingishúsinu kveðst ákærði Jón Múli hafa farið um kl. 3½. Hann kveðst hafa komið og farið einn síns liðs til og frá þinghúsinu.

Með framburðum framangreindra vitna er sannað, að þessi ákærði hefur gerzt brotlegur við 106. gr., 1. mgr., hegningarláganna og 1. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Sigurður Jónsson.

Við rannsókn málsins gáfu sig fram við rannsóknarlögregluna tveir menn, Sigurjón Einarsson nemandi, Smáragötu 1, 18 ára að aldri, og

Örn Guido Bernhöft nemandi, Garðastræti 44, 19 ára að aldri, og skýrðu frá því, að þeir hefðu séð ákærða Sigurð Jónsson taka þátt í óspektunum. Skýrði Sigurjón Einarsson svo frá, að hann hefði verið staddur í hópi félaga úr Heimdalli og fleiri manna, sem staðið hefðu á gangstéttinni framan við Alþingishúsið. Kveðst Sigurjón hafa séð ákærða, er lögreglan hafi verið að reka fólkið frá, og hafi hann fyrst snúið undan, en síðan snúizt gegn lögreglunni, og hafi hann beinlínis ráðizt að einum lögregluþjóninum. Á hvern hátt hann hafi beitt sér gegn lögregluþjóni þessum og hvað frekar hafi orðið úr viðskiptum þeirra, hefur Sigurjón ekki getað lýst. Skýrir hann svo frá, að hann hafi orðið fyrir grjótkasti og ekki getað fylgzt með því frekar.

Örn Guido Bernhöft kveðst einnig hafa verið staddur framan við þinghúsið og hafa séð ákærða í mannfjöldanum. Hafi hann verið hávaðasamur og æpt mikið, og segir Örn, að hann hafi augsýnilega verið að eggja til óspekta. Þó hefur Örn lýst yfir því, að hann hafi ekki heyrt orðaskil hjá ákærða. Ekki kveðst Örn hafa séð hann kasta grjóti né vera með vopn í höndum. Þá segir Örn, að er lögreglan hafi í síðara skiptið rekið mannfjöldann frá húsinu, hafi ákærði snúizt gegn lögreglunni, og hafi hann ekki getað betur séð en að ákærði slægi til eins lögregluþjóns með hnefanum. Ekki kveðst Örn hafa þekkt lögregluþjóninn. Örn kveðst ekki hafa getað fylgzt áfram með viðureigninni, þar eð grjótkast hafi verið mikið, og hann orðið að hlifa sér.

Þá hefur vitnið Þorkell Valdimarsson nemandi, Freyjugötu 46, 16 ára að aldri, borið það, að það hafi séð ákærða, er lögreglan hafi verið að ryðja fólkinu frá þinghúsinu. Hafi ákærði snúizt gegn lögregluþjóni og tekið kylfu af honum. Hafi lögregluþjónninn áður verið búinn að reiða kylfuna til höggs, en ekki verið búinn að slá ákærða, svo hann sæi. Kveðst Þorkell ekki hafa getað fylgzt með því lengur, hvað fram fór milli ákærða og lögregluþjónsins.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi komið niður á Austurvöll kl. 13.15, og kveðst hann hafa komið þangað, vegna þess að formenn þriggja þingflokka hafi verið búnir að hvetja borgara til að koma þangað. Kveðst ákærði síðan hafa hafzt þarna við, meðan fært var, eða þangað til lögreglan tók að gera kylfuárás og beita táragasi. Hann kveðst lengst af hafa haldið sig á gangstéttinni við Austurvöll eða á vellinum vestan við stíginn, sem liggur frá styttnni.

Ákærði segir, að þegar lögreglan tók að ráðast út frá þinghúsinu, hafi hann verið staddur á gangstéttinni andspænis þinghúsinu rétt vestanvert við dyrnar. Segir hann, að í síðara skiptið, sem lögreglan gerði árás, hafi hann snúið sér að lögregluþjónum nokkrum saman og spurt þá, hver meiningin væri. Hafi lögregluþjónarnir engu svarað og einn þeirra hafi rekið kylfu sína í upphandlegg ákærða, þó eigi svo fast, að ákærði meiddist af. Kveðst ákærði hafa komið sér strax burt, og neitar hann því algerlega, að hann hafi ráðizt að lögregluþjónunum með ofbeldi, enda hafi hann ekkert slíkt haft í huga, er hann snerist gegn lögregluþjónunum.

Ákærði kveðst heldur engar óspektir hafa haft í frammi að öðru leyti. Kveðst hann engu hafa kastað að þinghúsinu og ekki hafi hann hvatt til óspekta né hrópað illyrði. Hann kveðst hafa kallað upp „þjóðar- atkvæðagreiðsla“ ásamt öðru fólki og vera megi, að hann hafi sungið eitthvað með.

Svo sem að framan greinir, eru framburðir vitnanna um viðskipti ákærða við lögregluþjóninn eða lögregluþjónana fremur óljósir og ósam- hljóða. Sigurjón Einarsson kveður ákærða hafa „snúizt gegn“ lögreglu- þjónum, án þess að hann geti sagt um, hvort hann hafi beinlínis sýnt þeim ofbeldi eða veitt mótþróa. Örn Guido Bernhöft kveðst hafa séð ákærða slá lögregluþjón, en Þorkell Valdimarsson kveðst hafa séð hann taka kylfu af lögregluþjóni.

EKKI er upplýst, hvaða lögregluþjón eða lögregluþjóna sé um að ræða þarna. Að þessu athuguðu þykir gegn neitun ákærða ekki vera sönnun fengin um það, að ákærði hafi sýnt lögreglumönnum í starfi ofbeldi eða haft í frammi hótanir um ofbeldi. Eigi er heldur upplýst, að ákærði hafi í umrætt skipti haft í frammi refsiverða háttsemi að öðru leyti. Ber því að sýkna ákærða af ákæru ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærði Magnús Jól Jóhannsson.

Hinn 1. apríl 1949 kom vitnið Sigurjón Jónsson járnsmiður, Hverfisgötu 42, til rannsóknarlögreglunnar og skýrði frá því, að hann hefði séð og heyrt framferði ákærða Magnúsar Jóels Jóhannssonar við Alþingishúsið þann 30. marz s. á. Skýrir vitnið svo frá málavöxtum, að um klukkan eitt eftir hádegi margnefndan dag hafi það komið niður að Alþingishúsi með tveimur kunningjum sínum, en orðið viðskila við þá, enda fólk þá að streyma þarna að. Í fyrstu segir það engar óeirðir hafa verið við þinghúsið, nema hvað nokkrir viðstaddir hafi kallað „þjóðaratkvæða- greiðsla“. Eftir að útifundi við Miðbæjarbarnaskólann var lokið, hafi komið að Alþingishúsinu hópur manna, er því virtist vera undir forystu ákærða, en því hefur hann eindregið mótmælt. Hafi hópur þessi tekið sér stöðu í miðju Kirkjustræti vestan til við aðaldyr Alþingishússins, og ákærði verið áberandi meðal manna í hópi þessum, honum hafi verið lyft upp, svo að hann hefði betra útsýni, eða hann hafi vegið sig upp á öxlum nærstaddra manna, eins og ákærði hefur borið, að hann hafi í eitt skipti gert. Er vitnið sá mann nokkurn fara í vasa sinn og taka þaðan stein, sem maður þessi kastaði í glugga Alþingishússins, kveðst það hafa heyrt ákærða kalla upp yfir hópinn og segja mönnum að kasta ekki strax, og var áskorun þessari hlýtt í bili, en ákærði hefur neitað því að hafa viðhaft nokkur slík ummæli, enda hvorki hafa haft forystu eða verið undir forystu nokkurra manna í óeirðunum, heldur hafi hann einmitt hvatt menn til að vera rólega. Ekki kveðst vitnið hafa séð ákærða kasta nokkru í áttina að þinghúsinu, þótt það hafi séð hann milli manna, er slíkt aðhöfðust, og ekki segist það heldur hafa séð hann með barefli.

Þegar atkvæðagreiðslu í þinginu var lokið, kveðst vitnið hafa heyrt kallað upp í gjallarhorn, að þingmönnum Sósíalístaflokksins væri meinuð

útganga úr Alþingishúsinu og þeim haldið þar sem föngum, en þá hafi það heyrt ákærða ásamt fleiri nærstöddum hvetja menn til að ráðast inn í Alþingishúsið, enda hafi allmargir menn, sem á götunni stóðu, ruðzt fram, svo að autt svæði hafi myndast, en þá hafi lögregluþjónar með kylfum rutt hóp þessara manna til baka. Eftir þetta kveðst vitnið hafa farið út á Austurvöll, en grjótkastið aukizt að Alþingishúsinu, enda margir tekið sér stöðu á nyrðri gangstéttarbrún, en þar hafi þeir verið, sem aðallega köstuðu. Segir vitnið svo lögreglumenn hafa rutt hóp þessum frá, og litlu síðar hafi táragsi verið beitt.

Ákærði hefur neitað því að hafa heyrt kallað í gjallarhorn, að þingmönnum Sósíalístaflöksins væri haldið sem föngum í Alþingishúsinu, en aftur á móti hafi hann heyrt þetta manna á milli. Þá segir hann það rangt, að hann hafi hvatt menn til að ráðast inn í Alþingishúsið.

Ákærði skýrir annars svo frá málavöxtum, að laust fyrir klukkan 1 e. h. miðvikudaginn 30. marz 1949 hafi hann verið staddur við útifund, sem haldinn var við Miðbæjarbarnaskólann, en fund þenna hafi sótt allmargt manna og fundurinn staðið yfir í um 15 mínútur. Að fundinum loknum fór ákærði niður að Alþingishúsi ásamt þeim, sem á nefndum fundi voru. Kveðst ákærði hafa gengið á milli manna, en þó dvalizt lengst af á Austurvelli beint fram undan Alþingishúsinu. Hann kveðst hafa heyrt menn hrópa „krefjumst svars“ og annað þess háttar og séð kastað eggjum í áttina að Alþingishúsinu, en er lögreglan hafi síðar rutt mannfjöldanum frá Alþingishúsinu, hafi menn tekið að kasta steinvölum. Enginn hafi þó veitt lögreglunni mótspyrnu, en hún hafi engu að síður farið mjög harkalega að og slegið, hvað sem fyrir var, og rutt mannfjöldanum tvisvar sinnum frá dyrum Alþingishússins, áður en táragssprengrjum var beitt.

Vitnið Sveinn Zoëga forstjóri, Túngötu 45, skýrir svo frá, að það hafi komið niður að Alþingishúsi margnefndan miðvikudag, hinn 30. marz 1949, um kl. eitt e. h., en þar hafi þá verið saman komið talsvert margt manna og fleiri bætzt þar við. Nokkru eftir að vitnið var komið að Alþingishúsinu, segir það marga viðstadda hafa farið að kasta eggjum, grjóti og öðru að þinghúsinu, en það segist ekki hafa orðið vart við nokkurn, sem hafði fyrirskipanir í frammi, nema hvað það hafi tekið eftir ákærða, þar sem hann hafi verið allæstur, og heyrt hann segja „við skulum fara og sækja barefli“, en hvorki þekkti vitnið menn þá, sem ákærði sagði þetta við, né vissi, hvort barefli hefðu verið sótt, en eins og áður greinir, hefur ákærði eindregið neitað því að hafa viðhaft ummæli þessi. Ekki kveðst vitnið hafa séð ákærða kasta grjóti eða öðru að Alþingishúsinu.

Vitnið Brynjólfur Sigurður Brynjólfsson matreiðslunemi, Aðalstræti 18 hér í bæ, sem unnið hefur drengskaparheit að framburði sínum, eins og framangreind tvö vitni, er um getur í þessum kafla, skýrir svo frá, að það hafi komið að Alþingishúsinu miðvikudaginn 30. marz 1949 um klukkan 2 e. h. Þar hafi verið mikill mannfjöldi fyrir, menn hafi verið með hróp og köll, en til að byrja með hafi eigi verið hægt að segja, að

nokkrar óeirðir væru. Nokkru eftir að það kom að þinghúsinu, segir það menn hafa ruðzt fram gegn lögreglunni, sem það hafi orðið vart við, að ruddi fólki tvisvar sinnum frá Alþingishúsinu án þess að nota kylfur. Kveðst það hafa séð ákærða Magnús Jól í hópi þeirra manna, er verst létu, enda hafi svo virzt, sem hann væri fyrirliði hóps manna, sem hann hvatti mjög til óeirða, og hafi menn þessir hlýtt honum, kastað grjóti og fleiru að þinghúsinu. Þá kveðst það í eitt skipti hafa séð þá brjóta hraunhelli með barefli, en það segist aldrei hafa séð ákærða kasta nokkru þarna.

Þessum áburði vitnisins hefur ákærði eindregið neitað og segist sízt hafa hvatt menn til óspekta eða til að kasta grjóti eða öðru að Alþingishúsinu, og einnig neitar hann, sem fyrr greinir, að hafa verið forystumaður hóps manna til að ráðast inn í Alþingishúsið eða hvetja menn til að sækja barefli. Vitnið kveðst aftur á móti hafa heyrt ákærða hvetja menn til að sækja barefli og þeir skyldu hittast hjá stæði áætlanarbifreiðanna til Hafnarfjarðar. Kveðst vitnið hafa gengið niður að strætisvagnastæði þessu, séð framangreindan hóp, um þrjátíu menn, og flestir þeirra verið með barefli, er því virtist vera rimlar úr grindverki, en ákærða kveðst það eigi hafa séð þarna. Hóp nefndra manna segir það hafa gengið að Alþingishúsinu, tekið sér stöðu á Austurvelli beint fyrir framan aðaldyr þess, og þá hafi ákærði verið kominn í hópinn. Þar kveður vitnið hann hafa heilsað því, en það eigi tekið undir kveðjuna, og hann þá þrifið í það, sagt, að það væri landráðamaður og nazisti, en ákærða hafi verið kunnugt um, hverjar pólitískar skoðanir það hafði. Ákærði segist þó ekki vita um pólitískar skoðanir þess, þótt þeir séu sam-mála um að hafa rætt um stjórn-mál. Eigi segir það hann hafa slegið sig, en haft í hótunum við það og sagt, að það ætti að koma sér hurt, og eggjað félaga sína til að ráðast á það. Kveðst vitnið þá hafa þrifið í ákærða, sagt, að hann skyldi gæta sín, því að það vissi um nafn hans og mundi sækja hann til saka, en þá hafi ákærði sagt við félaga sína, að þeir hefðu landráðamann á meðal sín, sem þeir skyldu þó ekki misþyrma, og síðan hrint því aftur fyrir lögreglumenn.

Ákærði hefur aftur á móti neitað því að hafa gripið í vitnið og hvatt menn til að ráðast á það, en það segist hafa sett hendur aftur fyrir bak og boðið ákærða að slá sig, enda hafi það ekki haft í huga að slást. Einnig segir ákærði það rangt, að hann hafi sagt vitnið landráðamann, sem ekki skyldi misþyrma, eins og hann kveður framburð vitnisins rangan í öllum meginatriðum.

Áður en tárageassprengjum var kastað, kveðst vitnið hafa farið heim til sín.

Vitnið Guðmundur Jóhann Guðmundsson dyravörður, til heimilis að Ásvallagötu 65, skýrir svo frá, að það hafi hitt ákærða Magnús Jól klukkan rúmlega 1 e. h. margnefndan dag við Alþingishúsið, þar sem það dvaldist, þar til tárageasi var beitt. Kveðst það hafa verið allengi þarna með ákærða, eða um helming þess tíma, er það var þarna, en aldrei séð hann kasta nokkru eða taka þátt í óeirðum, enda verið allra manna

stilltastur, gengið manna á milli og skakkað leik, þar sem stimpingar voru, en einhverjir hefðu ráðizt að manni, sem ákærði þekkti.

Vitnið Gísli Sigurðsson, lögregluþjónn í Hafnarfirði, þar til heimilis að Hverfisgötu 38, kveðst hafa verið statt óeinkennisklætt við Alþingishúsið hér í bæ nefndan miðvikudag, enda eigi verið að skyldustörfum, og komið þarna að um klukkan 2 e. h. Þá hafi verið þarna saman kominn mikill mannfjöldi, en til að byrja með hafi engar óspektir verið, nema hvað kallað hafi verið „þjóðaratkvæði“ og sumir kastað eggjum. Litlu síðar segir vitnið, að menn hafi farið að kasta steinum að Alþingishúsinu frá Austurvelli, en hverjir þetta gerðu, veit það eigi. Skömmu eftir að það kom að þinghúsinu, kveðst það hafa hitt ákærða Magnús Jól einan síns liðs hjá Dómkirkjunni og átt við hann stutt viðtal einhvers efnis, en ekki séð hann vera með óspektir eða hvetja menn til óeirða. Um klukkan 4 nefndan dag segist vitnið hafa hitt hann hjá Óðinstorgi og eigi getað séð annað en hann væri rólegur og framkoma hans í alla staði eins og hann átti vanda til. Er það hafði orð á því, að hann væri grátandi, kveður það hann hafa sagt, að hann hefði verið niðri í miðbæ.

Vitnið Lárus Salómonsson lögregluþjónn, Kársnesbraut 36, kveðst ekki þekkja ákærða Magnús Jól, en hafa séð mynd af honum í dagblaðinu Þjóðviljanum og sig minni að hafa átt tal við hann fyrir framan þinghúsið, þótt það geti ekki fullyrt það.

Þá kveður vitnið hóp manna, sem verið hafi beint fyrir framan Alþingishúsið, hafa hrint manni að nafni Brynjólfur Brynjólfsson í áttina að lögregluþjónum, en frá hópi þessum hafi því virzt nokkuð af grjótkasti koma um tíma, og það því gengið inn í hópinn og beðið nokkra menn að sjá um, að grjótkastinu yrði hætt. Nokkrir hafi tekið vel í þetta, en jafnframt beðið vitnið að hafa áhrif á það, að þingmenn þeirra, eins og orðað hafi verið, yrðu látnir lausir úr þinghúsinu.

Af því, sem nú hefur verið rakið, þykir sannað, að ákærði hafi verið framarlega í hópi manna, sem þátt tóku í árásinni á þinghúsið, m. a. með grjótkasti. Hefur hann með því gerzt brotlegur við 100. gr. hegningarlaganna og 1. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, og þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi í 1 ár.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., sömu laga ber að svipta ákærða kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Ekki þykja efni standa til að láta gæzluvarðhald þessa ákærða frá 2.—5. apríl s.l. koma refsingunni til frádráttar.

Ákærði Hreggviður Stefánsson.

Vitnin Lárus Axel Helgason og Jón Ebenezersson Halldórsson rannsóknarlögregluþjónar, sem staddir voru í mannþrönginni framan við Alþingishúsið á umræddum tíma, hafa borið það, að þeir hafi séð ákærða Hreggvið Stefánsson kasta eggjum að þinghúsinu. Lárus Axel ber það og, að hann hafi einnig séð ákærða útbýta eggjum til annarra pílta. Ákærði

hefur algerlega neitað því, að hann hafi kastað nokkru eggjum þarna. Hann kveðst hafa komið niður að Alþingishúsi, eftir að útifundinum við Miðbæjarskólann lauk. Kveðst hann hafa hafzt þar við nokkuð fram eftir. Hann neitar því algerlega, að hann hafi haft nokkrar óspektir í frammi. Hann kveðst hafa kallað „þjóðaratkvæði“, ásamt fleirum, sem þarna voru, en ekki hafi hann haft önnur hróp í frammi, að því er hann muni. Hann kveðst ekki hafa verið í fylgd með neinum sérstökum, en hitt ýmsa kunningja sína, þar á meðal ákærða Guðmund Helgason og Árna Pálsson.

Áðurnefnd vitni hafa bæði staðfest, að þau hafi séð ákærða kasta eggjum við þinghúsið. Hafa þau bæði staðfest framburð sinn með eiði.

Þykir því þrátt fyrir neitun ákærða verða að telja það sannað með samhljóða framburðum tveggja vitna, að ákærði hafi haft í frammi eggjakast á umræddum stað og tíma. Eins og á stóð, verður að telja, að ákærði hafi með atferli þessu sýnt Alþingi móðgun í athöfn, og hefur hann þannig gerzt brotlegur við 108. gr. almennra hegningarlaga per analogiam, svo og hefur ákærði brotið l. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði.

Ákærði Guðmundur Jónsson.

Ákærði Guðmundur Jónsson kom að eigin sögn niður á Austurvöll umræddan dag, er hann hafði lokið vinnu kl. 17. Var hann þar síðan á ferli um stund, en margt manna var þá á vellinum. Meðal annars voru á gangstígnum að styttunni nokkrir menn með grjót, sem þeir vörpuðu að þinghúsinu. Ákærði hefur játað, að hann hafi varpað einum steini að þinghúsinu, og kveður ákærði steininn hafa lent í veggnum. Segir ákærði, að einn manna þeirra, er verið hafi að kasta grjóti, hafi fengið sér stein í hönd og hvatt sig til að kasta honum. Ákærði segir, að sér hafi ekki gengið til verksins annað en prakkaraskapur. Ákærði kveður fólk hafa verið framan við húsið, er hann kastaði steininum.

Lögregluþjónn, er séð hafði til ákærða úr gluggum Alþingishússins, fór ásamt öðrum lögregluþjóni og handtók ákærða, og var hann síðan settur í varðhald á lögglustöðinni.

Með framangreindu atferli þykir ákærði hafa haft í frammi móðgandi háttsemi gagnvart Alþingi, er varði analogice við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Einnig þykir háttsemi ákærða vera brot gegn l. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Ákærði Kristófer Sturluson.

Á mynd þeirri, er birtist í Morgunblaðinu 1. apríl og áður er um getið, sést maður standa á Austurvelli á gangstígnum frá þinghúsdýrunum út að styttunni, og er maðurinn með reidda hægri hönd og heldur í henni á einhverju, sem líkist allstórum steini. Er maðurinn í greinilegum kaststellingum. Margt manna er í kringum hann, en nokkurt autt svæði fyrir framan hann, svo að hann sést allur á myndinni. Hann snýr and-

litinu að ljósmyndaranum. Rannsóknarlögreglan komst að því, að orðrómur væri um, að maður þessi væri ákærði Kristófer Sturluson. Þegar er ákærði var yfirheyrður um málavexti, neitaði hann því, að hann væri umræddur maður, og við þá neitun hefur ákærði staðið jafnan síðan. Að áliti réttarins er umrædd mynd ekki svo greinileg, að hægt sé að slá því föstu, hvort þar sé um ákærða að ræða eða ekki. Ekkert verður að vísu séð við umræddan mann á myndinni, sem útilokar, að þar geti verið um ákærða að ræða, heldur bendir margt til, að svo sé. Hins vegar er myndin eigi nægilega skýr, til þess að um þetta verði sagt með vissu.

Maðurinn á myndinni er með dökkan hatt á höfði, í dökkleitum fötum, jakkinn tvíhneptur. Maðurinn er frakkalaus.

Ákærði kveðst hafa komið niður á Austurvöll umræddan dag um kl. 13.30 og hafzt þar við, þangað til táragsinu var beitt. Kveðst hann þá hafa farið burt, og hafi hann aldrei orðið fyrir táragasi. Hann kveðst engar óspektir hafa haft í frammi þarna. Um það, hvað hann hafi aðhafzt þarna, hefur ekki verið að fá miklar upplýsingar frá ákærða sjálfum. Tregðaðist hann mjög við að svara spurningum, sem fyrir hann voru lagðar við rannsókn málsins, og svaraði þeim oft alls ekki eða með útúrsnúningum einum. Hann kvaðst í fyrstu ekki geta nafngreint neinn mann, sem hann hefði hitt þarna á staðnum, en síðan skýrði hann frá því, að hann hefði hitt þarna menn, sem hann þekkti, en ekki vildi hann nefna þá. Ákærði skýrði í fyrstu svo frá, að hann hefði verið svo klæddur, að hann hefði verið í blágráum fötum með teinum, með tvíhneptum jakka, og verið í svörtum frakka berhöfðaður. Húsleit var gerð á heimili ákærða, og fannst þar svartur hattur og bláröndótt föt. Kveður ákærði þetta vera föt þau, er hann hafi verið í umræddan dag, en hattinn kveðst hann ekki eiga. Benti hann á, að mágur hans, Eyjólfur Halldórsson, sem býr í sama húsi og ákærði, mundi eiga hattinn, en í ljós kom, að svo var ekki. Hefur ekki tekizt að upplýsa, hver eigi hatt þenna, þar eð bæði ákærði og kona hans bera á móti því, að ákærði noti nokkurn tíma slíkan hatt. Kona ákærða, Anna Halldórsdóttir, og áðurnefndur Eyjólfur, bróðir hennar, telja sig hvorugt geta gefið upplýsingar um, hvornig ákærði hafi verið klæddur umræddan dag, þ. e. hvort hann hafi verið í frakka eða með hatt, en Anna kveður ákærða engan hatt eiga. Anna skýrði frá því, fyrst er hún kom fyrir dóm sem vitni, að hattur sá, sem fannst við húsleitina, væri eign bróður hennar, Páls Halldórssonar, Ingólfsstræti 6, og hefði Páll gleymt hattinum heima hjá henni. Við rannsókn kom í ljós, að Páll var ekki eigandi hattsins. Hefur Anna síðan enga skýringu getað gefið á því, hver eigi hattinn, nema hvað líklegt sé, að einhver gestkomandi maður hafi gleymt honum heima hjá henni. Ákærði hefur á síðara stigi rannsóknarinnar engin svör fengizt til að gefa um það, hvornig hann hafi verið klæddur umræddan dag, né um það, hver átt geti hatt þann, er fannst heima hjá honum.

Eitt vitni hefur borið, að það hafi séð ákærða á Austurvelli umræddan dag. Er það Bergþór Sigurðsson verkamaður, Barmahlíð 31. Hann

kveðst hafa verið staddur á Austurvelli í ca. 15—20 mínútur um kl. 15. Um þær mundir hafi ekki verið um miklar óspektir að ræða þarna, aðallega skítkast að Alþingishúsinu, en grjótkast kveðst Bergþór ekki hafa orðið var við. Kveðst Bergþór hafa séð ákærða í hópi stráka, sem hafi verið með einhver ólæti skammt framan við styttuna á vellinum. Engan þekkti Bergþór þeirra, er voru þarna með ákærða. Bergþór segir, að sig hálfminni, að hann sæi ákærða kasta einhverju, en kveðst ekki geta fullyrt það. Kveðst Bergþór hafa heilsað ákærða, en ekki talað við hann annars. Klæðnaði ákærða lýsir Bergþór svo, að hann hafi verið frakkalaus í dökkleitum jakka röndóttum, og hann kveðst vera hér um bil viss um, að hann hafi verið með svartan hatt.

Ekki hefur náðst til fleiri vitna, er séð hafi ákærða á Austurvelli umræddan dag.

Allmiklar líkur eru til, að ákærði sé maður sá á myndinni, er áður getur. Líkist maður þessi ákærða töluvert, og miklar líkur eru til, að ákærði hafi verið klæddur eins og maður þessi. Gegn neitun ákærða sjálfs brestur þó sannanir fyrir því, að svo sé. Beinar upplýsingar um háttsemi ákærða á Austurvelli umræddan dag eru eigi fyrir hendi, nema framburður eins vitnis, sem hefur eigi viljað fullyrða, að það hafi séð ákærða taka þar þátt í óspektum. Samkvæmt framangreindu ber því að sýkna ákærða af ákærinni í máli þessu.

Niðurlag.

Samkvæmt framansögðu ber að greiða úr ríkissjóði málsvarnarlaun þeirra ákærðu, sem sýknaðir eru, þannig: Hdl. Áka Jakobssyni kr. 500.00 alls vegna ákærðu Stefáns Odds Magnússonar, Guðmundar Björgvins Vigfússonar og Kristófers Sturlusonar.

Hrl. Hermanni Jónassyni kr. 300.00 vegna ákærða Sigurðar Jónssonar.

Hinir sakfelldu ákærðu greiði hver um sig málsvarnarlaun skipuðum verjendum sínum þannig:

Ákærði Stefán Ögmundsson hdl. Áka Jakobssyni kr. 600.00.

Ákærðu Stefán Sigurgeirsson, Stefnir Ólafsson, Jón Kristinn Steinsson, Garðar Óli Halldórsson, Ólafur Jensson, Hálfdán Bjarnason, Jón Múli Árnason og Magnús Jóel Jóhannsson hdl. Áka Jakobssyni kr. 200.00 hver.

Ákærði Magnús Hákonarson hrl. Hermanni Jónassyni kr. 400.00.

Ákærðu Friðrik Anton Högnason og Guðmundur Helgason hrl. Sveinbirni Jónssyni kr. 300.00 hvor.

Ákærðu Gísli Rafn Ísleifsson og Hreggviður Stefánsson hrl. Ragnari Ólafssyni kr. 300.00 hvor.

Ákærði Árni Pálsson hrl. Sigurði Ólasyni kr. 400.00.

Ákærði Alfons Guðmundsson hrl. Ragnari Jónssyni kr. 400.00.

Ákærði Páll Theódórsson hrl. Einari B. Guðmundssyni kr. 400.00.

Ákærði Guðmundur Jónsson hrl. Sigurgeir Sigurjónssyni kr. 400.00.

Allan annan sakarkostnað greiði hinir sakfelldu ákærðu in solidum.

Sá dráttur, sem orðinn er á uppsögn dóms þessa, stafar af stærð málsins og önnur við embættið.

Dómsorð:

Ákærðu Stefán Oddur Magnússon, Guðmundur Björgvin Vigfússon, Sigurður Jónsson og Kristófer Sturluson skulu vera sýknir af ákærum í máli þessu.

Ákærði Stefán Ögmundsson sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærðu Stefán Sigurgeirsson, Stefnir Ólafsson og Magnús Jóel Jóhannsson sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákærðu Jón Kristinn Steinsson, Alfons Guðmundsson og Jón Múli Árnason sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærðu Magnús Hákonarson, Jóhann Pétursson, Kristján Guðmundsson, Garðar Óli Halldórsson og Guðmundur Jónsson sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærðu Friðrik Anton Högnason, Gísli Rafn Ísleifsson, Árni Pálsson, Guðmundur Helgason, Páll Theódórsson, Ólafur Jensson, Hálf-dán Bjarnason og Hreggviður Stefánsson sæti fangelsi í 3 mánuði.

Gæzluvarðhald ákærðu Stefáns Sigurgeirssonar, Stefnis Ólafssonar og Magnúsar Hákonarsonar komi refsingum þeirra til frádráttar.

Ákærðu Stefán Ögmundsson, Stefán Sigurgeirsson, Stefnir Ólafsson og Magnús Jóel Jóhannsson eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Úr rikissjóði greiðist málsvarnarlaun ákærðu Stefáns Odds Magnússonar, Guðmundar Björgvins Vigfússonar og Kristófers Sturlusonar hdl. Áka Jakobssyni, kr. 500.00 alls, og ákærða Sigurðar Jónssonar hrl. Hermanni Jónassyni, kr. 300.00.

Ákærði Stefán Ögmundsson greiði málsvarnarlaun sín, kr. 600.00, hdl. Áka Jakobssyni.

Ákærðu Stefán Sigurgeirsson, Stefnir Ólafsson, Jón Kristinn Steinsson, Garðar Óli Halldórsson, Ólafur Jensson, Hálf-dán Bjarnason, Jón Múli Árnason og Magnús Jóel Jóhannsson greiði hver málsvarnarlaun sín, kr. 200.00, hdl. Áka Jakobssyni.

Ákærði Magnús Hákonarson greiði málsvarnarlaun sín, kr. 400.00, hrl. Hermanni Jónassyni.

Ákærðu Friðrik Anton Högnason og Guðmundur Helgason greiði hvor málsvarnarlaun sín, kr. 300.00, hrl. Sveinbirni Jónssyni.

Ákærðu Gísli Rafn Ísleifsson og Hreggviður Stefánsson greiði hvor málsvarnarlaun sín, kr. 300.00, hrl. Ragnari Ólafssyni.

Ákærði Árni Pálsson greiði málsvarnarlaun sín, kr. 400.00, hrl. Sigurði Ólasyni.

Ákærði Alfons Guðmundsson greiði málsvarnarlaun sín, kr. 400.00, hrl. Ragnari Jónssyni.

Ákærði Páll Theódórsson greiði málsvarnarlaun sín, kr. 400.00, hrl. Einari B. Guðmundssyni.

Ákærði Guðmundur Jónsson greiði málsvarnarlaun sín, kr. 400.00, hrl. Sigurgeir Sigurjónssyni.

Allan annan málskostnað greiði hinir sakfelldu ákærðu in solidum.
Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. maí 1952.

Nr. 161/1951. **Ákærvaldið** (Theódór B. Líndal)
gegn

Einari Baldvin Olgeirssyni (Ragnar Ólafsson).

Meinyrði. Brot gegn 108. gr. laga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Baldur Möller, skipaður setudómari í málinu.

Með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að refsing ákærða ákveðst sekt, kr. 1500.00, og komi varðhald 12 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Það athugast, að sá, er fór með rannsókn út af upphlaupinu við Alþingishúsið 30. marz 1949, hefði ekki átt að bóka hin meiðandi ummæli ákærða um héraðsdómarann.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Baldvin Olgeirsson, greiði kr. 1500.00 sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 12 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda